GAMLA GENGIÐ STÓÐST VÆNTINGAR

Buena Vista Social Club stóð vel fyrir sínu á tónleikum í Vodafone-höllinni.



Sviptingar í Eyjum

Atvinnukylfingur er í fararbroddi í karlaflokki á Íslandsmótinu í golfi en sextán ára stúlka í kvennaflokki.

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. júlí 2008 — 202. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGAR…

HYLMT YFIR ÍSLENSKUM NJÓSNUM

Chay Lemoine hefur rannsakað leyniskjöl um Halldór Laxness.

HELGARVIÐTAL 20

FYLGIR Í DAG

Orkulega sjálfbær og endurvinnanleg

VEÐRIÐ Í DAG



BJART MEÐ KÖFLUM Í dag verða austan 5-13 m/s sunnan og suðvestan til, annars hægari. Hálf- eða léttskýjað víða um land. Hiti 14-22 stig, hlýjast til landsins norðaustan til.

VEÐUR 4

Nýir óseldir bílar fluttir aftur úr landi

35 prósenta samdráttur hefur verið í nýskráningu bíla eftir gengishrun í mars í samanburði við sama tíma í fyrra. Talið er að milli 400 og 500 nýir bílar sem komnir voru hingað til lands hafi verið sendir úr landi eða séu á leiðinni út.

VIÐSKIPTI „Það fara 44 nýir Land Cruiser 200-jeppar úr landi í næstu viku," segir Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi. Þeir eru seldir héðan til Toyota í Þýskalandi.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa á milli fjögur og fimm hundruð nýir bílar sem komnir voru hingað til lands verið sendir úr landi eða eru á leiðinni út.

Þetta er þó einungis um tíundipartur af nýjum bílum hjá umboðum hérlendis, en talið er að þeir séu nálægt fjórum til fimm þúsundum.

Úlfar segir að samdráttur hafi verið hraður og mun hraðari en nokkurn tíma hafi verið búist við. Hins vegar verði að taka tillit til þess að árin 2005 til 2007 hafi verið bestu söluár nýrra bíla hérlendis frá upphafi. „Þess verður að gæta þegar verið er að bera saman samdrátt á milli ára," segir hann.

Loftur Ágústsson, markaðsstjóri Ingvars Helgasonar ehf., segir að þeirra umboð hafi ýmist stöðvað eða endursent um 200 bíla. „Fjórðungur af þeim var kominn hingað til lands. Hinir bílarnir voru stoppaðir í höfnum og þeim beint annað," segir Loftur.

„Nú eru að fara frá okkur um fjörutíu bílar," segir Sverrir V. Hauksson, framkvæmdastjóri bílasviðs Heklu. Hann segir Heklu líka hafa náð að stoppa bíla sem voru á leið til landsins. „Við höfum gert töluvert meira af því en að senda bíla úr landi," segir hann og telur að meirihluti bílanna sé í dýrari kantinum.

Sverrir segist sjá teljandi mun á því hvaða bíla fólk sé að skoða núna. Aukinn áhugi sé á sparneytnari bílum en hins vegar hafi ekki orðið breyting á sölumynstri enn sem komið er. Hann segir langflesta þeirra sem taka lán, taka þau í erlendri mynt. Bílaumboðin virðast vera með þeim einu hérlendis sem enn hafa aðgengi að erlendu fjármagni.

- as

HEITASTI DAGUR SUMARSINS Gunnsteinn, Íris og Telma busluðu í sjónum við Löngulínu í Garðabæ og nutu þannig blíðviðrisins á höfuðborgarsvæðinu í gær. Hitastigið í Reykjavík fór yfir 22 gráður og var dagurinn sá hlýjasti í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hugmyndir iðnaðarráðherra:

Verkefni tekin af Landsvirkjun

STÓRIÐJA „Landsvirkjun hefur enga skoðun á þessum hugmyndum iðnaðarráðherra," segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, um hugmyndir Össurar Skarphéðinssonar um að bjóða út orkuvinnsluna á háhitasvæðunum á Norðausturlandi sem hann viðraði á bloggsíðu sinni í fyrradag.

FRIÐRIK SOPHUSSON

Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, segir að aðeins jarðeigendur geti boðið verkefnin út.

Össur nefnir fyrirtækin Enex og Geysi Green sem góða kosti til að taka við verkefninu. „Það hafa verið lagðir rúmlega fimm milljarðar til þessa verkefnis þó ekki sé búið að skrifa undir samninga, mér er það til efs að eitthvert einkafyrirtæki væri tilbúið til slíks," segir Hreinn Hjartarson, verkefnastjóri Þeistareykja ehf., sem vinna að verkefninu með Landsvirkjun.

- jse / sjá síðu 6

Þyrla sótti tvo slasaða menn:

Veltu jeppa í Norðurárdal

SLYS Tveir menn voru fluttir með þyrlu til Reykjavíkur eftir að jeppi valt við Fornahvamm efst í Norðurárdal laust eftir klukkan sjö í gærkvöld.

Mennirnir tveir slösuðust alvarlega að sögn læknis á slysadeild Landspítala í gærkvöld en líðan þeirra var stöðug þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Þrír pólskir karlmenn voru í bifreiðinni sem valt, að sögn lögreglu í Borgarnesi. Sá þriðji var fluttur með sjúkrabíl undir læknishendur á Heilsugæslustöðina í Borgarnesi.

Grunur leikur á að ökumaður hafi verið ölvaður undir stýri. - ht

Merrill Lynch-fjárfestingarbankinn spyr hvort stefni í þjóðnýtingu banka hér:

Aðgerða þörf ef ekki á illa að fara

EFNAHAGSMÁL „Óskhyggja og fögur orð stjórnvalda duga skammt í baráttunni við núverandi efnahagsaðstæður. Aðgerða er þörf ef ekki á illa að fara," segir Richard Thomas, greinandi Merrill Lynch-fjárfestingarbankans, um stöðu íslensku bankanna.

Í skýrslunni er því fleygt fram að Englandsbanki og Seðlabanki Bandaríkjanna hafi hlaupið undir bagga með þarlendum fjármálafyrirtækjum. Hann spyr hvort þessu sé öðruvísi farið hérlendis og það stefni hugsanlega í þjóðnýtingu bankanna eða gjaldþrot.

„Svona ummæli dæma sig sjálf," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og starfandi forsætisráðherra. Hún veltir fyrir sér hvort einhverjar annarlegar hvatir búi þar að baki.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir gott samstarf milli stjórnvalda og fjármálakerfisins og undrast þá gagnrýni sem sett er fram í skýrslunni. „Það er verið að vinna að því að styrkja stöðu fjármálakerfisins og lántakan er stærsti hlutinn í þeirri aðgerð," segir hann.

- bþa / sjá síðu 10

TUBORG 1011 2,25% MAX

NÆSTUM NÝIR BÍLAR
www.heklanotadirbilar.is
HEKLA
NOTAÐIR BÍLAR

OPIÐ
til 20
alla daga
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS

Stefán, notarðu verjur í markinu?

„Já, einhverjar, en flestar þeirra bíða yfirleitt betri tíma."

Stefán Logi Magnússon var hetja KR þegar hann varði vítaspyrnu í leik gegn Grindavík í bikarkeppni karla í knattspyrnu í fyrradag. Leikurinn endaði 3-2.

Hugo Chaves Venesúelaforseti og Jóhann Karl Spánarkonungur eftir orðaskak:

Sögulegar sættir forseta og konungs

SPÁNN, AP Hugo Chaves, forseti Venesúela, heimsótti Spán í gær. Ræddi hann meðal annars við Jóhann Karl Spánarkonung og Jose Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar.

Heimsókninni er meðal annars ætlað að bæta samskipti ríkjanna. Þau hafa verið stirð frá því að Jóhann Karl spurði Chaves „af hverju hann héldi ekki kjafti" á ráðstefnu í Chile í nóvember á síðasta ári.

Chaves hafði haft hátt á ráðstefnunni. Þegar hann kallaði Jose Maria Aznar, fyrrverandi forsætisráðherra Spánar, ítrekað „fasista" sagði konungurinn, sem

HUGO CHAVES OG JÓHANN KARL Þjóðarleiðtogarnir virðast hafa sæst eftir orðaskak á ráðstefnu í nóvember. NORDICPHOTOS/AFP

venjulega er hæverskur maður, honum að þegja.

Chaves brást ókvæða við, krafðist afsökunarbeiðni og hótaði að slíta stjórnmálatengslum við Spán.

Í gær var hins vegar annað á þjóðarleiðtogunum að sjá, þeir brostu og heilsuðust innilega. „Mig langaði til að faðma konunginn," sagði Chaves í gamni.

Chaves hefur síðustu daga ferðast um Evrópu og meðal annars heimsótt Rússland og Hvíta-Rússland. Hann hefur leitað eftir auknu hernaðarsamstarfi við Rússa. Herma fregnir að hann hafi lagt til að Rússar kæmu upp herstöð í Venesúela, en venesúelsk stjórnvöld neita því.

- gh

Torfusamtökin ályktа um LHÍ:

Húsaröðin fái að halda sér

SKIPULAGSMÁL Stjórn Torfusamtakanna harmar þá sorglegu stöðu sem upp er komin með áformum Listaháskóla Íslands um niðurrif sögulegrar húsaraðar við Laugaveg og segir að um „menningarsögulegt slys" sé að ræða.

Nýtt hús Listaháskóla Íslands mun rísa við svokallaðan Frakkastígsreit fyrir haustið 2011. Gert er ráð fyrir að húsin á Frakkastígsreitnum, utan eins, verði rifin. „Fram komin vinningstillaga í samkeppni endurspeglar í eðli sínu neikvæða afstöðu LHÍ til húsverndar," segir meðal annars í ályktun samtakanna. **- vsp**

NÁTTÚRUVERND Arnþór Gunnarsson telur að hægt sé að samræma náttúruvernd og ferðamennsku.

MYND/ERLA HULDA HALLDÓRSDÓTTIR

Aðstöðu ábótavant við Laka:

Getum verndað náttúruperlur

NÁTTÚRUVERND „Ónýtir vegir og ófullkomin hreinlætisaðstaða skapa ekki góða ímynd," segir Arnþór Gunnarsson, sagnfræðingur og mastersnemi í ferðamálafræðum, og vísar til reynslu sinnar í nýlegri ferð upp að Laka. Arnþór undirbýr lokaverkefni um samspil náttúruverndar og ferðamennsku í Vatnajökulsþjóðgarði. Hann telur að haga verði aðstæðum þannig við íslenskar náttúruperlur að þær þoli umferðina, annars felist eyðileggingarmáttur í ferðamennskunni.

- gun / sjá allt

Íslendingur enn ófundinn:

Leitin engan árangur borið

LEIT Leit að seglskútu Jakobs Fenger, 56 ára Íslendings, hefur enn engan árangur borið. Síðast heyrðist frá Jakobi 3. júní.

Skipulagðri leit bandarísku og kanadísku strandgæslunnar á svæðinu milli Nýfundnalands og Bermúda var hætt fyrir nokkru. Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni hefur gæslan beðið skip á svæðinu um að svipast um eftir skútunni og hafa nokkur eftirlitsflug verið farin síðan formlegri leit var hætt. - ovd

Skipulagsráð hafnar segir borgarstjórinn

Borgarstjóri segir skipulagsráð ekki samþykkja tillögu um byggingu listaháskóla í miðbæ Reykjavíkur í óbreyttri mynd. Tillagan taki ekki tillit til gamallar götumyndar. Kaupmönnum á Laugavegi líst vel á tillöguna. Vilja byggja strax.

SKIPULAGSMÁL „Mér finnst þetta falleg bygging," segir Lárus Guðmundsson, eigandi veitingastaðarins Rossopomodoro við Laugaveg, um tillögu +Arkitekta að nýbyggingu Listaháskóla Íslands sem kynnt var í síðustu viku. Til stendur að nýja skólabyggingin standi meðal annars við Laugaveg, gegnt veitingastað Lárusar.

Hann telur flesta verslunarmenn á svæðinu fylgjandi framkvæmdunum, „svo framarlega að þær gangi hratt og vel fyrir sig". Í sama streng tekur Hansína Jensdóttir gullsmiður. „Mér líst vel á að fá þetta hús og þessa starfsemi hérna á horn Laugavegs og Frakkastígs."

Í tillögunni er gert ráð fyrir að nokkur eldri hús við Laugaveginn verði fjarlægð. „Ég er ekkert yfir mig hrifin af þeim húsum og finnst hreinsun ef þau fara," segir Hansína.

„Í sjálfu sér er ágætt að fá skólann í hverfið, hann hefur bara góð áhrif á mannlífið," segir Logi Helgason, kaupmaður í Vínberinu við Laugaveg 43. „Mér finnst þessi tillaga flott og líst betur á götumyndina með skólanum heldur en hún er í dag." Tillagan gerir ráð fyrir að húsið sem hýsir Vínberið, verslun Loga, verði rifið. „Það er ekki gott fyrir okkur að þessi hús fari en það er betra fyrir Laugaveginn," segir Logi sem ætlar sér að flytja verslun sína annað á Laugaveginn.

„Það að mér lítist mjög illa á tillöguna og ég sé þannig að gefa í skyn að Listaháskólinn sé á einhvern hátt óvelkominn í miðborgina er hrein og bein rangtúlkun á

LISTAHÁSKÓLINN VIÐ LAUGAVEG Götumynd Laugavegs mun taka nokkrum breytingum ef tillaga +Arkitekta á nýbyggingu Samson Properties verður samþykkt.

LÁRUS GUÐMUNDSSON

mínum ummælum," segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri um frétt í hádegisfréttatíma Ríkisútvarpsins í gær.

Hann segir þó alveg ljóst að skipulagsráð borgarinnar muni ekki samþykkja framkomna tillögu í óbreyttri mynd þar sem hún lagi sig ekki að þeirri götumynd sem borgaryfirvöld vilji vernda.

Í yfirlýsingu sem aðstandendur samkeppni um nýbyggingu Listaháskóla Íslands sendu frá sér í gær segir að í samkeppninni hafi verið farið eftir ábendingum skipulagsyfirvalda í einu og öllu.

„Ég held að einhvers staðar í ferlinu hafi gleymst að taka tillit til þessara sjónarmiða borgaryfirvalda, að það beri að sýna gamalli götumynd Laugavegarins tillitssemi," segir Ólafur

Hann segir gömul hús á svæðinu ekki endilega þurfa að standa í óbreyttri mynd. „Heldur að þau nái fram þeirri stemningu og tíðaranda sem gamla byggðin við Laugaveg stendur fyrir." Hann vísar til gamalla timburhúsa skammt frá umræddum reit og segir þau illa þola ferkantaða glerbyggingu beint á móti sér.

Hann segir að götumyndin verði að vera í forgrunni og þarfir Listaháskólans þurfi að útfæra með það í huga. „Við ætlum okkur að sætta sjónarmið án þess að gefa nokkuð eftir með verndun götumyndarinnar."

olav@frettabladid.is

Leitað að manni í Esjunni:

Fannst látinn efst í fjallinu

LEIT Maðurinn sem leitað var að í Esjunni fannst látinn vestan til í Kistufelli efst í fjallinu á ellefta tímanum í gærmorgun.

Leit að manninum hafði staðið yfir frá hádegi á fimmtudag þegar tvær konur tilkynntu um nakinn mann sem sést hafði til í fjallinu. Þegar mest var leituðu hans 120 björgunarmenn ásamt átta hundum og tveimur þyrlum.

Maðurinn var 26 ára gamall Pólverji sem búið hafði á Íslandi í tæpt ár og starfaði hjá byggingafyrirtæki. Hann átti enga aðstandendur hér en samstarfsfólk ber honum vel söguna. Ekki er unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu. - ht

Elizabeth Fritzl fórnarlamb:

Rak móðurina af sjúkrahúsinu

AUSTURRÍKI Elizabeth Fritzl, sem í nærri aldarfjórðung var fangi föður síns í Austurríki, hefur rekið móður sína, Rosemarie, út af sjúkrahúsinu þar sem þær hafa búið ásamt börnum sínum.

JOSEF FRITZL

Elizabeth er reið móður sinni fyrir að hafa ekki staðið uppi í hárinu á föðurnum, Josef Fritzl, og trúir því ekki að hún hafi ekki vitað af prísundinni í kjallaranum.

Lögmaður fjölskyldunnar hefur staðfest að Rosemarie sé flutt af sjúkrahúsinu og búi nú hjá einu sex systkina sinna. Lögreglan telur þó enn að hún hafi ekkert vitað af níðingsverkum eiginmanns síns.

- gb

Ellilífeyrisþegi á Stokkseyri fær ekki lengur sendan heim heitan mat í hádeginu:

Telur illa farið með eldri íbúa

ÁRBORG „Mér finnst skömm að því að fara svona með okkur elsta fólkið," segir Helgi Thorvaldsson, 78 ára íbúi á Stokkseyri.

Helgi hefur til þessa fengið mat frá sjúkrahúsinu á Selfossi sendan heim á hverjum degi og verið ánægður með það fyrirkomulag. „Þetta er ljómandi matur sem hefur skilað sér vel," segir Helgi.

Nú hefur samningi sjúkrahússins við sveitarfélagið Árborg aftur á móti verið sagt upp og kaldur matur verður í staðinn sendur heim þrisvar í viku og aðra hverja helgi. Fólk verður sjálft að sjá um að hita upp matinn.

„Margir hafa enga aðstöðu til að hita matinn sjálfir," segir Helgi sem býr einn og telur illa farið með eldri íbúa sveitarfélagsins.

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri félagslegra úrræða í Árborg, segir að samstarf við Sláturfélag Suðurlands hafi verið tekið upp í kjölfar uppsagnar samningsins við sjúkrahúsið.

„Þetta er tilraunaverkefni sem við vonum að gangi vel," segir Guðlaug. „Fólkið getur fengið vel útilátinn kaldan mat fyrir hvern dag ársins þótt hann sé ekki keyrður út alla daga."

RÁÐHÚS ÁRBORGAR Ellilífeyrisþegar í Árborg fá ekki lengur sendan heim heitan mat á hverjum degi.

Í næstu viku verður fundað með ellilífeyrisþegum og öryrkjum sem hafa nýtt sér þjónustuna.

„Við munum fara yfir málefni hvers og eins þar sem við höfum heyrt af einstaklingum sem eru óöruggir vegna breytinganna," segir Guðlaug. **- ht**

ALLT AÐ
45%
AFSLÁTTUR AF
SKJÓL-GIRÐINGUM

28 x 95
179
kr/lm

Palla SPRENGJA

Pallaefni

24. 31. júlí

Gagnvarin fura
meðan birgðir endast

21 x 95 mm 621601-2	**139** kr/m	98 x 98mm 698601-2	**499** kr/m
28 x 95 mm 628601–2	**179** kr/m	48 x 123 mm 648701-2	**339** kr/m
48 x 98 mm 648601-2	**259** kr/m	48 x 198 mm 648901-2	**590** kr/m
48 x 148 mm 648801-2	**389** kr/m		

399 ~~999~~

Málband
Assist, 5 m
5006400

899 ~~999~~

Handsög
Bacho
5001640

899 ~~2.229~~

Hamar
Cosmos, 20 oz
5003075

25%
afsláttur af
ryðfríum tréskrúfum

Skjólveggir - Þetta er aðeins brot af úrvalinu!

11.590

180 x 180 sm
603400

4.990

180 x 90 sm
603415



4.590

90 x 120 sm
603200



11.700

180 x 180 sm
603150



1.390

93 x 80 sm
603295



2.890

180 x 80/95 sm
603300

30%
afsláttur af
öllum reiðhjólum
Evrópsk gæði!
Gildir 24.- 28. júlí

2 litir á tilboði, gullbrúnn og grænn

1.799

Pallaolía
Treolje, 3 ltr

Mest selda
pallaolía á Íslandi

6.699 ~~8.229~~

Viðarvörn
Gori 44+, 5 ltr,
hálfgengsæ
7042520-30

4 ára
ending

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

GENGIÐ 25.07.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	80,96	81,34
Sterlingspund	161,68	162,46
Evra	127,44	128,16
Dönsk króna	17,077	17,177
Norsk króna	15,755	15,847
Sænsk króna	13,465	13,543
Japanskt jen	0,7545	0,7589
SDR	131,85	132,63

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
163,6289
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Liðsmenn Saving Iceland mótmæltu heima hjá forstjóra Landsvirkjunar:

Vísuðu Friðriki úr eigin húsi

MÓTMÆLI Liðsmenn samtakanna Saving Iceland afhentu Friðriki Sophussyni, forstjóra Landsvirkjunar, bréf á heimili hans við Bjarkargötu snemma í gærmorgun. Í bréfinu var honum tilkynnt að hann þyrfti að yfirgefa húsið. Á lóðinni skyldi reisa virkjun. Bréfið frá samtökunum var skrifað í nafni Þorsteins Hilmarssonar, upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar.

Skömmu síðar fór fólkið í höfuðstöðvar Landsvirkjunar, hélt til í anddyrinu um stund, hafði hávaða og truflaði vinnu. Þaðan fóru þau síðdegis.

Miriam Rose, talsmaður hópsins, segir að með aðgerðunum hafi þau viljað mótmæla fyrirhuguðum virkjunum í Þjórsá og yfirgangi gagnvart bændum á svæðinu. Þeim hafi verið vel tekið í höfuðstöðvunum.

HOPP OG SKOPP Mótmælendurnir létu á köflum afar ófriðlega í anddyri höfuðstöðvanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lögreglan var kölluð til þegar hópurinn mætti í höfuðstöðvarnar en hvarf fljótlega frá án þess að aðhafast nokkuð. Miriam var ánægð með viðbrögð lögreglunnar. „Við erum þakklát fyrir samstarfsvilja þeirra," segir hún.

Þorsteinn tók ágætlega í aðgerðirnar. Þó sagði hann það lýsa þankagangi mótmælendanna vel að um leið og farið hefði verið með þau upp um hæð til fundar við Friðrik, hafi þau hringt brunabjöllu. Þau hefðu augljóslega ekki áhuga á að ræða málin. - sh

Menntaskóli Borgarfjarðar:

Kostnaður fram úr áætlunum

SKÓLAMÁL Kostnaður við byggingu nýs menntaskóla í Borgarfirði hefur farið langt fram úr áætlunum. Frá þessu var greint í Skessuhorni.

Byggingarnefnd lagði á dögunum fram framkvæmdaskýrslu sem sýnir að byggingakostnaður verði í heild einn milljarður og 43 milljónir. Eftir að bygging hófst árið 2006 var ákveðið að hafa kjallara undir húsinu og hækkaði þá kostnaður um 140 milljónir. Endurmetin kostnaðaráætlun frá í fyrra gerði ráð fyrir að kostnaður yrði 881 milljón. Kostnaður hefur því farið um 160 milljónir fram úr síðustu áætlun. - þeb

LEIÐTOGAR SPJALLA Dimitris Christofias og Mehmet Ali Talat. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grikkir og Tyrkir á Kýpur:

Kýpurviðræður hefjast í haust

KÝPUR, AP Leiðtogar Grikkja og Tyrkja á Kýpur hafa ákveðið að hefja viðræður um sameiningu 3. september næstkomandi.

Dimitris Christofias forseti, sem er grískur, og Mehmet Ali Talat, leiðtogi Kýpur-Tyrkja, tóku þessa ákvörðun í gær.

Friðarviðræður hafa legið niðri í fjögur ár, eða allt síðan Kýpur-Grikkir höfnuðu sameiningartillögu frá Sameinuðu þjóðunum, sem Kýpur-Tyrkir féllust þó á.

Kýpur hefur verið klofin í tvo hluta síðan 1974, þegar Tyrkir á norðurhluta eyjunnar sögðu skilið við gríska hlutann eftir að Grikkir höfðu reynt að knýja fram sameiningu við Grikkland. - gb

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Framlengir leyfið

Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, hefur óskað eftir framlengingu á leyfi frá störfum til 1. október 2008 vegna veikinda. Setning Rögnu Árnadóttur, skrifstofustjóra lagaskrifstofu ráðuneytisins, í embætti ráðuneytisstjóra hefur verið framlengd til þess tíma.

LEIÐRÉTTING

Í uppskrift að skúffuköku sem birtist í Allt-blaðinu í gær féllu niður tveir bollar af hveiti. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

McCain kemst varla að í fjölmiðlum

Vangaveltur um hugsanlegt varaforsetaefni Johns McCain hafa einna helst komið honum í fjölmiðla nú í vikunni. Ferðalög demókratans Baracks Obama um heiminn hafa náð allri athygli fjölmiðla og aðdáendur hans bíða í röðum.

BANDARÍKIN, AP Meðan Barack Obama hefur baðað sig í kastljósi fjölmiðla á ferðum sínum um heiminn nú í vikunni hefur keppinautur hans, John McCain, átt erfiðara með að vekja athygli á sér.

„Aðdáendur bíða Obama í röðum í París," sagði McCain í gær. „Og þá er ég bara að tala um bandaríska fjölmiðlamenn," bætti hann við, greinilega vel meðvitaður um erfiðleika sína við að vekja athygli fjölmiðla.

Ýmislegt hefur auk þess farið úrskeiðis hjá McCain. Á miðvikudag hugðist hann halda mikla ræðu á olíuborpalli en varð að hætta við vegna veðurs.

McCain hefur þó ferðast víða um Bandaríkin síðustu daga, haldið ræður og gefið í skyn að stutt sé í að hann velji sér varaforsetaefni fyrir kosningarnar, sem haldnar verða í nóvember.

Bandaríska dagblaðið Washington Post fullyrti í gær að McCain ætli að tilkynna um val sitt á varaforsetaefni áður en Ólympíuleikarnir í Kína hefjast, en það verður 8. ágúst næstkomandi.

Á sjónvarpsstöðinni CNN var hins vegar haft eftir nánum samstarfsmanni McCains, ónefndum þó, að ekkert hafi verið ákveðið, hvorki um varaforsetaefnið né tímasetningu tilkynningar um það hver verði fyrir valinu.

Meðal þeirra sem taldir hafa verið líklegir er Rob Portman, fyrrverandi þingmaður frá Ohio, sem um tíma starfaði fyrir ríkisstjórn George W. Bush. Í síðasta mánuði sagðist hann þó ekki hafa áhuga á varaforsetaembættinu.



HLÁTURMILDUR Á FUNDI Í OHIO Bandarískir fjölmiðlar telja sumir stutt í að John McCain skýri frá vali sínu á varaforsetaefni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nú í vikunni sagði síðan annar, sem nú í sumar hefur þótt líklegur í slaginn, hinn ungi ríkisstjóri í Louisiana, Bob Jindal, útilokað að hann sætti sig við hlutverk varaforseta. Hann tók þó fram að hann ætli sér að hjálpa McCain sem ríkisstjóri í Louisiana.

Tveir aðrir ríkisstjórar hafa lengi þótt líklegir til að verða fyrir valinu. Annar er Mitt Romney, sem hefur stutt McCain af alefli síðan hann sjálfur hætti að sækjast eftir að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins, en hinn er Charlie Christ, ríkisstjóri í Flórída og náinn vinur McCains.

gudsteinn@frettabladid.is

News of the World dæmt:

Mosley bætt kynlífsfrásögn

MAX MOSLEY

BRETLAND, AP **Breskur dómstóll dæmdi í gær dagblaðið News of the World til að greiða Max Mosley, forseta Alþjóðabifreiðasambandsins, sem sér um Formúlu 1 keppnina, tæpar tíu milljónir króna í skaðabætur og rúmlega hundrað og fimmtíu milljóna króna lögfræðikostnað.**

Blaðið birti frásagnir og myndir af „sadó-masókískum" kynlífsathöfnum Mosleys með fimm vændiskonum.

Dómarinn taldi frásögnina ekki eiga erindi til almennings og brjóta á friðhelgi einkalífs Mosleys. - gh

Ísraelsk stjórnvöld:

Heimila nýja landtökubyggð

ÍSRAEL, AP Skipulagsnefnd í Ísrael hefur samþykkt að reist verði ný byggð handa landtökumönnum á Vesturbakkanum. Enn þarf þó samþykki frá Ehud Barak varnarmálaráðherra og endanlega staðfestingu frá Ehud Olmert forsætisráðherra.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagðist hafa áhyggjur af málinu.

„Þetta eyðileggur tveggja ríkja lausnina," sagði Saeb Erekat, aðalsamningafulltrúi Palestínumanna, í viðræðum við Ísraela um friðsamlega lausn á sambúð Ísraela og Palestínumanna.

„Ég vona að Bandaríkjamenn láti Ísraela ógilda þessa ákvörðun. Ég held að þeir geti látið Ísraela gera það," sagði Erekat. - gb

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

HITI 25 STIG
Í gær fór hitinn í 25 stig á Þingvöllum og víða í 24 stig, þar á meðal í Reykjavík. Sé horft til næstu daga eru horfur á að framhald verði á þessum hlýindum, einkum þó til landsins á norðanverðu landinu en einnig er að sjá að hitinn nái upp undir 20 stig sunnan til og vestan.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	25°
Billund	27°
Ósló	30°
Stokkhólmur	26°
Gautaborg	26°
Helsinki	26°
Eindhofen	29°
Amsterdam	29°
London	26°
Berlín	31°
Frankfurt	28°
Friedrichshafen	25°
París	28°
Basel	26°
Barcelona	28°
Alicante	32°
Algarve	28°
Tenerife	21°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ENNEMM / SÍA / NM34762

OPIÐ Í DAG
11-18

ÚTSÖLULOK

GÖTUMARKAÐSSTEMNING!
ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

KJÖRKASSINN

Finnst þér að Sigurður G. Guðjónsson ætti að mega verja Jón Ólafsson?

Já	53%
Nei	47%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt að slá Bitruvirkjun af?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Ragnar Davíð Bjarnason dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir fíkniefnabrot:

Síbrotamaður aftur í fangelsi

DÓMSMÁL Hálfþrítugur maður, Ragnar Davíð Bjarnason, hefur verið dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir fíkniefna- og umferðarlagabrot. Ragnar var tekinn með um 52 grömm af amfetamíni í október í fyrra og í annað sinn með tæp fjórtán grömm af kókaíni innanklæða þegar hann var vistaður í fangaklefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í júní.

Ragnar hefur ratað í fjölmiðla tvívegis að undanförnu. Í fyrra skiptið þegar hann var stunginn sjö sinnum af starfsmanni í söluturni í Kaupmannahöfn. Árásarmaðurinn var þá ekki úrskurðaður í gæsluvarðhald, þar sem lögregla taldi ljóst að Ragnar hefði ögrað honum með ítrekuðu kynþáttaníði.

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Ragnar hefur ítrekað komist í kast við lögin frá árinu 1999. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Í síðara skiptið var sagt frá því í DV að Ragnar hefði ráðist inn á heimili Sæmundar Pálssonar og ógnað honum með hnífi.

Ragnar hefur margsinnis áður verið dæmdur í fangelsi frá árinu 1999. Þyngsta dóminn, tveggja og hálfs árs fangelsi, hlaut hann árið 2003 fyrir tilraun til manndráps. Honum var veitt reynslulausn árið 2005, sem hann rauf með brotunum sem hann er nú dæmdur fyrir. Reynslulausnin er því tekin upp.

Erfiðlega gekk að hafa uppi á Ragnari til að fá hann til að mæta fyrir dóm og taka afstöðu til sakarefnisins. - sh

Skiptinemum fjölgar:

Jarðfræði laðar nemendur að

MENNTAMÁL „Það er almennt mikil aukning á erlendum nemum til landsins, allavega síðustu fimm árin," segir Alma Joensen, starfsmaður Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands.

Ástæðuna segir Alma mega rekja til þess að farið er að kenna fög í meira mæli á ensku í háskólanum.

„Það sem er vinsælast að læra meðal skiptinema er íslenska fyrir erlenda nema og eru þeir nemar ábyggilega um 40 prósent af heildarfjölda skiptinema. Einnig er mjög mikið um að erlendir stúdentar komi hingað til að læra jarðfræði, landafræði og fleiri greinar í þeim dúr." - stp

BAKKI Á TJÖRNESI Landsvirkjun, Þeistareykir ehf. og sveitarfélögin á svæðinu hafa lagt um fimm milljarða í verkefnið á háhitasvæðunum á Norðausturlandi vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka.

Vill losa Landsvirkjun frá áhættunni

Iðnaðarráðherra stingur upp á að bjóða út verkefnið á háhitasvæðum á Norðausturlandi til að losa Landsvirkjun, ríki og skattborgara undan áhættunni sem því fylgir. Sveitarstjóri Skútustaðahrepps segir eigendur eina geta boðið út verk.

STÓRIÐJA Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra velti þeirri spurningu upp á bloggsíðu sinni í fyrradag hvort skynsamlegt væri að bjóða út orkuvinnsluna á háhitasvæðunum á Norðausturlandi.

„Það myndi styrkja orkufyrirtækin íslensku, sem efalítið yrðu hlutskörpust, og það myndi losa eigendur Landsvirkjunar, ríkið og skattborgarana undan þeirri áhættu sem Landsvirkjun sjálf var að kvarta undan í Fréttablaðinu á dögunum," segir í færslunni. Enn fremur bendir hann á að fyrirtæki eins og Enex og Geysir Green gætu vel verið til þess fallin að taka verkefnið að sér. Svæðin sem um ræðir eru Þeistareykir, Bjarnarflag, Krafla og Gjástykki.

„Landsvirkjun hefur enga skoðun á þessum hugmyndum iðnaðarráðherra," segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar. „Fyrirtækið fer einfaldlega eftir þeim lögum og reglum sem gilda hverju sinni. Það væri hins vegar nær að spyrja landeigendur á svæðinu sem um ræðir hvernig þeim lítist á þessar hugmyndir."

BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON

FRIÐRIK SOPHUSSON

„Það á við í þessu eins og öðru að það er ekki á valdi neins nema eiganda að bjóða eitthvað út," segir Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, en þar eru Bjarnarflag og Krafla sem eru í eigu landeigenda í Reykjahlíð og síðan hluti Gjástykkis.

„Í öðru lagi hefur Landsvirkjun fengið einkarétt til rannsókna og nýtingar á þessum svæðum og á þar að auki hlut í Þeistareykjum ehf. sem vinna að þessu verkefni með þeim svo að réttur fyrirtækisins til að nýta svæðið ætti að vera nokkuð vel tryggður. Þannig að ég veit ekki hvað er verið að fara með þessari hugmynd," segir hún.

„Það er áhætta í öllum stórum verkefnum og við sem höfum unnið að þessu verkefni höfum lagt mikið til þess, unnið vel saman og vandað okkur við að ná settu marki og það er mjög dapurt ef menn ætla að fara að rugga þessum báti," segir Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings og stjórnarmaður í Þeistareykjum.

„Það hafa verið lagðir rúmlega fimm milljarðar til þessa verkefnis þó ekki sé búið að skrifa undir samninga, mér er það til efs að eitthvert einkafyrirtæki væri tilbúið til slíks," segir Hreinn Hjartarson, verkefnastjóri Þeistareykja ehf.

Ekki náðist í Össur Skarphéðinsson vegna vinnslu fréttarinnar. jse@frettabladid.is

Efast um að næg orka finnist

„Áherslur Landsvirkjunar fyrir norðan eru mér óskiljanlegar," sagði Össur Skarphéðinsson í viðtali við Fréttablaðið fyrr í vikunni. „Þar einblínir stofnunin á vesturssvæðið í Kröflu og Gjástykki í stað þess að einhenda sér í vinnslu á Þeistareykjum þar sem saman fer mikið vatnsflæði í gegnum svæðið og mikill og hár hiti. Og ég segi það bara hreint út að ég veit ekki hvernig þeir ætla að vera tilbúnir með orku í Bakka með þessu áframhaldi."

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, er bjartsýnn á að það takist að finna næga orku á svæðinu áður en skrifað verður undir samninga við Alcoa í árslok 2009. „Við værum ekki að þessu nema að við teldum okkur geta fundið þá orku sem til þarf," segir hann.

Hreinn Hjaltason, verkefnastjóri hjá Þeistareykjum ehf., sem vinnur að verkefninu með Landsvirkjun, segir verkefnið ganga vel. „Miðað við þann framkvæmdahraða sem er á álverinu þá erum við á góðu róli og engin þörf á að fara öllu hraðar," segir hann. Hann segir enn fremur að ráðgert hafi verið að finna jarðvarma fyrir um 150 megavött (MW) og nú þegar hafi fundist nægur varmi fyrir um 100 MW en álverið á Bakka mun þurfa um 400. „Það hefur aldrei staðið til að finna þessi 400 MW áður en að framkvæmdir við álverið hæfust." - jse

Condoleezza Rice í Eyjaálfu:

Stúdentar vilja handtaka Rice

NÝJA-SJÁLAND, AP Stúdentar við Háskóla Nýja-Sjálands hafa boðið stuðning sinn við borgaralega handtöku Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, fyrir meint brot Bandaríkjamanna gegn Genfarsáttmálunum í hinu alþjóðlega „stríði gegn hryðjuverkum". Áður höfðu þeir boðið tæplega þrjú hundruð þúsund króna verðlaun fyrir handtöku Rice.

CONDOLEEZZA RICE

Rice heimsækir í dag Nýja-Sjáland sem hluta af ferð sinni um Eyjaálfu og Kyrrahafseyjar. Hún var í Ástralíu í gær. - gh

GEORGE KONUNGUR Auðugasti maðurinn á Tonga hefur beðið krýningar í nærri tvö ár. NORDICPHOTOS/AFP

Kóngurinn í Tonga:

Hefur selt öll fyrirtæki sín

TONGA, AP George Tupou fimmti, konungur í Tonga, hefur staðið við loforð sín um að selja öll fyrirtæki sín áður en hann verður krýndur með pomp og prakt í ágústbyrjun.

George konungur var auðugur kaupsýslumaður og glaumgosi áður en hann tók við konungstign þegar faðir hans, Tupou fjórði, lést í hárri elli fyrir tæpum tveimur árum.

Hann átti ráðandi hlut í flestum stærstu fyrirtækjum landsins. Opinberri krýningu hans var frestað haustið 2006 eftir að miklar óeirðir brutust út í höfuðborginni Nukualofa. - gb

KONGÓ

Tugir létust í bátaslysi

Að minnsta kosti 47 létust þegar bátur sökk í norðanverðri Kongó á þriðjudaginn. 27 farþegum hefur verið bjargað en um hundrað er enn saknað. Báturinn var á leið til Mið-Afríkulýðveldisins sem á landamæri að Kongó.

Ögmundur Jónasson:

Útboð sýnir fyrirlitningu

STJÓRNMÁL Nýlegt útboð á þjónustu við tólf fatlaða einstaklinga sýnir mannfyrirlitningu og er hugsanlega dæmi um „einkavinavæðingu". Þetta skrifaði Ögmundur Jónasson, alþingismaður Vinstri grænna, á heimasíðu sína í fyrradag.

ÖGMUNDUR JÓNASSON

Ögmundur segir að einstaklingarnir hafi ekki verið spurðir álits á útboðinu og að þeim þyki það sýna sér fyrirlitningu.

Ögmundur gagnrýnir einnig að opnað hafi verið fyrir útboðið 21. júlí þótt rekstraraðili eigi að taka við 1. ágúst. Spyr hann hvort hinn skammi viðbragðstími sé merki um að í raun sé búið að ákveða fyrirfram við hvern verði samið. - gh

BIG MAC Borgari með sína eigin vísitölu. Reiknað er verð borgarans í þeim löndum sem selja Big Mac. NORDICPHOTOS/AFP

Big Mac-vísitalan gefin út:

Ísland er ekki lengur á toppi vísitölunnar

VIÐSKIPTI Ísland situr nú í 3.-4. sæti í hinni svokölluðu Big Mac-vísitölu, en hefur löngum verið í toppsætinu. Í efsta sæti sitja nú Norðmenn og í öðru sæti Svisslendingar. Danir deila sætinu með okkur.

Vísitalan, sem runnin er undan rifjum Economist, ber saman verð á Big Mac-hamborgaranum í löndum heimsins. Þannig er efsta sætið með dýrasta hamborgarann en neðsta með ódýrasta.

Í neðsta sætinu, það er þar sem hamborgarinn er ódýrastur, sitja Hong Kong og Malasía. - vsp

LÖGREGLUFRÉTTIR

Á 150 kílómetra hraða

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók í gær 18 ára pilt er hann ók bifhjóli sínu á Kringlumýrarbraut á 150 kílómetra hraða. Pilturinn fær 140 þúsund króna sekt og missir ökuleyfið í tvo mánuði.

Rúta út af veginum

Farþegar sluppu ómeiddir þegar rúta fór út af veginum norðaustan við Hrútafjöll, skammt frá Gjástykki, síðdegis í gær. Fólkið náði að koma rútunni aftur upp á veginn. Björgunarsveit var kölluð út en aðstoð hennar afþökkuð skömmu seinna.

Ný Select
í Garðabæ

Helgina 25. - 27. júlí opnum við nýja bensínstöð í verslunarkjarnanum við Litlatún.

Bensínstöðinni við Bæjarbraut hefur því verið lokað.

Verið velkomin um helgina!

kr. 99.-
Select vínarpylsa + 0,4 l gos úr vél

Barnaís kr. 50.-

kr. 10.- afsl. af hverjum eldsneytislítra

Önnur afsláttarkjör gilda ekki til viðbótar við 10 kr. afsláttinn af eldsneyti.

made to move



Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

KORTER.IS

VEISTU SVARIÐ?



1 *Barack Obama ávarpaði tvö hundruð þúsund manns í fyrradag. Hvar?*

2 *Silvía, Auður, Lilja og Margrét skipa stúlknasveit. Hvað heitir hún?*

3 *Hversu mörg mörk skoraði Eiður Smári í fyrsta æfingaleik Barcelona undir stjórn Joseps Guardiola?*

SVÖR Á SÍÐU 34

Selasetur Íslands á Hvammstanga stóð fyrir selatalningu á dögunum:

Selirnir fjögur hundruð fleiri en í fyrra

NÁTTÚRAN Selasetur Íslands á Hvammstanga stóð fyrir selatalningu í Vatnsnesi á sunnudaginn. Alls tóku 48 manns þátt í talningunni. Í ár voru 1.125 selir taldir. „Gengnir eru um sjötíu kílómetrar í göngunni og talið er frá Miðfjarðarósi að vestan og að Sigríðarstaðarvatni að austan," segir Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, framkvæmdastjóri Selasetursins.

Talningin er framkvæmd af sjálfboðaliðum sem aðallega eru heimamenn en að sögn Hrafnhildar tóku einnig nokkrir erlendir sjálfboðaliðar þátt. Þetta er í annað skiptið sem selaskoðunin fer fram og nú töldust um 400 fleiri selir en í fyrra.

„Við erum ekki alveg klár á skýringunum. Talningin fór fram 25. ágúst í fyrra svo við sjáum ekki hvort selnum er að fjölga fyrr en á næsta ári því við teljum bara annað hvert ár í ágúst," segir Hrafnhildur.

Talningin er nokkuð vísindaleg að sögn Hrafnhildar því sérfræðingar vinna í samvinnu við Selasetrið. Þá er fólki úthlutað svæði og allir telja á sama tíma, svo litlir möguleikar eru á því að fólk tvítelji. „Við gefum fólkinu fjóra tíma til að telja og það verður að telja fyrir og eftir háfjöru."

- vsp

SELIR Selatalningin fór fram í annað skiptið á dögunum og tókst vel til. Alls voru 1.125 selir taldir. Alls tóku 48 manns þátt í talningunni og voru gengnir sjötíu kílómetrar í það heila.
MYND/JÓN PÁLL

ELLIÐAVATN Ekki er algengt að menn veiði lax í vatninu. Mest veiðist af bleikju og urriða.

Fín veiði í Elliðavatni:

Fjórir laxar á land í vikunni

VEIÐI „Ég var á leið heim í gær þegar ég rakst á strák sem var að veiða við brúna yfir Elliðavatn, hann var búinn að landa einum laxi og var að landa öðrum," sagði Sigurður Sigfússon, veiðivörður í Elliðavatni, í samtali í gær.

Í Elliðavatni veiðist mest af bleikju og urriða en greinilegt er að laxinn er að gera sig heimkominn í vatninu.

„Það hefur veiðst lax áður í Elliðavatni en það er ekki algengt. Mest er um að fólk veiði urriða og bleikju. Þessi strákur var búinn að veiða fjóra laxa í þessari viku, þar af tvo í gærkvöldi," segir Sigurður.

- stp

Lögregla stöðvaði ökumann:

Ölvaður með engar bremsur

LÖGREGLUMÁL Lögreglan tók ölvaðan ökumann í Árbænum í fyrrinótt. Að sögn varðstjóra lögreglunnar vakti aksturslag mannsins athygli lögregluþjóna sem voru við umferðareftirlit. Maðurinn ók alltof hratt miðað við aðstæður.

Maðurinn mun að sögn hafa viðurkennt að aksturslag sitt hefði verið óábyrgt en hann kvað bíl sinn bremsulausan. Kom í ljós að sú var raunin.

- stp

Mótmæla færanlegum kennslustofum

Óánægja er meðal íbúa með byggingu færanlegra kennslustofa við leikskólann Norðurberg í Hafnarfirði. Svipuðum framkvæmdum við Staðarhvamm var frestað nýlega vegna kæru íbúa. Formaður skipulagsráðs segir farið að reglum.

LEIKSKÓLAMÁL Byggja á tvær færanlegar kennslustofur við Norðurberg í Hafnarfirði til bráðabirgða í eitt ár og fjölga þar með leikskólaplássum um fjörutíu. Kennslustofurnar verða utan lóðarinnar og verða ekki girtar af. Íbúar hafa mótmælt framgangi skipulagsyfirvalda í bænum, því lítið samráð var haft við þá við undirbúninginn. „Við erum óhress með þetta," segir Ragnheiður Davíðsdóttir, íbúi við Heiðvang.

Íbúar í næsta nágrenni við leikskólann voru boðaðir á fund. Mættir voru um 25 íbúar í þeim þremur götum sem leikskólinn liggur að. „Hafnarfjörður lagði mikla áherslu, fyrir síðustu kosningar á íbúalýðræði og hér í bæ er rekin jafnréttis- og lýðræðisnefnd. Svo þegar kemur að einhverju svona er ekkert íbúalýðræði," segir Ragnheiður.

Ragnheiður býr alveg upp við leikskólann, í götu sem er botnlangagata. „Gatan ber ekki þann umferðarþunga sem augljóslega verður með tilkomu þessara framkvæmda," segir Ragnheiður en úttekt liggur fyrir frá Línuhönnun þar sem áætlað er að ferðum, til og frá leikskólanum, fjölgi um fimmtíu á dag.

Almenn samstaða er um málið meðal íbúa, að sögn Ragnheiðar, því hagsmunirnir eru þverpólitískir. „Þetta er rólegt íbúahverfi og það þarf að taka tillit til íbúanna. Við viljum ekki stofna öryggi barna okkar í hættu." Hún segir jafnframt að stefnt sé að mótmælum og undirskriftasöfnun.

Almar Grímsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði, hefur gagnrýnt vinnubrögð Hafnarfjarðar í þessu máli og segir stjórnsýsluna hafa verið „ámælisverða" vegna þess litla samráðs sem haft var við íbúa og minnihlutann í bæjarstjórn.

Færanlegu kennslustofurnar eru með tímabundið stöðuleyfi til eins árs, en með því þarf hvorki að breyta deiliskipulagi, né aðalskipulagi bæjarins, sem hefði þurft að gera ef byggt hefði verið varanleg viðbygging. Greint var frá í Fréttablaðinu fyrir nokkru að íbúar við leikskólann Hvamm voru óánægðir með byggingu færanlegra kennslustofa. Þau töldu það ekki löglegt, kærðu málið og fyrirhuguðum áformum hefur verið frestað.

„Við höfum verið í þeirri trú á síðustu árum að þetta sé rétt gert samkvæmt reglum," segir Gísli Valdimarsson, formaður skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar.

vidirp@frettabladid.is

NORÐURBERG Tvær ógirtar, færanlegar kennslustofur verða byggðar utan skólalóðar Norðurbergs.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Gatan ber ekki þann umferðarþunga sem augljóslega verður með tilkomu þessara framkvæmda.
>
> **RAGNHEIÐUR DAVÍÐSDÓTTIR**
> ÍBÚI VIÐ HEIÐVANG

RAGNHEIÐUR DAVÍÐSDÓTTIR Hér sést Ragnheiður í garðinum sem liggur nánast upp að leikskólanum. Hún er óánægð með framgöngu bæjaryfirvalda.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin:

Fulltrúi brottrækur frá Íran

ÍRAN, AP Írönsk stjórnvöld sögðust í gær ætla að hætta samvinnu við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina (IAEA).

GHOLAM REZA AGHAZADEH

IAEA hefur undanfarið ár haft eftirlit með kjarnorkuáætlun Írana. Gholam Reza Aghazadeh, yfirmaður kjarnorkuráðs Írans, segir hana ætlaða til friðsamlegrar raforkuframleiðslu. Vesturlönd óttast að Íranar ætli að smíða kjarnorkuvopn.

IAEA segir Írana ekki hafa verið samvinnufúsa undanfarið ár og ekki hafa svarað spurningum um ýmis grunsamleg gögn sem stofnunin hafi fundið.

- gh

Enn eitt áfallið fyrir Brown:

Verkamannaflokkur tapar

BRETLAND, AP Breski Verkamannaflokkurinn tapaði í gær þingsæti Austur-Glasgowborgar í Skotlandi í gær fyrir Þjóðarflokki Skota.

JOHN MASON

Kosningin fór fram því sitjandi þingmaður Verkamannaflokksins þurfti að segja af sér vegna veikinda. Tapið þykir enn eitt áfallið fyrir Gordon Brown forsætisráðherra. Verkamannaflokkurinn hafði haldið sætinu í meira en 50 ár.

Fylgi Verkamannaflokksins hefur ekki mælst lægra en nú í langan tíma. Er efnahagsþrengingum, Íraksstríðinu og persónu Browns kennt um.

- gh

Áströlsk farþegaþota nauðlenti á flugvelli á Filippseyjum:

Stórt gat við væng vélarinnar

FILIPPSEYJAR, AP Risaþota frá ástralska flugfélaginu Qantas nauðlenti á flugvelli á Filippseyjum með 345 farþega um borð. Stórt gat hafði myndast á bol vélarinnar og gólf í farþegarými rofnaði svo sást niður í farangursgeymslu.

Farþegar voru margir hverjir skelfingu lostnir eftir lendinguna, en allir voru ómeiddir. Flugmaður vélarinnar segir að „skyndileg þrýstingsminnkun", sem var sprengingu líkust, hafi orðið.

„Það er stórt gat hægra megin á vélinni rétt hjá vængnum," sagði Octavio Lina, aðstoðarframkvæmdastjóri á alþjóðaflugvellinum í höfuðborginni Manila. Hann bætti því við að gatið væri 2,5 til 3 metrar að þvermáli.

Flugvélin, sem er af gerðinni Boeing 747-400, var á leiðinni frá Bretlandi til Ástralíu og hafði millilent í Hong Kong skömmu áður en þetta gerðist.

„Eftir klukkustundarflug heyrðist mikil sprenging og síðan byrjaði vélin að lækka flugið," sagði Marina Scaffidi, 39 ára farþegi frá Ástralíu. „Flugvélin hélt áfram að lækka flugið, ekki mjög hratt en stöðugt niður á við."

Ástralska flugfélagið Qantas stærir sig af því að vera eitt hið öruggasta í heimi. Vél frá þeim hefur aldrei farist, og þótt smærri vélar á vegum þess hafi nauðlent þá gerðist það síðast árið 1951.

GATIÐ BLASIR VIÐ John Francis Bartels flugmaður virðir fyrir sér gatið á vélinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

- gb

KJARNAFÆÐI

vörurnar fást í Bónus!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Sumar, sól og grill!

Grill-lambalærissneiðar, 1. flokkur (miðlærissn.)
frá Kjarnafæði

1.918 kr./kg.

Merkt verð 2.398 kr./kg

Einungis úr miðlærinu!

20% afsláttur

Grill-lambaframpartssneiðar
frá Kjarnafæði

969 kr./kg.

Merkt verð 1.292 kr./kg

25% afsláttur

BBQ-grísakótilettur
frá Kjarnafæði.

1.189 kr./kg.

Merkt verð 1.698 kr./kg.

30% afsláttur

Víkingasteik, beinlaus
frá Kjarnafæði.

1.298 kr./kg.

Merkt verð 1.442 kr./kg.

10% afsláttur

Búðingstvenna
frá Kjarnafæði.

489 kr./kg.

Merkt verð 699 kr./kg.

30% afsláttur

allt á sumt

BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.152 **-0,31%**

Fjöldi viðskipta: 173
Velta: 1.275 milljónir

MESTA HÆKKUN

CENTURY ALUM.	+8,17%
ATLANTIC AIRW.	+1,05%
FÆREYJABANKI	+0,69%

MESTA LÆKKUN

EXISTA	-2,55%
ATORKA	-1,44%
BAKKAVÖR	-1,18%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,95 -0,14% ... Atorka 5,46 -1,44% ... Bakkavör 25,15 -1,18% ... Eimskipafélagið 14,25 +0,00% ... Exista 6,12 -2,55% ... Glitnir 14,92 -0,04% ... Icelandair Group 17,05 +0,00% ... Kaupþing 730,00 +0,00% ... Landsbankinn 22,80 -0,65% ... Marel 84,50 -0,35% ... SPRON 3,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 9,27 -0,43% ... Teymi 1,55 +0,00% ... Össur 84,50 -1,17%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Tap 1,1 milljarður króna

Veiking krónunnar vegur þungt í uppgjöri 365.

Tap á rekstri 365 á fyrri helmingi ársins nemur 2,1 milljarði króna. Þar af nemur tap annars ársfjórðungs 1,1 milljarði, samanborið við 45 milljónir króna á sama tíma í fyrra.

Ari Edwald, forstjóri 365, segir að miðað við efnahagsárferðið megi reksturinn teljast viðunandi. Uppgjörið er það síðasta sem félagið skilar að sinni í Kauphöllinni, en 365 verður afskráð 8. ágúst næstkomandi.

„Tapið samanstendur fyrst og fremst af fjármagnsliðum og liðum sem ekki hafa áhrif á reiðufé," segir Ari og bendir á að handbært fé frá rekstri 365 nemi um 600 milljónum króna. Þá jukust tekjur félagsins um 27 prósent frá fyrri hluta síðasta árs. Ari segir að eftir árið verði félagið ekki langt frá áætlunum sínum um rekstrarhagnað fyrir afskriftir (EBITDA).

TAP Á HLUT Í 365

Tímabil	Upphæð
Apríl - júní 2008	-34 aurar
Apríl - júní 2007	-1,2 aurar

ARI EDWALD

Veigamestan þátt í tapi fjórðungsins á gengissig krónunnar, en af 1,8 milljarða fjármagnskostnaði nemur gengistap 1,1 milljarði króna. Afskriftir nema svo 702 milljónir króna, þar af afskrift viðskiptavildar upp á 438 milljónir.

„Ég er bjartsýnn á gengi félagsins og rekstur þótt akkúrat núna séu erfiðir tímar," segir Ari og kveður stjórnendur hafa búið félagið vel undir þá og horfi björtum augum til lengri framtíðar. **- óká**

Óskhyggja og fögur orð duga skammt

Richard Thomas, greinandi Merrill Lynch, gagnrýnir aðgerðaleysi stjórnvalda í efnahagsmálum. „Makalaus ummæli," segir starfandi forsætisráðherra. Viðskiptaráðherra undrast tóninn í skýrslunni. Náið samstarf sé á milli stjórnvalda og fjármálakerfisins.

SKÝRSLA MERILL LYNCH Richard Thomas, greinandi Merrill Lynch, er gagnrýninn á aðgerðaleysi stjórnvalda í efnahagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

„Óskhyggja og fögur orð stjórnvalda duga skammt í baráttunni við núverandi efnahagsaðstæður, aðgerða er þörf ef ekki á illa að fara", segir Richard Thomas, greinandi Merrill Lynch-fjárfestingarbankans, um stöðu íslensku bankanna.

Í skýrslunni er mælt með áframhaldandi undirvogun íslenskra banka, minnka eigi vægi íslenskra banka í fjármálasafni fjárfesta. Í skýrslunni er lýst yfir áhyggjum af aðgerðaleysi stjórnvalda. Hann bendir á að eftir jákvæðar fréttir um gjaldeyrisskiptasamninga norrænu seðlabankanna í maí hafi ekkert heyrst um frekari aðgerðir eða lántöku.

Thomas lætur í veðri vaka hvort gjaldþrot sé það í stefni. Hann bendir á að Englandsbanki og Seðlabanki Bandaríkjanna hafi komið inn á markað og bjargað bönkunum. Hvers vegna er staðan öðruvísi hjá íslensku bönkunum? spyr Thomas. Hann bætir við að hugsanlegt sé að stjórnvöld þjóðnýti bankana eða hreinlega keyri þá í gjaldþrot sé ekki gripið í taumanna

„Þetta eru alveg makalaus ummæli og maður veltir fyrir hvort einhver annarleg sjónarmið búi þar að baki. Svona ummæli dæma sig sjálf," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og starfandi forsætisráðherra. Þorgerður segir að það liggi alveg ljóst fyrir að það þarf að fara yfir peningamálastefnuna auk þess sem rétt sé að skerpa á áherslum af hálfu ríkisvaldsins. Hún bendir á að staðan skýrist betur þegar vinnu við fjárlagagerð er lokið.

„Ég undrast þann tón sem settur er fram í skýrslunni," segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra. Björgvin segir mjög gott samstarf milli stjórnvalda og fjármálakerfisins. „Það er verið að vinna að því að styrkja stöðu fjármálakerfisins og lántakan er stærsti hluturinn í þeirri aðgerð," segir hann.

Thomas segir stöðu íslensku bankanna ekki alslæma og býst við ágætu uppgjöri fyrir annan ársfjórðung. Í skýrslunni segir að þumalfingursreglan sé sú að ef skuldatryggingarálag er hærra en 1000 punktar væntir markaðurinn gjaldþrota. Samkvæmt núverandi aðstæðum áætlar markaðurinn um helmingslíkur á gjaldþroti Glitnis og Kaupþings. Thomas segir stöðu bankanna sjálfra ágæta og lykilatriði í að bæta stöðuna sé að íslensk stjórnvöld skilgreini og útlisti aðgerir sínar nánar.

bjornthor@markadurinn.is

Skoðanakönnun umhverfissvið Reykjavíkur:

Elliðaárdalurinn vinsælast

Viðskiptavinir Glitnis

HLAUPTU TIL GÓÐS 23. ÁGÚST!

Safnaðu áheitum og hlauptu fyrir gott málefni í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis. Þú skráir þig á www.glitnir.is og velur fyrir hvaða góðgerðafélag þú vilt hlaupa og síðan geta vinir og velunnarar heitið á þig.

Skráðu þig á www.glitnir.is og hlauptu til góðs.

ALLIR SIGRA 23. ÁGÚST!

3 km 10 km 21 km 42 km

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 25 ÁRA 23. ÁGÚST 2008

Verðbólgan er í 13,6 prósentum

Verðbólga síðustu tólf mánuði mælist nú 13,6 prósent samkvæmt tölum Hagstofunnar. Hækkun nemur 0,94 prósentum milli mánaða.

Greiningardeildir spáðu hækkun frá 0,5 til 1,1 prósents á milli mánaða og niðurstaðan því í samræmi við væntingar. Ef húsnæðisliður vísitölunnar er tekinn út kemur í ljós að hækkunin nemur 13,2 prósentum á tólf mánuðum.

Áhrif útsala er farið að koma fram. Lækkaði verð á fötum og skóm um 11,6 prósent á milli mánaða. Mest hækkun var á nýjum bílum um 5,3 prósent og húsgögnum og heimilisbúnaði um 6,4 prósent.

- bþa

Century Aluminum tapar 187 milljónum

Kostnaður við riftingu framvirkra samninga við stærsta hluthafa félagsins hafa áhrif á fjórðungsuppgjörið.

Bandaríski álframleiðandinn Century Aluminium tapaði 2,3 milljónum dollara á öðrum ársfjórðungi eða sem svarar 187 milljónum íslenskra króna. Það er töluvert betri afkoma í samanburði við annan ársfjórðung árið 2007 þegar félagið tapaði 60,7 milljónum dollara. Tap félagsins á fyrsta ársfjórðungi þessa árs var 235 milljónir dollara.

Tekjur annars ársfjórðungs voru 545,2 milljónir dollara en í fyrra voru tekjur sama ársfjórðungs 464 milljónir dollara. Tekjur félagsins jukust um 16 prósent frá fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

TAP CENTURY ALUMINIUM

2. ársfj. 2008	**2,3 millj. dollara**
1. ársfj. 2008	235 millj. dollara
2. ársfj. 2007	61 millj. dollara

Félagið framleiddi 198 þúsund tonn af áli á fjórðungnum en á sama fjórðungi í fyrra framleiddi Century 189 þúsund tonn. Segir félagið í tilkynningu að þessi aukning skýrist af því að álverið á Grundartanga jók framleiðslugetu sína í 260 þúsund tonn á fjórða fjórðungi ársins 2007.

Century losaði sig undan framvirkum samningum við Glencore, stærsta hluthafa félagsins, í byrjun mánaðarins. Samningarnir voru frá árunum 2004 og 2005 og hefur álverð hækkað gífurlega síðan þá. Félagið telur sig betur sett að njóta álverðsins sem nú er í methæðum. Cenury þurfti vegna þessa að afskrifa 16 milljarða dollara á öðrum ársfjórðungi sem skýrir að hluta tap félagsins.

Century Aluminium á og rekur álver í Bandaríkjunum auk álversins á Grundartanga. Félagið kemur einnig að verkefnum tengdum áli og báxít í Bandaríkjunum og á Jamaíku.

VEFUR CENTURY ALUMINUM Tekjur álframleiðandans sem rekur álverið á Grundartanga jukust um 16 prósent milli ársfjórðunga.

- as

Slúður kostar peninga

Slúður og baknag kostar meðal iðnfyrirtæki í Svíþjóð um 230 milljónir á ári. Þetta er niðurstaða rannsókna sem mannauðsstjórnunarfyrirtækið Befor hefur gert og kynntar eru í Dagens Nyheder. Samkvæmt rannsókninni, sem er unnin af hagfræðingnum Anders Larson, segir að yfirmenn taki vandamálið ekki nógu alvarlega.

Í fyrirtækjunum sem voru til rannsóknar tekur slúður og annað snakk upp 8 til 12 prósent vinnutímans, en þá eru samræður á kaffistofum um daginn og veginn, eða fjölskylduhagi, ekki taldar með. Larson segir slíkar samræður oft jákvæðar fyrir framleiðni fyrirtækja, en slúður og baktal, sérstaklega um yfirmenn, hafi hins vegar slæm áhrif á framleiðni og andrúmsloft. Larson tekur fram að sumir yfirmenn eigi illt umtal skilið vegna vanhæfni og því sé mikilvægt að stjórnendur fyrirtækja hafi skýra sýn og viti hvað þeir eru að gera.

BAKTAL Starfsmenn ættu ekki að eyða meira en 3 prósentum af vinnutímanum í baktal og slúður. NORDIC PHOTOS/GETTY

Larson segir að fyrirtæki eigi að stefna að því að slúður og baktal um yfirmenn taki ekki nema eitt til þrjú prósent vinnutímans. Góð leið til að ná því marki, segir Larson vera að láta starfsfólk taka þátt í stefnumörkun fyrirtækisins.

- msh

Krónan áfram veik út árið

Krónan kemur til með að eiga undir högg að sækja út þetta ár en verðgildi hennar hefur rýrnað um nær fjórðung frá áramótum, að því er fram kemur í nýrri spá Greiningar Glitnis.

Gengi krónunnar mun enn markast af erfiðum aðstæðum á alþjóðlegum láns- og lausafjármörkuðum samkvæmt greiningardeild Glitnis. Aðgengi íslenskra fjármálastofnana að erlendu lánsfé hafi gert það að verkum að vaxtamunur á gjaldmiðlaskiptamarkaði hefur verið skertur og gert fjárfestum erfiðara fyrir að nýta sér hátt vaxtastig hér á landi. Auk þess hefur hátt skuldatryggingarálag íslensku viðskiptabankanna og lítil áhættulyst fjárfesta sett þrýsting á gengi krónu. Stórir krónubréfagjalddagar spila einnig stóra rullu en 106,5 milljarðar að nafnvirði falla á gjalddaga á síðustu fimm mánuðum ársins að áföllnum vöxtum viðbættum. Á móti kemur hins vegar að útflæði vegna halla á vöru- og þjónustuviðskiptum mun væntanlega verða minna en undanfarið. Þá spáir greiningin að gengisvísitala erlendra gjaldmiðla verði í kringum 158 stig um áramótin. Gengi krónu muni hækka um 12 prósent á fyrri hluta næsta árs og 8 prósent á síðari hluta ársins. Greiningin gerir ráð fyrir að Seðlabankinn sjái svigrúm til vaxtalækkunar og hefji lækkunarferli stýrivaxta sinna í nóvember og fyrsta lækkun verði 0,5 prósentustig. Spáð er 9 prósenta stýrivöxtum í lok árs 2009.

Í INNKAUPAFERÐ Veiking krónunnar hefur haft gríðarleg áhrif á heimilin í landinu, gengisbundin lán hafa hækkað og vöruverð einnig. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

- ghh

skoðun

greinar@frettabladid.is

Borgarstjóri veit betur um byggingarlist.

19. öldin fremur en framtíðin

JÓN KALDAL SKRIFAR

Athyglisverð staða er komin upp í tengslum við byggingaáform Listaháskóla Íslands við Laugaveg. Ólafur F. Magnússon borgarstjóri kann ekki að meta vinningstillögu samkeppni um nýbyggingu fyrir skólann og talar engum tæpitungum um hver verða afdrif hennar innan skipulagskerfis borgarinnar. Í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins í gær sagðist hann ekki styðja tillöguna í óbreyttri mynd. Í Fréttablaðinu í dag tekur hann enn afdráttarlausar til orða og segir alveg ljóst að skipulagsráð muni ekki samþykkja tillöguna.

Samkvæmt borgarstjóra er afstaða meirihlutans skýr: Listaháskólinn mun ekki, eins og stendur til, flytja starfsemina árið 2011 í þá byggingu sem sést á teikningum vinningstillögunnar, þá hina sömu og menntamálaráðherra hefur kallað „mikinn sigur fyrir íslenska arkitekta og íslenska byggingarlist“.

Formaður skipulagsráðs, Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn og arftaki Ólafs í embætti borgarstjóra, hefur ekki opinberað sína skoðun á tillögunni. Eftir eindregin orð Ólafs er ekki þörf á því. Borgarstjóri hefur tekið af henni ómakið og upplýst um stefnu meirihlutans í málinu. Engu máli skiptir þótt tillagan sé ekki einu sinni komin til meðferðar hjá skipulagsráði. Borgarstjóri er búinn að leggja línuna. Hann segir að tillagan verði ekki samþykkt þar.

Borgarstjórnarmeirihlutinn vill aðra útfærslu. Hann veit betur en dómnefndin sem var skipuð fólki frá Listaháskólanum, fasteignaþróunarfélaginu Samson Properties, menntamálaráðuneytinu og Arkitektafélagi Íslands. Sem sagt, betur en fulltrúar þeirra sem eiga að vinna í húsinu, þeirra sem ætla að reisa það, borga fyrir það og fagfólk í arkitektúr.

Og á hverju skyldi stranda? Borgarstjóri vill standa vörð um 19. aldar götumynd Laugavegar, sem vissulega er virðingarvert sjónarmið, ef götumyndin væri ekki svona skelfileg einmitt á þessum reit sem markast af Laugavegi, Frakkastíg og Hverfisgötu.

Þetta svæði hefur um árabil verið einn vesælasti blettur miðbæjarins, sama frá hvaða sjónarhorni er horft til þess. Eina húsið á reitnum sem Húsafriðunarnefnd ríkisins vill að verði verndað er Laugavegur 41 og samkvæmt vinningstillögunni stendur það áfram. Reyndar í útfærslu sem er frá árinu 1983, þegar byggt var verulega við það.

Koma Listaháskólans væri mesta framfaraskref fyrir Laugaveginn í áratugi. Tillaga Páls Hjaltasonar og félaga hjá +Arkitektum er stássleg og áræðin eins og er við hæfi fyrir þá starfsemi sem byggingin á að hýsa.

Það eru ekki oft reist hús í Reykjavík sem setja afgerandi svip á borgina og lyfta umhverfi sínu á hærra plan. Hér er komin tillaga að einu slíku.

Það verður núverandi meirihluta til ævarandi háðungar ef honum tekst að klúðra þessu máli.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ÁBYRGÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Einhugur

Viðtal Markaðarins við Bjarna Benediktsson og Illuga Gunnarsson á miðvikudag hleypti af stað dálitlum farsa. Í viðtalinu sögðu þingmennirnir það mistök að hætta við Bitruvirkjun og það ætti að setja hana aftur á dagskrá. Kjartan Magnússon borgarfulltrúi svaraði því til að það væri ekkert búið að hætta við Bitruvirkjun, heldur undirbúningi frestað á meðan málið væri skoðað betur. Sá þá Ólafur F. Magnússon borgarstjóri sig knúinn til að senda frá sér áréttingu um að víst hefði Bitruvirkjun verið slegin af. Við það drógu sjálfstæðismenn í land, sögðu það vissulega rétt að ekkert yrði aðhafst á þessu kjörtímabili, en ekki sé ólíklegt að þessi mál verði skoðuð síðar. Í ljósi þessa má gera því skóna að áhugi sjálfstæðismanna á að endurnýja meirihlutasamstarfið við F-lista eftir næstu kosningar sé lítill.

Nú já

„Flestar vísbendingar benda nú í þá átt að veruleg kólnun hafi átt sér stað á innlendum fasteignamarkaði.“ Þetta kom fram í morgunkorni greiningardeildar Glitnis á fimmtudag. Þar segir enn fremur: „Að öllum líkindum mun fasteignamarkaður kólna enn frekar með haustinu og vel fram á næsta ár.“ Er greiningardeild Glitnis að átta sig á þessari staðreynd fyrst núna?

Forsetarnir og Kína

Sú ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar að vera viðstaddur setningarathöfn Ólympíuleikanna í Peking sætir mikilli gagnrýni. Sjálfur segist Ólafur Ragnar hins vegar trúa að það sé betur fallið til að styrkja mannréttindi í Kína að sýna yfirvöldum þar í landi vináttu og virðingu, frekar en fjandskap. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ástand mannréttinda í Kína eru forseta Íslands fjötur um fót. Vigdís Finnbogadóttir lá líka undir ámæli eftir Kínaheimsókn á sínum tíma, fyrir ummæli í þá átt að mannréttindi væru afstæð.

bergsteinn@frettabladid.is

Kubbisminn

Takið ykkur stöðu á nýju Hringbraut og horfið á Landspítalann. Við blasir gamli góði spítalinn, symmetrískur og hvítur að lit. Vestan við hann stendur Barnaspítalinn, glæný og glansandi grá bygging. Sá fyrrnefndi er byggður af þjóð í kröggum, sá síðarnefndri af ríkustu þjóð heims. Hvor er fallegri?

Lítið svo lengra til vinstri, á lítið timburhús sem nú heitir Kennaraháskólinn en var upphaflega byggt sem Kennaraskóli Íslands og Þórbergur sótti á sínum tíma. Þetta gamla hús stendur á mjög táknrænan hátt undir gafli hins nýja Barnaspítalans (gráveggur sem minnir einna helst á Berlínarmúrinn) og ljómar undir honum eins og hið mesta bárujárnsdjásn; hús sem var byggt af svo fátækri þjóð að það var ekki einu sinni teiknað af arkitekti heldur byggðu það smiðir, „eftir auganu“. Af fyrrnefndum þremur byggingum er það þó sýnu fallegast.

Já, og lítið út um bílgluggann á leið ykkar upp í Mosfellssveit. Niðri á grundunum standa Korpúlfsstaðir. Þessi steypuversjón af torfbæ verður kannski seint talin falleg, en hún er þó svipsterkt kennileiti sem greinilega var reist til framtíðar. Ofar í holtinu, gegnt Korpúlfsstaðabýlinu, rís nú verslunarhúsnæði byggingavörufyrirtækisins Bauhaus; metnaðarlaus lagergámur af ódýrustu gerð. Stáltjald reist til einnar nætur. Annarsvegar höfum við gamalt sveitafjós sem nú er orðin landsprýði, en var reist á raunverulegum krepputímum. Hinsvegar nýmóðins naglamoll sem hannað var í mesta góðæri sögunnar.

Afhverju eigum við aldrei peninga þegar kemur að því að reisa hús? Afhverju alltaf bara hámarksnýting rýmis sem alltaf endar eins; sem kubbur og kassi. Afhverju hefur enginn nýmillinn

HALLGRÍMUR HELGASON
Í DAG | skipulagsmál

annar en Björgólfur eldri metnað til að setja mark sitt á bæinn?

Það er gömul klisja að segja að í byggingarlist sé allt nýtt ljótt. En hún er furðu lífsseig. Framfarir í íslenskum arkitektúr hafa þó verið nokkrar á undanförnum áratugum. Horfið á Skúlagötuháhýsin annarsvegar og Sjálandshverfið hinsvegar. Horfið á einbýlis- og raðhúsin í Grafarvoginum annarsvegar og systkini þeirra í Grafarholtinu hinsvegar. Horfið á sjúkrahúsið á Ísafirði annarsvegar og nýja menningarhúsið á Akureyri hinsvegar.

En stundum er þó eins og við séum enn föst í gamla tímanum sem bandarískri rithöfundurinn Tom Wolfe lýsir svo vel í bók sinni, From Bauhaus to Our House, þar sem hann fjallar um byggingarlist eftirstríðsáranna, þegar ofsatrúin á fúnkís og fálætisma leyfði mönnum engin frávik frá reglustrikunni. Wolfe ber þennan arkitektúr, hinn harðkjarna kubbisma kalda stríðsins, saman við alræðiskerfin sem á sömu tíð risu í austrinu rauða. Að hans mati voru helstu hetjur eftirstríðsáraarkitektúrsins, þeir Le Corbusier og Mies van der Rohe, álíka hollir fagi sínu og Stalín og Maó voru kommúnismanum. Þeir drottnuðu eins og einræðisherrar yfir byggingarstíl seinni hluta tuttugustu aldar með sinni fasísku fagurfræði. Stórir kaflar á Manhattan bera merki þessa tímabils, og flestar stórborgir Þjóðverja þjást af sama stálglerjaða sálarkulinu. Íslendingar fundu fljótt orð yfir hús byggð í þessum stíl: Steinkumbaldar.

Besta dæmið um innreið kubbismans í byggingarsöguna hér á landi er viðbygging við aðalbyggingu Landsbankans í Austurstræti þar sem naumhyggja faðmar draumhyggju svo minnir helst á faðmlag dauðans. Þó eru enn reistar byggingar í anda kubbismans. Það væri synd að segja að nýju húsin við Höfðatorg geisluðu af ímyndunarafli og sköpunargleði.

Þegar byggt er nýtt við gamalt, eða nýtt ofan í gamalt tíðkast einkum tvær leiðir. Annaðhvort teikna menn feimnislaust háglerjað hús í anda kubbismans, eru ekkert að fela samtíma sinn eða reyna að sleikja fortíðina upp með smeðjulegum dúllum í hennar anda. Hér er Iðuhúsið í Lækjargötu ágætt dæmi. Eða menn fara hina leiðina og reyna að byggja í anda gamla stílsins. Hér er Hótel Centrum á horni Aðalstrætis og Túngötu besta dæmið. Við bíðum enn eftir þriðju leiðinni.

Það sem bárisminn gamli hefur fram yfir kubbismann eru smáatriðin. Nostrið. Tröppur, gluggakarmar, þakskegg; þessi vinarhót sem blikka mann á röltinu og gera miðbæinn vinalegan.

Sigurtillaga að nýjum Listaháskóla á milli Laugavegar og Hverfisgötu er í þeim nýkubbíska anda sem nú er í tísku eins og sjá má best í Grafarholtinu. Hún er falleg og fjörleg innan formsins (gæti reyndar orðið nokkuð Kjörgarðsleg með tímanum) en við fyrstu sýn er þó stór galli á byggingunni: Hún rennir steindauðum Berlínarmúr niður hálfan Frakkastíginn. Hér er ekkert til að gleðja augað, engin smáatriði (nema veggjakrotið þegar þar að kemur).

Gömlu smiðunum hefði aldrei komið til hugar að snúa gafli út í götu.

Að gefnu tilefni

UMRÆÐAN
Sigmar Eðvarðsson svarar frjálslyndum

SIGMAR EÐVARÐSSON

Í Fréttablaðinu fimmtudaginn 24. júlí beina Guðmundur Guðmundsson og Ólafur R. Sigurðsson nokkrum spurningum til mín fyrir hönd Frjálslynda flokksins í Grindavík. Sjálfsagt er að svara þeim.

Kostnaður af bæjarstjóraskiptum er hvergi kominn í ljós og verður miklu meiri heldur en hefur verið sagt þegar öll kurl koma til grafar. Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkur gerðu ráðningarsamning við Ólaf Örn Ólafsson. Samningurinn var eins og samningur sem Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur gerðu 1998 við forvera Ólafs, Einar Njálsson. Sams konar samningur, sama krónutala.

Þegar samningurinn við Ólaf var gerður voru áform flokkanna að starfa saman út kjörtímabilið. En vegna eiginhagsmunasemi Jónu Kristínar og valdagræðgi hrifsaði hún til sín sætið og gerði þar með bæjarstjórastólinn að pólitísku bitbeini. Það er eitt að gera samning annað að rifta. Þegar samningi er rift þá kostar það peninga og sú ábyrgð mun alltaf hvíla á herðum þeirra sem það gerðu.

Framsóknarflokkur og Samfylking gerðu starfslokasamninginn við Ólaf Örn og enginn annar. Þess vegna er hann á þeirra ábyrgð núna.

Útreiknaður launasamningur við nýjan bæjarstjóra, sem nýr meirihluti hefur sagt að sé sá kostnaður sem bæjarbúar muni bera, er 985.000 kr. á mánuði, auk aksturskostnaðar upp á 120.000 kr. og vaxtatap að jafnaði 243.000 kr. á mánuði. Samtals hljóðar þetta upp á heilar 40.296.144 kr. að núvirði. Í Grindavík búa 2.720 íbúar og þýðir þetta 14.815 kr. skatt á hvern íbúa.

Ég gat ekki greitt atkvæði mitt með nýjum ráðningarsamningi við Jónu Kristínu, þó svo að hann væri sagður 20% lægri en það eru ósannindi því bílastyrkurinn var hækkaður um 25%. Mér finnst í lagi að greitt sé vel fyrir reynslumikinn og vel menntaðan mann með rekstrar- og stjórnunarhæfileika eins og bæjarstjóri þarf að vera. Í þessu tilfelli finnst mér mikið vanta upp á.

Að lokum vil ég benda á að Ólafur og Guðmundur ættu að snúa sér með allar þessar spurningar til Björns Haraldssonar, bæjarfulltrúa Frjálslynda flokksins í Grindavík. Hann studdi þessi bæjarstjóraskipti með því að greiða því atkvæði á síðasta bæjarstjórnarfundi. Hann hlýtur að vita hvað hann var að styðja.

Höfundur er fulltrúi D-lista í Grindavík.

Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu

UMRÆÐAN

Gunnar Einarsson skrifar um „frítt“ í strætó

Nauðsynlegt er að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Það verður þó ekki gert með því að gefa öllum „frítt“ í strætó. Bæta þarf rekstrarstöðu Strætó bs. og efla þjónustu fyrirtækisins til að laða að fleiri notendur. Ríki, sveitarfélög og notendur strætisvagna þurfa að leggja sitt af mörkum til að gera almenningssamgöngur að góðum valkosti á höfuðborgarsvæðinu. Með þessari grein er tilraun gerð til að fá málefnalega umræðu um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, þátttöku ríkisins og rekstur Strætó bs. almennt.

Þáttur ríkisins

Í stefnuyfirlýsingu Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar segir að ráðist verði í stórátak í samgöngumálum. Aukin áhersla verði lögð á almenningssamgöngur og að ríkisstjórnin muni beita sér sérstaklega fyrir úrbótum á samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins. Eins og staðan er nú hækka tekjur ríkisins af Strætó um leið og almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu eru styrktar. Tekjur ríkisins eru m.a. vegna bifreiðagjalda, virðisaukaskatts og tryggingagjalda launa og ríkið leggur ekki til almenningssamgangna nema endurgreiðslu á um 80% af olíugjaldi. Fram til þessa hefur ríkið verið áhugalaust um að taka þátt í eflingu almenningssamgangna. Viðkvæðið hefur verið að ekki sé um skylduverkefni ríkisins að ræða en reyndar eru almenningssamgöngur ekki skylduverkefni sveitarfélaganna heldur ef út í það er farið. Hinsvegar hefur ríkið áhuga á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og liður í því gæti verið, í samræmi við umhverfissjónarmið, að efla almenningssamgöngur. Í ágætri skýrslu starfshóps um eflingu almenningssamganga sveitarfélaga sem nú er til umfjöllunar í samgönguráðuneytinu er tíundað með hvaða hætti ríkið kemur að eflingu almenningssamgangna á Norðurlöndunum. Við þann yfirlestur má greina verulegan mun á afstöðu og þátttöku ríkisstjórna á Norðurlöndum til styrktar almenningssamgöngum í samanburði við Ísland. Í framangreindri skýrslu er einnig fjallað um þátttöku notenda á Norðurlöndum í rekstrarkostnaði og útboð á þjónustu, en yfirleitt er þjónustan boðin út. Á sama tíma og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru að óska eftir aukinni þátttöku ríkisins í rekstri er að sjálfsögðu hjákátlegt að samþykkja í stjórn Strætó afsal af tekjum í formi verkefnisins „frítt“ í Strætó.

„Frítt“ í strætó?

Almenningssamgöngur þurfa að vera tíðar, fljótar, áreiðanlegar og þægilegar. Að mínu viti ráða þessir þættir mestu um hvort íbúar notar almenningssamgöngur, en ekki hvort þjónustan kostar t.d. 100 kr. á ferð fyrir aldurshópinn 6-18 ára líkt og núverandi gjaldskrá segir til um. Til að geta veitt góða þjónustu þurfa sveitarfélög, ríkið og notendur þjónustunnar að koma að borðinu. Á Norðurlöndum er þátttaka notandans frá 30-70% af heildarkostnaði við almenningsvagnakerfið. Sjaldgæft er að gefið sé „frítt“ í strætó, hinsvegar eru afslættir til einstakra aldurshópa og vegna ferðamagns. Það vekur athygli að hlutfall farþegatekna er mjög lágt hjá Strætó bs. miðað við aðrar borgir og nágrannalöndin samanber nefnda skýrslu. Fyrir utan ávinninginn af kostnaðarþátttöku notandans til bættrar þjónustu er ávinningurinn einnig í formi virðingar fyrir þjónustunni og skýrra skilaboða til notenda um að gera kröfur um góða þjónustu. Samkvæmt úttekt sem Strætó lét gera fjölgaði farþegum úr hópi framhalds- og háskólanema um 8-12% eftir að þeir fengu „frítt“ í strætó. Hvort sú aukning er eingöngu tilkomin vegna þess að „frítt“ er í strætó er erfitt að meta. Aukinn rekstrarkostnaður einkabifreiða, umfjöllun og auglýsingar um ágæti notkunar strætó og fjölgun þeirra sem stunda nám á framhaldsstigi geta einnig útskýrt fjölgun farþega. Jafnframt má í þessu samhengi benda á þá „hættu“ að færri nýti sér að hjóla eða ganga þegar þeir fá „frítt“ í strætó. Færa má rök fyrir því að allar aðgerðir gegn einkabifreiðum auki notkun á almenningssamgöngum. Fulltrúi Garðabæjar í stjórn Strætó bs. sat hjá við afgreiðslu stjórnar á framhaldi á verkefninu „frítt“ í strætó m.a. vegna þeirra raka sem koma fram hér að framan, en einnig til þess að vekja athygli á mjög erfiðri

GUNNAR EINARSSON

rekstrarstöðu Strætó bs. sem alls ekki má við skerðingu tekna af fargjöldum.

Rekstur Strætó bs.

Rekstur Strætó bs. er þungur. Á komandi árum má búast við að hann þyngist, m.a. vegna hærri rekstrarkostnaðar og aukinna krafna um þjónustu. Á árinu 2007 var heildarrekstrarkostnaður vegna reksturs Strætó bs. rétt rúmlega 3,0 milljarðar, en á móti koma tekjur af farmiðasölu um 670 milljónir. Framlög sveitarfélaganna með rekstrinum námu því um 2,3 milljörðum króna. Reykjavík, sem dæmi, greiddi til reksturs Strætó bs. samkvæmt þessu tæplega 1,7 milljarða króna árið 2007. Ef heldur sem horfir í rekstri Strætó bs. mun heildarrekstrarkostnaður verða um 5 milljarðar innan fárra ára og ef allir ættu að fá „frítt“ þýðir það að Reykjavík þarf að borga um 3,2 milljarða árlega samkvæmt skiptareglu til reksturs Strætó bs. Kópavogur hefur tekið ákvörðun um að veita sínum íbúum öllum „frítt“ í strætó frá og með hausti. Einnig hefur núverandi borgarstjóri Reykjavíkur lýst sinni framtíðarsýn í þá átt að allir Reykvíkingar fái „frítt“ í strætó fyrir lok kjörtímabilsins. Þessi sveitarfélög þurfa að kaupa farmiða samkvæmt gildandi gjaldskrá Strætó bs. fyrir sína íbúa þegar að þessari framkvæmd kemur, að öllu óbreyttu.

Efling almenningssamgangna

Til að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu þarf margvíslegar aðgerðir sem ríki, sveitarfélög og notendur þurfa að koma að. Auka þarf forgang strætó í umferðinni, fjölga göngu- og hjólastígum, auðvelda tengingar milli bæjarfélaga og auka upplýsingaflæði til íbúa um leiðir og ávinning af notkun almenningssamgangna. Nauðsynlegt er að bæta rekstrarumhverfi Strætó bs. þannig að hægt verði að bjóða tíðar ferðir í þægilegum og öruggum vögnum. Þjónusta verður ekki bætt nema til komi aukinn stuðningur ríkisins, notendur greiði sanngjarnt farmiðagjald og að allur rekstur verði boðinn út.

Höfundur er bæjarstjóri Garðabæjar.

GESTA STOFA VISITOR CENTER

GESTASTOFA TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSSINS

Í Gestastofu gefst þér kostur á að skoða sýningu í máli og myndum um byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhússins og skipulag Austurhafnarsvæðisins.

Innsýn er gefin í söguna á bak við hönnunar- og byggingarferlið, einnig geta gestir kynnt sér fjölbreytta notkunarmöguleika hússins og væntanlega starfsemi sem í því verður.

Til sýnis eru líkön af húsinu, glerhjúpnum og heildarskipulaginu. Stórglæsilegur 10 metra útsýnisgluggi gefur gestum kost á að virða fyrir sér framkvæmdasvæðið og nánasta umhverfi þess.

Gestastofa á Lækjartorgi er öllum opin alla daga vikunnar – Velkomin aftur og aftur.

KOMDA 26"-REIÐHJÓL
sambrjótanlegt/18 gíra
Vnr. 57380

22.900 kr.
Verð áður 39.080 kr.

KOMDA 26"-REIÐHJÓL
gyllt/18 gíra
Vnr. 57379

17.900 kr.
Verð áður 32.368 kr.

70%
afsláttur af völdum vörum

COLUMBIA-FLÍSPEYSA

2.990 kr.
Verð áður 15.276 kr.

FLAMES-GASGRILL
stál/2 brennara
Vnr. 53072

27.900 kr.
Verð áður 54.880 kr.

FLAMES-GASGRILL
stál/3 brennara
Vnr. 53073

32.900 kr.
Verð áður 55.888 kr

PRIMUS-FERÐAGASGRILL
m/gasslöngu og þr.jafnara
Vnr. 29776

4.900 kr.
Verð áður 7.080 kr

PRIMUS SENA-ELDUNARSETT
Vnr. 53894

4.500 kr.
Verð áður 8.501 kr

LOOP MULTI-VÖÐLUJAKKI

14.900 kr.
Verð áður 26.900 kr.

17.júlí–1.ágúst

SUMARM

CAMPING-FERÐAKLÓSETT
Vnr. 55344

7.900 kr.
Verð áður 11.990 kr.

COLEMAN-KÆLIBOX
28 ltr./12 volta
Vnr. 01448

7.995 kr.
Verð áður 12.593 kr.

ELLINGSEN–GASOFN
Vnr. 44048

7.500 kr.
Verð áður 17.879 kr.

COLEMAN-LUKT 4D
samfellanleg
Vnr. 24948

1.490 kr.
Verð áður 3.823 kr.

COLEMAN CELSIUS-TJALD
f. 3/4,4 kg
Vnr. 45551

6.900 kr.
Verð áður 15.950 kr.

PRIMUS-TJALDHITARI
Vnr. 06985

5.900 kr.
Verð áður 11.861 kr.

COLEMAN-LOFTRÚM
stærð: 213x114x47 cm
Vnr. 30673

2.990 kr.
Verð áður 11.391 kr.

COLEMAN-TJALDDÝNA
uppblásin
Vnr. 22328

3.500 kr.
Verð áður 7.058 kr.

COLEMAN-BORÐLAMPI
endurhlaðanlegur
Vnr. 30676

2.490 kr.
Verð áður 5.312 kr.

40%
afsláttur af gúmmískóm

GÚMMÍSKÓR

1.506 kr.
Verð áður 2.510 kr.

TBWAREYKJAVÍK · SÍA

30% afsláttur af grillum og grillvörum

DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN

30% afsláttur af öllum Didrikson-fatnaði

40% afsláttur af gönguskóm

LOOP

30% afsláttur af öllum stangveiðivörum og veiðifatnaði

DEVOLD

30% afsláttur af öllum Devold-fatnaði

Columbia Sportswear Company

40% afsláttur af öllum Columbia-fatnaði

ARKAÐUR

Sprengfull búð af frábærum tilboðum!

15% afsláttur af byssum og skotum



NOVACAN-BYSSUSKÁPUR
Vnr. 38335

26.900 kr.
Verð áður 32.900 kr.

CAMPING-GASHITARI
f. palla
Vnr. 47659

24.900 kr.
Verð áður 29.880 kr.

50% afsláttur af öllum garðhúsgögnum

Reykjavík • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • Opið mánudag–föstudag 10–18 • Laugardag 10–17 • Sunnudag 13–17
Akureyri • Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630 • Opið mánudag–föstudag 8–18 • Laugardag 10–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

Eina blaðið á sunnudegi

Íslensk umhyggja í Jemen
Jóhanna Kristjónsdóttir safnar fé til að byggja upp kennslumiðstöð fyrir stúlkur í Jemen.

Mótorhjólamenn koma út úr skápnum
- Sumarið 2008 fer í sögubækurnar sem mótorhjólasumarið mikla.

ferðalög

Ferðalög fylgja Fréttablaðinu á sunnudag:

Sumar við Signu
- Sjarmi Parísar í ágústmánuði

Síðasti séns í sólina
- bestu tilboðsferðirnar síðsumars

Ekki bara hallir og Sachertertur
Nýjar hliðar á Vínarborg

+ Hótel í Berlín, enski strandbærinn Brighton og undirbúningur Ólympíuleika í Peking.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga

MAÐUR VIKUNNAR

Glaðlyndur og ósérhlífinn

Benedikt Hjartarson var í síðustu viku fyrstur Íslendinga til að synda yfir Ermarsund milli Englands og Frakklands. Vegna óhagstæðra sjávarstrauma þurfti Benedikt að synda hátt í tvöfalda vegalengdina yfir sundið en hann synti alls 60 kílómetra. Sundið tók hann 16 klukkustundir og eina mínútu og reiknast til að hann hafi tekið um 48 þúsund sundtök. Benedikt Hjartarson er maður vikunnar.

Benedikt er fæddur 9. júlí 1957 þeim hjónum Hirti Haraldi Gíslasyni flugvirkja og Gerðu Friðriksdóttur hjúkrunarfræðingi. Er hann næst elstur sex systkina og ólust þau upp í Fossvogi í Reykjavík.

Hann nam bakaraiðn við Iðnskólann í Reykjavík þaðan sem hann lauk sveinsprófi árið 1978 og meistaraprófi árið 1982. Einu ári síðar hélt hann ásamt konu sinni, Elínu Borg, til Graz í Austurríki þar sem þau bjuggu með tvær eldri dætur sínar í hálft ár. Benedikt var þar við framhaldsnám í bakaraiðn og lærði til konditormeistara. Eftir hálft ár í Graz færði fjölskyldan sig til Bolzano á Ítalíu þar sem Benedikt kláraði nám sitt og útskrifaðist árið 1984. Flutti þá fjölskyldan heim á Freyjugötu í Reykjavík. Árið 2000 lauk Benedikt prófi frá Kennaraháskóla Íslands og 2004 lauk hann prófi frá frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands. Eftir nokkurn starfstíma hjá Björnsbakaríi í Reykjavík hóf Benedikt að kenna bakaraiðn við Menntaskólann í Kópavogi. Þaðan lá leið hans í Breiðholtsbakarí þar sem hann starfar í dag.

Hláturmildi og létt lund eru þau orð sem vinir og vandamenn Benedikts nota til að lýsa honum. Hann er sagður gjafmildur, ósérhlífinn og aldrei vill hann gefast upp. Hann er mjög mikill fjölskyldumaður og barngóður. Kann hann afar vel við afahlutverkið og er mjög stoltur af dótturdóttur sinni. Á heimili Benedikts er ekki talað um Ermarsund heldur Emmusund þar sem hann synti yfir Ermarsundið í minningu Emmu Katrínar, lítillar frænku sinnar sem lést úr krabbameini í fyrra. Hafði hann lofað Emmu Katrínu að hann myndi synda yfir Ermarsund.

Er Benedikt sagður mikill keppnismaður og hefur hann gaman af alls kyns óhefðbundum íþróttum. Hann hefur farið um alla Reykjavík á línuskautum sem hann hefur mikið dálæti á. Þá hefur hann mjög gaman af allir útiveru og hreyfingu. Sem unglingur varði hann mörgum sumrum í Kerlingarfjöllum þar sem hann renndi sér á skíðum alla daga með bróður sínum. Var þeim bræðrum sama um veðurlag og bjuggu þeir þessi sumur í tjaldi. Benedikt vill helst vera á skíðum frá morgni til kvölds og er aldrei með húfu og vettlinga.

Benedikt er einnig lýst sem uppátækjasömum manni sem framkvæmir það sem honum dettur í hug. Eitt sinn vildi hann vita hvort hann gæti hlaupið maraþonhlaup. Lét hann þá keyra sig upp á Kambabrún ofan Hveragerðis og hljóp til Reykjavíkur. Hefur hann hlaupið nokkur maraþonhlaup, bæði heilmaraþon og hálfmaraþon. Er þá haft eftir honum að hann hlaupi fyrri hringinn á þolinu og þann seinni á þrjóskunni.

Þrjóska og langrækni er helst nefnt meðal galla sem einkenna Benedikt. Honum er þó einnig lýst sem mjög heiðarlegum manni. Þá er hann sagður skemmtilegur og uppátækjasamur og allaf er hann tilbúinn til að taka þátt í því sem er verið að gera. Hann er sagður kraftmikill og þrautseigur enda mætti hann þrisvar á dag í Nauthólsvík til að æfa sig fyrir sjósundið yfir Ermarsund.

Hann er mjög einlægur og alltaf tilbúinn að hjálpa til. Ef eitthvað kemur upp á finnst honum það yfirleitt ekkert stórmál heldur reynir að bjarga því sem bjargað verður. Þá er hann sagður afbragðsgóður söngmaður.

Benedikt er oft á tíðum full stórtækur í verkum sínum en vegna þrjóskunnar tekst honum einhvern veginn að klára það sem hann tekur sér fyrir hendur. Eitt sinn fór Benedikt í tjaldferðalag þar sem flestir ferðamenn voru frekar léttnestaðir. Nema Benedikt sem kom við í kaupfélagi og keypti hálfan kindaskrokk, sem hann svo kláraði í tjaldferðalaginu.

Þá er hann mikill ævintýramaður. Í tilefni af þrítugsafmæli sínu leigði hann þyrlu sem flutti hann upp á Vatnajökul svo hann gæti skíðað niður jökulinn og vegna áhuga hans á línuskautum er hann sagður stefna á að halda upp á sextugsafmæli sitt með því að fara á línuskautum frá Lundi í Svíþjóð til Rómar á Ítalíu.

ÆVIÁGRIP

Benedikt Hjartarson fæddist hinn 9. júlí 1957 í Reykjavík. Móðir hans er Gerða Friðriksdóttir hjúkrunarfræðingur og faðir hans var Hjörtur Haraldur Gíslason flugvirki sem er látinn. Benedikt er næstelstur sex systkina. Benedikt er alinn upp í Fossvoginum í Reykjavík. Fyrst á Fossvogsbletti og síðar í Löndunum. Þegar hann kynntist konu sinni flutti hann á Freyjugötuna í Reykjavík þar sem hann hefur búið síðan. Hann er kvæntur Elínu Borg hjúkrunarfræðingi og saman eiga þau þrjár dætur og eina dótturdóttur. Árið 1978 lauk hann sveinsprófi í bakaraiðn frá Iðnskólanum í Reykjavík og 1982 lauk hann meistaraprófi. Þá nam hann framhaldsnám í bakaraiðn í Graz í Austurríki og Bolzano á Ítalíu þaðan sem hann útskrifaðist sem konditor-meistari árið 1984. Hann lauk prófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 2000 og fjórum árum síðar lauk hann prófi frá frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands. Benedikt starfaði lengi sem bakari hjá Björnsbakarí. Þá kenndi hann bakaraiðn við Menntaskólann í Kópavogi um tíma en starfar nú sem bakari í Breiðholtsbakarí. Meðal fyrri starfa má nefna sveitastörf og vinnu hjá Flugfélagi Íslands.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Söng fyrir nokkrum árum lagið Á Sprengisandi fyrir baðgesti í fljótandi gufubaði undan ströndum Malmö í Svíþjóð.

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Það lýsir honum vel að hann kom hlæjandi upp úr sjónum eftir sundið yfir Ermarsund. Það er alltaf stutt í brosið.“ Guðni Þór Ingvarsson, mágur Benedikts.

HVAÐ SEGIR HANN?

„Ég fer aldrei aftur í sjóinn eða sund, ég er búinn að fá nóg.“ Benedikt Hjartarson í kvöldfréttum Stöðvar 2 fimmtudaginn 17. júlí 2008.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Sama verð um land allt !

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

40% AFSLÁTTUR

Holta ferskar kjúklingabringur 1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR./KG



McCain Ameríska XL-pizzur **398 kr.**

NF bleikja beinhreinsuð **899 kr./kg.**

Nesquik 800g **398 kr.**

Ferskt blandað kjöthakk (NAUT/GRÍS) **598 kr./kg.**

Andrex WC pappír
12 RÚLLUR Á VERÐI 9.

Pampers bleiur
JUNIOR & MAXI PLÚS
2298 kr. kassinn.

Frosnar svínalundir
1279 kr./kg.
MERKT VERÐ 1598 KR./KG.

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g

Myllu heimilisbrauð
770g 129 kr.

Bónus frosnir NAUTAHAMBORGARAR
10 x 80g **749 kr.**
10 x 115g **1049 kr.**
5 x 200g **974 kr.**

Bónus hamborgarabrauð
XL 4 STK **98 kr.**

Coke & Coke Light 6 fl. x 1 ltr. **598 kr.**

Egils kristall sítrónu
2 ltr. **129 kr.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

Uppáklæddur í svínastíuna

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá iðrun stjórnmálamanns, ströngum skriftaföðúr, leiðangri til Apalands, strandlífi, merkilegum bókum, sundnámi og siðblindingjum.

KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 18. JÚLÍ.

Gengið til skrifta

Í morgun fórum við Össur frændi minn í landkönnunargönguferð. Það er að segja, við létum svo heita að við værum að fara til þess að kanna umhverfið og ná áttum en hinn raunverulegi tilgangur göngunnar var sá að leyfa ráðherranum að skrifta fyrir syndir sínar og yfirsjónir, bæði gagnvart flokkssystkinum sínum í Samfylkingunni og þeim yfirgnæfandi fjölda jarðarbúa sem ekki tilheyrir þeim stjórnmálaflokki.

Því miður er þriggja tíma gönguferð alltof stutt til þess að íslenskur ráðherra nái að létta á samviskunni og þess vegna útilokað af minni hálfu að veita endanlega aflausn eða syndakvittun.

Þar fyrir utan er það á móti sannfæringu minni að veita einum ráðherra aflausn vegna syndsamlegs lífernis allrar ríkisstjórnarinnar.

Engu að síður var þetta góð og guðrækileg ganga, þar sem skiftust á iðrandi játningar hins bersynduga ráðherra og alvarlegar umvandanir og pólitískur píetismi hins stranga skriftaföðúr sem lætur sér annt um geistlega velferð vina sinna og samferðamanna.

Þótt aðeins hafi verið hægt að skauta á yfirborði syndaregistursins í þessari stuttu skriftagöngu er ég ekki alveg vonlaus um velferð frænda míns. Vissulega er sá maður veikgeðja sem afhendir íhaldinu stjórnartaumana en Össur er drengur góður og hefur hlýtt hjarta og fyrir slíka menn er alltaf nokkur von. Ekki mikil kannski, en von samt.

Á meðan á þessu stríði um andlega heill ráðherrans stóð voru eiginkonur okkar ásamt börnum og barnabörnum á baðströnd hérna við sjávarsíðuna og létu vel af sér við heimkomuna.

Nú hef ég lifað í nær fullkominni fréttaþögn í þrjá daga og er farinn að skynja þann frið sem fylgir því að vera ekki sífellt með eyrun full af fréttasuði.

LAUGARDAGUR, 19. JÚLÍ.

Strandlíf

Í morgun fórum við með börnin niður á baðströnd að leika við öldur Atlantshafsins og byggja sandkastala sem haf og vindar útmá eins og sporin sem við skiljum eftir í fjörusandi. Allt forgengur í veröldinni og maður er þakklátur fyrir hin áhyggjulausu augnablik sem flögra um eins og fiðrildi.

Árný, Össur og frænkurnar buðust til að passa börnin í kvöld og ég var ekki svifaseinn að bjóða frú Sólveigu út að borða.

Við gengum í bæinn og fengum okkur risarækjur, steikta gæsalifur, nautalundir og jarðarberjafrauð ásamt góðu kaffi fyrir 50 evrur – sem væri mjög ódýrt ef félagar Össurar í ríkisstjórninni hefðu haft einhverja stjórn á efnahagsmálunum.

SUNNUDAGUR, 20. JÚLÍ.

Apalandsleiðangur

Í dag hélt leiðangur til Apalands, það er að segja dr. Árný og frú Sólveig fóru með börnin að skoða dálítinn dýragarð hérna í nágrenninu, þar sem apar og páfagaukar njóta mikillar athygli og virðingar.

Össur frændi minn neitaði að fara til Apalands og ég fyrir mitt leyti skil vel að hann skuli ekki kæra sig um að vera minntur á starfsumhverfi sitt í miðju sumarfríi.

Það er margt verra til en að liggja í forsælu á sundlaugarbarmi og lesa skemmtilegar bækur. Ég var til dæmis að klára stórmerkilega bók eftir þýskan blaðamann, Oliver August, sem ekki alls fyrir löngu var fréttaritari The Times í Kínaveldi og heitir „Inside the Red Mansion“ (Úr salarkynnum hinnar Rauðu hallar) og fjallar um leit höfundar að þeim manni sem efstur er á lista kínversku lögreglunnar yfir menn sem hún hefur áhuga á að handtaka.

Hinn eftirlýsti maður heitir Lai Changxing og var smábóndi sem sneri sér að viðskiptum og varð á skömmum tíma einn ríkasti maður Kínaveldis.

Það er erfitt að koma sér upp gífurlegum auðæfum með því að feta nákvæmlega þröngan veg hófsemi og heiðarleika, einkum í löndum þar sem mútur og ósvífni skipta meira máli en óljós lagabókstafur. Svo gerist það, að Lai Changxing fer yfir eitthvert ósýnilegt strik og stjórnvöld ákveða að gera hann að blóraböggli í stað þess að láta hann komast upp með að halda áfram að vera lifandi fyrirmynd þeirra sem dreymir um blessun markaðsguðsins og allsnægtir hins frjálsa framtaks.

MÁNUDAGUR, 21. JÚLÍ.

Sundnám

Merkisdagur. Litla Sól náði loksins því tæra sambandi milli heila og útlima sem þarf til að geta tekið þau sundtök sem nauðsynleg eru til að færa sig úr einum stað á annan á bólakafi í vökva – þessu tilviki vatni í barnalauginni.

Samkvæmt minni reynslu ná krakkar sem fara oft í sund stundum fyrst tökum á kafsundi og svo kemur eins og af sjálfu sér nokkru síðar að reka hausinn upp úr öðru hverju til að anda að sér súrefni.

ÞRIÐJUDAGUR, 22. JÚLÍ.

Andleg forherðing og sigursund

Þeir Íslendingar sem hafa dvalið með okkur hérna á íbúðahótelinu eru einvalalið, kurteist fólk og hjálpsamt sem hefur verið ánægjulegt að kynnast.

Sundnám litlu Sólar í barnalauginni er samfellt sigursund. Í dag lærði hún að synda enda á milli í lauginni með munn og nef yfir vatnsborðinu sem auðveldar nauðsynlega súrefnisöflun til mikilla muna. Auk þess tókst henni að ná nokkrum tökum á þeirri grein vatnsíþrótta sem afi hennar stundar af mikilli elju og vandvirkni. Sem sé að liggja á bakinu í vatnsyfirborðinu með hendur og fætur teygða frá líkamanum og láta sig fljóta án þess að reyna á nokkurn vöðva í líkamanum.

Þarna greinir okkur á. Ég mundi ekki af fúsum og frjálsum vilja halda gestaboð fyrir glæpahyski en gestrisni forsetans virðist ekki þekkja nein takmörk. Hann er nýbúinn að bjóða Mörtu Stewart og áhugafólki um að hitta svoleiðis manneskju til veislu á Bessastöðum.

Ég mundi heldur ekki fara og heiðra einræðis- og ofstopastjórnina í Kína eins og Ólafur Ragnar telur útsmogið að gera.

Mín skoðun er sú að svín tileinki sér tæplega hreinlæti þótt maður klæði sig í sparifötin og leggist síðan við hliðina á þeim í skítuga stíuna.

Það er kannski skiljanlegt að Þorgerður Katrín vilji fyrir hönd Flokksins heiðra systurflokkinn í Kína með nærveru sinni. Ég skipti mér ekki af einkafyrirtækjum og einkaerindum – en á vegum íslensku þjóðarinnar á engin siðuð manneskja erindi til Kína – nema ef vera kynni til að biðja Falun Gong afsökunar á því hvernig tekið var á móti því góða fólki á Íslandi fyrir nokkru síðan.

Viltu skjól á veröndina?

www.markisur.com og www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál

Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík

Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar

FIMMTUDAGUR, 24. JÚLÍ.

Í fréttum er þetta helst...

Ég hef ekki vitjað um internetið dögum saman en seinnipartinn í dag ákvað ég að gá að íslenskum fréttum. Eftirtekjan var þó heldur rýr.

Helst vakti það athygli mína að forseti Íslands segist alls ekki hafa átt erfitt með að ákveða að drífa sig á Ólympíuleikana í Kína.

Röksemdafærsla hans er sú að það sé klókt að hafa glæpamenn og siðblindingja góða með því að umgangast þá af ýtrustu kurteisi í von um að þeir taki sönsum.

GO YOUR OWN WAY
TRIUMPH
www.triumph.is

Kolbeinn fer vel með Löduna Gunnu enda þjónar hún honum af dyggð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ekur um allt á Gunnu

Fyrir utan að vera af sjaldséðri tegund nú til dags vekur Ladan hans Kolbeins Sæmundssonar menntaskólakennara athygli fyrir tvennt. Að vera ákaflega vel með farin og skarta upprunalegu skráningarnúmeri X-7975.

„Ég er búinn að eiga bílinn í níu ár og tvo mánuði og hann er í ágætu lagi," segir Kolbeinn brattur þegar hann er inntur eftir sögu og heilsu bifreiðar sinnar. „Ladan er af árgerð 1987 og var fyrst í eigu Ingigerðar Jóhannsdóttur, bónda á Hamarsheiði í Gnúpverjahreppi, sem nefndi hana Gunnu. Það nafn hefur fylgt henni síðan. Eftir lát Ingigerðar átti að leggja Löddunni en mér bauðst hún og þekktist boðið."

Kolbeinn kveðst fara um allt á Löddunni nema um hálendi landsins. Meira að segja á Vestfirðina og séu þó vegirnir þar ekki til að hrópa húrra fyrir. „Það er hátt undir Lödurnar og þær fara ýmislegt sem aðrir fólksbílar komast ekki," bendir hann á. „Svo eru þær einfaldar að gerð og fela ekki í sér flókinn tölvubúnað," segir hann og gerir lítið úr viðhaldskostnaði. „Það hefur þurft að skipta um hluti en bræðurnir Ragnar og Pétur í Löduþjónustunni í Kópavogi hafa séð um það. Nú eru vegirnir víðast orðnir þannig að bílar slitna lítið sem ekkert."

Hann viðurkennir að Lödurnar hafi þótt ryðsælar en segir það ekki hafa verið vandamál með Gunnu. „Hún var svo langt uppi í sveit og slapp við ryð," segir hann ánægður og telur Gunnu líka fremur sparsama á eldsneyti. Það telst mikill kostur í dag og Kolbeinn getur hrósað happi því eins og málsháttur inn segir er eyðslusöm kona eldur í búi. *gun@frettabladid.is*

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Fyrsta gerð Bjöllunnar, sem framleidd var á árunum 1938 til 2003, kallaðist Type 1 en fljótlega festist Bjöllu-heitið við hana. Framleiðandinn sjálfur tók heitið þó ekki upp fyrr en árið 1967.

Kort taka við af klinki

Bílastæðasjóður vinnur nú að því að kortavæða bílastæði borgarinnar. Hægt að borga fyrir stæði í gegnum farsíma.

Bílastæðasjóður er ekki vinsælust opnberra stofnana og margir sem bölva starfsmönnum hans í sand og ösku þegar litlum bláum og hvítum miða hefur verið laumað undir rúðuþurrkuna. En þvert á það sem margir halda fram þá er starfsfólk sjóðsins að tryggja að farið sé eftir settum reglum og vinna að því að gera borgina að betri stað. En hvað hefur sjóðurinn gert upp á síðkastið til að að bæta þjónustu sína?

„Við höfum aðallega verið að fjárfesta í nýjum tækjum. Búið er að taka gamlar vélar í bílastæðahúsum og nýjar vélar sem tekið geta við debet- og kreditkortum, auk klinks og seðla, hafa tekið við," segir Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs. „Við höfum einnig verið að endurnýja miðamæla og alls staðar þar sem traffík er mest eru nú komnir nýir mælar sem taka kort."

Kolbrún og starfsfólk hennar stefna á að allir gömlu klink- og miðamælarnir verði horfnir með haustinu, svo þeir heyra brátt sögunni til. „Stakir stöðumælar verða þó eftir á minni svæðum, þar sem eru bara tvö, þrjú stæði en það er aldrei langt í næsta miðamæli ef fólk er ekki með klink," segir Kolbrún. „Svo er einnig hægt að borga fyrir stæði gegnum GSM en það er hægt að skoða betur hjá samstarfsaðilum okkar á vefsíðunum www.leggja.is og www.simastaedi.is."

Gömlu mælunum verður einnig haldið eftir á nokkrum stöðum til þess að halda í gamla götumynd, svo sem á Skólavörðustíg. „Það eru fimmtíu og eitt ár síðan fyrsti stöðumælirinn kom á götuna í Reykjavík svo við getum ekki og viljum ekki láta þá alla hverfa í einni svipan," segir Kolbrún.

Kolbrún Jónatansdóttir er þeirrar skoðunar að of ódýrt sé í bílastæðahús en Íslendingar séu einfaldlega ekki tilbúnir til að greiða meira fyrir bílastæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lengi hefur verið rætt um bílastæðavanda miðborgarinnar og skoðanir og tillögur að lausnum eru eins margar og gestir og íbúar í miðbænum. En með aukinni uppbyggingu í 101 hefur stæðum óneitanlega fækkað. „Við misstum út Alþingisreitinn og Grófartorgið og þar fóru mörg stæði," segir Kolbrún. „Við fáum aftur á móti stæði með tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í staðinn, en það er alveg rétt að stæðum hefur fækkað."

Íbúar í nýrri húsum miðbæjarins hafa hins vegar margir aðgang að bílakjöllurum og bætir það ástandið eitthvað fyrir íbúa svæðisins að hennar sögn. En þeim sem sækja miðborgina heim og vilja skreppa í búð eða kíkja á kaffihús, verður einungis erfiðara að finna stæði í framtíðinni. *tryggvi@frettabladid.is*

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

VILTU VERÐA RIDDARI GÖTUNNAR?
VERTU KLÁR FYRIR SUMARIÐ!
BÓKLEGT BIFHJÓLANÁMSKEIÐ Á NETINU!
www.ekill.is
www.ekill.is • upplýsingar í síma 894 5985

SAVAGE X 4.6 Big Block
HPI Savage X 4,6
ÖFLUGUR FJARSTÝRÐUR BENSÍN TORFÆRUTRUKKUR.
EIGUM TIL BÍLA Á GAMLA VERÐINU
Tómstundahúsið
Tómstundahúsið • Nethyl 2 • sími 587-0600
www.tomstundahusid.is

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur"
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

Meguiar's
Meistarabón
Hjá Málningarvörum ehf - áður Gísli Jónsson ehf - færðu heimsþekktar bón- og hreinsivörur frá Concept og Meguiar's. Komdu og fáðu réttu efnin og ráðgjöf frá fagmönnum um hvernig þú getur gert bílinn hreint og beint skínandi fallegan!
MÁLNINGAR-VÖRUR EHF
Málningarvörur ehf. | Lágmúla 9 | Sími: 581 4200 | malning@malningarvorur.is | www.malningarvorur.is

Impreza Halldórs og Guðlaugs er ein kraftmesta Impreza Evrópu. Hún er fullkomlega lögleg á götuna en þar sem bíllinn er ætlaður í brautarakstur er hann afar óhentugur á rúntinn að sögn Halldórs, eiganda hennar. Kúplingin vill annaðhvort vera opin eða lokuð og henni líður ekkert vel í hálfkáki eins og Halldór orðar það. MYND/ÚR EINKASAFNI

Einn besti götubíll Evrópu

Ten of the Best 7-keppnin fer fram á morgun í Elvington í Bretlandi. Íslendingar eiga sína fulltrúa í keppninni, feðgana Halldór Jónsson og Guðlaug Má Halldórsson, sem tefla fram rúmlega 880 hestafla Subaru Impreza undir nafninu Team Ice.

Ten of the Best-keppnin fer fram í sjöunda sinn nú um helgina í Elvington í Bretlandi. Keppt er í kvartmílu, hámarkshraða og stuttum brautarakstri en allir bílarnir sem taka þátt eru götubílar, sem þýðir að þeir eru löglegir á götuna, skoðaðir og tryggðir. Leitað er eftir bestu bílum hverrar tegundar, auk þess sem keppt er í hverri grein fyrir sig. Aðalmálið er þó heildarkeppnin þar sem keppt er um titilinn „besti götubíll Evrópu“.

Hámarkshraði bílsins er rúmlega 320 km/klst. Hraðinn gæti verið meiri eftir breytingarnar sem bíllinn gekk í gegnum á síðasta ári. MYND/ÚR EINKASAFNI

Feðgarnir Halldór Jónsson og Guðlaugur Már Halldórsson, sem mynda Team Ice, taka þátt fyrir Íslands hönd en þeir hafa nokkrum sinnum keppt með vægast sagt góðum árangri. Þeir keyra Subaru Impreza og árið 2005 urðu þeir fyrstir í Evrópu til að fara kvartmíluna á undir 10 sekúndum á beinskiptri Impreza. Árið 2006 kepptu þeir til úrslita í kvartmílunni í Ten of the Best og sama ár enduðu þeir í fjórða sæti heildarkeppninnar. Þar með náðu þeir því markmiði að vera með einn af fimm bestu bílum keppninnar.

Feðgarnir kepptu ekkert á síðasta ári þar sem bíllinn var gjörsamlega tekinn í gegn. Útkoman er enn kraftmeiri bíll sem skilar rúmlega 880 hestöflum. Hugsanlegt er að smávægilegar breytingar verði gerðar á bílnum rétt fyrir keppni þannig að hilla fer í 1.000 hestafla markið.

Feðgarnir ættu því að eiga raunhæfa möguleika á að jafna eða jafnvel bæta árangur sinn frá 2006. En til þess þarf allt að ganga upp og bæði bíll og ökumaður að eiga toppdag. *tryggvi@frettabladid.is*

Umhverfismildustu bílarnir

NÝ SAMANTEKT FRÁ BRETLANDI SÝNIR AÐ BMW ER UMHVERFISMILDASTA BÍLAMERKIÐ Á MEÐAL LÚXUSBÍLA.

Umhverfismildasta bílamerkið meðal lúxusbíla er BMW, að því er fram kemur í nýrri samantekt sem stofnunin Clean Green Cars gerði í Bretlandi.

CO2 útblástur nýrra BMW bíla hefur minnkað um rúmlega ellefu prósent á undangengnu árstímabili og meðalútblástur bílanna er 161,64 g/km. Reyndar hefur bæði Jeep og Subaru tekist að draga meir úr útblæstrinum í prósentum talið, sá fyrrnefndi um sautján og hinn um fjórtán prósent. En meðalútblástur þeirra er með því mesta sem gerist eða yfir 200 g/km.

Þá hefur meðalútblástur hjá Audi lækkað um 5,78 prósent niður í 177,36 g/km. Mercedes um 4,13 prósent niður í 192,85 g/km. Áhugavert er að Lexus, sem leggur talsvert upp úr tvinntæknilækkaði um 2,16 prósent. Meðalútblásturstalan er engu að síður fremur há, eða 194,85 g/km.

„Hann var frekar þjóðernissinni. Hann lifði svo sannarlega ekki eins og kommúnisti og ef þetta væri bara kommúnistaþvaður þá væri hann varla lesinn svona mikið enn í dag," segir Chay.

„En Halldór var að segja að íslenska þjóðin væri mjög sérstök og þyrfti að varast að fara í eina átt, halla sér upp að einu ríki. Það voru þessar hugmyndir um þjóðina í verkum Laxness sem drógu mig til Íslands fyrst. Ég vissi að það var eitthvað sem ég skildi ekki í fari Íslendinga.

Ég hef í það minnsta lært þetta: Íslenskt frelsi er allt annað frelsi en þetta bandaríska. Við lítum á okkur sem frjálsa þjóð, þið lítið á ykkur sem frjálsa einstaklinga. Íslendingar elska ekki endilega land sitt minna en Bandaríkjamenn sitt, en ég held að hugmyndin um að deyja fyrir land sitt sé ansi framandi hér. Einstaklingurinn skiptir miklu meira máli á Íslandi en í Bandaríkjunum. Og þetta fær maður frá Halldóri Laxness. Áhrif hans eru meiri en fólk heldur. Þau breyta huga manns um alla tíð."

RÁÐHERRA SPURÐI



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fór þess á leit í janúar við bandaríska utanríkisráðuneytið að það beitti sér í að nánasta fjölskylda Laxness fengi aðgang að þeim leyniskjölum sem eftir standa hjá FBI.

Formlegt svar hefur ekki borist, en þess er að vænta á næstunni. Þó munu Bandaríkjamenn hafa gefið til kynna að dræmlega yrði tekið í þessa fyrirspurn.

KYNNTIST VERKUM LAXNESS FYRIR RÆLNI Chay Lemoine flutti til landsins til að kynnast Íslendingum betur en býr nú í Illinois. Hann hefur rannsakað leyniskjöl um nóbelsverðlaunahöfundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Íslenskt frelsi er allt annað frelsi en þetta bandaríska. Við lítum á okkur sem frjálsa þjóð, þið lítið á ykkur sem frjálsa einstaklinga.

ÍSLENSKA SAFNIÐ

Þjóðskjalasafnið vinnur nú að því að gera aðgengileg svokölluð kaldastríðsskjöl, skjöl utanríkisráðuneytisins um öryggis- og varnarmál, frá árunum 1945 til 1991.

Utanríkisráðuneytið ákvað snemma árs 2007 að gera þau aðgengileg nefnd, sem ákveður svo með aðgang fræðimanna og almennings að þeim.

Safnið mun vera um 800 hillumetrar að stærð og er áætlað að flokkun þess taki um þrjú ársverk.

Í þeim ætti að standa sitthvað um samskipti Bandaríkjamanna og Íslendinga á þessum árum.

BYLGJAN OPEN 2008
26. OG 27. JÚLÍ
Á VELLI GKG Í GARÐABÆ

Skráðu þig í eitt glæsilegasta golfmót ársins.
Tveggja daga punktakeppni með niðurskurði.

Vinningar:
Tvær glæsilegar golfferðir fyrir tvo frá Sumarferðum til Spánar í haust
Tvær 30.000 kr. inneignir frá Kreditkorti
Sex 25.000 kr. símar frá Tali
Fimmtán 15.000 kr. Cintamani jakkar
Sex 10.000 kr. inneignir hjá Ecco búðunum
Fjöldi áskrifta að Stöð 2 Sport og Sport 2

Nánari upplýsingar á bylgjan.is og skráning á golf.is

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

ecco · Cintamani · KREDITKORT · SUMAR FERÐIR · Tal · Stöð 2 SPORT · GKG

GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

Góð vika / slæm vika

Góð vika fyrir...

Mel Gibson valdi hárréttan tíma til að heimsækja okkur í gær. Slegið var hitamet þegar Ástralinn góðglaði spókaði sig í bænum og Ísland færðist í fjórða sæti á Big Mac-vísitölulistanum. Leikarinn fékk sér þrefaldan kaffi latté og mun hafa verið mjög sáttur við kaffibollann. Auk þess var hann gríðarlega vinsamlegur við gesti og gangandi og hvorki að tala illa um gyðinga né keyra full- ur.

Bigga í Maus Það þarf þor og hámarks einlægni að standa keikur og opna á sér hjartað jafn innilega og Biggi gerir aftan á næstmest lesna dagblaði landsins í gær. Ekki aðeins semur hann frið við Bubba Morthens heldur segir hann líka það sem okkur öll langar til að segja en þorum bara ekki: Mamma, ég elska þig.

Alþýðufólk Nokkur hasar varð á mánudaginn í kjölfar ummæla Bubba um að Björk og Sigur Rós ættu frekar að styðja blá-fátækt alþýðufólk í stað þess að væla þetta endalaust um mosa og grjót. Gerðu það bara sjálfur var svarað á móti. Það er því alveg ljóst að alþýðan á Íslandi á marga hauka í horni og fyrr en síðar hlýtur einhver að ganga fram fyrir skjöldu og styðja hana.

Slæm vika fyrir...

Ólaf Ragnar Grímsson Fleirum en grautfúlustu sjálfstæðismönnunum er farið að finnast sem herra forseti vor fjarlægist fullgeyst alþýðuna og ræturnar. Hann ætlar eins og ekkert sé í kokkteilboðin í Kína og býður eintómu slekti og silkihúfum í snobbveislurnar á Bessastöðum. Sniðugra hefði til dæmis verið að glæpakvendið Martha Stewart hefði blandað geði við konuna á Bæjarins beztu sem afgreiddi Clinton með pulsuna í denn og Margréti Sigfúsdóttur sem var í Allt í drasli. Það hefði öllum þótt krúttlegt.

Baggalút Nýtt lag með þessum meintu grínistum hvetur til hópnauðgana. Eða svo vill Hjálmar Sigmarsson, ráðskona Karlahóps Femínistafélags Íslands, að minnsta kosti meina og kemur hvorki auga á hæðnina né grínið. Sem betur fer er Baggalútur á leið á Íslendingadaginn í Gimli og því verða vonandi allir búnir að gleyma þessu hryllilega lagi þegar þeir koma heim.



Ferðamenn Náttúran getur verið grimm og er ekki alltaf sæt eins og hvolpur í Disney-mynd. Þessu fengu ferðamenn að kynnast í vikunni. Tveimur þýskum tókst með snarræði að bjarga í öldurótinu í Reynisfjöru og hópur í hvalaskoðun frá Húsavík fékk áfall þegar samhæfðir háhyrningar réðust á hrefnu og drápu hana á meðan kálfarnir léku sér í blóðinu. Keikó hvað?

KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON KÍKIR Í ERLEND BLÖÐ

Ölstofur anarkista

Okupa-bar er katalónskt nafn, notað um ólöglega vínveitingastaði. Þetta eru „hertekin" híbýli; íbúðir og hús sem stóðu auð, en geyma nú yfirleitt ungt fólk, sem ekki hefur efni eða vilja til að kaupa sér húsnæði á markaði. Það nýtir sér hluta hússins til að selja gestum áfengi.

Margar hústökur eru í Evrópu, sérstaklega síðan á hippa- og pönktímum. Sumstaðar er hægt að komast hjá lögum um eignarrétt, og nýta húsnæði sem enginn nýtur. Þetta eru á stundum gömul hrörleg hús sem eiga að víkja fyrir nýjum.

Breska blaðið Guardian fór á okupa-rölt í Barcelona í vikunni og lýsir löglausri galeiðunni með fremur jákvæðum orðum. Alloft séu þetta friðsælir staðir og innréttingar hógværar, teknar af skransölu eða frá ömmu. Lítt lýstir og ekkert glansar. Notaleg heimilisstemming, stundum.

Slíkir baðstofubarir eru reyndar vinsælir víða. Það sem kemst næst þessum stíl hér á landi, ef litið er til innréttinga, er ef til vill Babalú á Skólavörðustíg. Sirkus á Klapparstíg var í áttina líka. Báðir löglegir samt.

Vinsælasta okupa-hverfið í Barcelona er Gotneska hverfið. Gleðifólk og atvinnudjammarar sækja helst í gotnesku leynibarina, ásamt listamönnum og öðrum slörkurum. Sum verts- húsin þykja svo merkileg að fræga fólkið mætir á nóttunni. Þetta er í tísku.

Lögreglan amast auðvitað við þessu framtaki og lokar frjálsu börunum reglulega. En ekki er að sjá að handtökur skili miklu. Dyr þeirra opnast jafnskjótt aftur.

Einn þessara staða, reyndar í Raval-hverfi, er And-bannklúbburinn, ALA. Þar er margt leyft, sem er annars bannað með lögum. Margir þessara staða voru nefnilega opnaðir af hugsjón. Og sprúttið er ódýrt.

Þjóðverjar eru lengra komnir í þessum efnum en Spánverjar. Svipaðar knæpur í Berlín hafa verið okúpaðar svo lengi að allir eru búnir að gleyma því. Nema stoltir vertarnir, sem eru orðnir löglegir skattborgarar, með virðisaukanúmer.

Oft er talað um að í Reykjavík vanti líf og fjölbreytni og umfram allt ódýran bjór. Nýjar knæpur kosta milljónalán fyrir speglum og stáli, sem kúnninn borgar vælandi. En það er nóg af tómum húsum í miðbæ Reykjavíkur.

Þetta gæti verið upplagt almannatengslaverkefni fyrir Torfusamtökin, nú eða Saving Iceland. Koma niður af heiðinni og bjarga okkur um bjór. Fáir myndu fúlsa við þeirri hugsjón.

HELGARKROSSGÁTAN



					127 MP & BH	TRÉ	EGGJA-RAUÐA / SKOLTUR		KRINGUM	LITA / NIRFILS-HÁTTUR		HÝRA					
					LENGDAR-EINING												
					MAK / FLÓI				DRULLA / FRÍ					FISKINET / ÍÞRÓTTA-FÉLAG	NÚNA		
	FORN-GRIKKI	ÆST	HVÆSA	SKIL				KLAFI / MJÖG			TILGREINA / TVEIR EINS						
RÉÐU YFIR / FJÖGUR				4		MÆLI-EINING / STAGA			3			KRUKKA / STEFNA					
				RIST / BLÖKK						MÁLMHÚÐA / SLABB						SKÓA	
FNÆSA		SKYLDI / NÝLEGA					HLEMMUR / SKST.				SMÍÐA / TJÓN						
1					Í RÖÐ			HREIN-SKILIÐ / ÞRÍ						UTAN / ALLSLEYSI			
ÁGÆTIS					OT / SKOT				REGLA / KK NAFN				LEYFI / KUSK				
ÁTT			KÆLA				FUGLA HLJÓÐ / VARKÁRNI					LJÁ / TÓNLISTAR-TEGUND		2			
ÚT						MÁLM-ÞRÁÐUR / FJALLA-SKARÐ			6	HOLA / TÆRA							MEIÐSLI
				SIÐA				STELA / VERSLUN					TVEIR EINS			Í RÖÐ	
											VÍTA						
				ROF					DVALAR-STAÐUR							5	

Lausn krossgátunnar, ásamt eldri gátum og lausnum, er birt á vefnum, www.this.is/krossgatur

Verslunarmannahelgin á Akureyri

Ein með öllu og allt undir

Yfirbragð verslunarmannahelgarinnar í ár verður **mjúkt og elskulegt** og við leggjum áherslu á að bæði bæjarbúar og gestir **njóti lífsins** og upplifi sanna Akureyrarstemmningu. Við leikum okkur með það sem hér er og rifjum líka upp **stemmningu liðinna tíma.** Í stað hefðbundinnar dagskrár á sviði verða **ýmis ævintýri,** stór og smá, um allan bæ og árangurinn verður metinn í fjölda brosa.

Ótal margir hafa komið að undirbúningi hátíðarinnar og stærstu bakhjarlarnir eru Saga Capital, Ölgerðin, Nettó, KEA, Norðlenska og Landflutningar auk Akureyrarbæjar. Það er von okkar að helgin verði gleðileg og minningarnar ljúfar.

Vinir Akureyrar í samvinnu við Akureyrarstofu.

FÖSTUDAGUR:

12:00 Ketilhús
Föstudagstónleikar. Heidelberg-kvartett frá Þýskalandi.

14:00 Létt grill fyrir heimamenn og gesti á svölunum á Strikinu.

20.00 AKUREYRARKIRKJA
Óskalagatónleikar Eyþórs Inga Jónssonar organista.

21.00 SÖGUSIGLING MEÐ HÚNA

22.00 HLÖÐUBALL Í DYNHEIMUM
Dynheimakynslóðirnar mæta með börnin sín og kenna þeim hvernig á að skemmta sér. Þórhallur í Pedro og Hólmar Svansson í diskótekinu.

Verslanir í miðbænum verða opnar fram eftir kvöldi.

Græni hatturinn: **Hvanndalsbræður**
Sjallinn: SWITCH (Trevor Lovey), plötusnúðar **Flex Music og Barcode**
Vélsmiðjan: **Hljómsveitin Von** ásamt **Matta úr Pöpunum**
Kaffi Akureyri: **Doddi litli**
101 Akureyri: **MR.Cuellar**
Café Amour: **Double trouble**
Marína: **Ný dönsk**

LAUGARDAGUR

12.00 Ljúf stund í Lystigarðinum við undirleik Húsbænda og hjúa. Nestiskarfa og teppi, býflugur og blóm. Í boði Vífilfells.

13.00 Jónas Viðar Gallery. Sumarsýningin opnuð

14.00 Níundi áratugurinn tekur völdin í miðbænum með tilheyrandi hárlakki og herðapúðum, myndböndum, minningum og ótal ævintýrum sem krydda tilveruna.
- Hraðnámskeið í tungumáli innfæddra
- Jane Fonda leikfimi v/Amtsbókasafnið kl. 15.00
- Eyfirska sumartískan í Hafnarstræti kl. 16.00
- ´80s hárgreiðslur í boði Félags hárgreiðslu- og hárskerameistara á Norðurlandi
... og ótal, ótalmargt annað sem laðar fram bros gesta og gangandi.

14.00 Aflraunameistari Íslands. Stjórnandi: Magnús Ver Magnússon.

14.00 Söguganga um Innbæinn á vegum Minjasafnsins með Herði Geirssyni. Lagt verður af stað frá Laxdalshúsi.

14.00 Ketilhúsið
Opnun á sýningunni „Flétta", samsýning Önnu Maríu Guðmann, Bjargar Eiríksdóttur og Sveinu Bjarkar Jóhannesdóttur.

14.00 Ketilhús – utandyra
Gjörningur: „Gullna röndin". Aðalsteinn Þórsson „pimpar" upp veggverkið Akureyri menningarborg og gefur því „glim-glim".

14.00 Café Karólína
Opnun á sýningu Margeirs Dire Sigurðssonar.

14.00 Svala söngvakeppnin á Glerártorgi og Söngvaborg í boði Nettó. Skemmtileg keppni fyrir söngelska krakka og strax að henni lokinni breyta Masi, Stubbi sjóræningi, Silja, Sigga Beinteins og María Björk Glerártorginu í Söngvaborg. Skráning í söngvakeppnina hefst á Glerártorgi kl. 13.00.

15.00 Deiglan „Dúett-Sonnettusveigur", myndlist og ljóð. Ólöf Björk Bragadóttir og Sigurður Ingólfsson.

18.00 Leikfélagið Sýnir frumsýnir nýtt verk í Lystigarðinum.

18.00 Sigling með Húna til Hjalteyrar
(sjá Hjalteyrarhátíð www.verksmidjan.blogspot.com).

20.00 What a feeling! Danskennsla á Ráðhústorgi
Karókíkeppni (sjá lagalista á www.einmedollu.is)
Páll Óskar
Sigga, Bryndís og Tina Turner
´80s ball með Hljómsveitinni Von.

Græni hatturinn: **Hvanndalsbræður**
Sjallinn: **Sálin hans Jóns míns**
Vélsmiðjan: **Hljómsveitin Von, Tina Turner tribute og hljómsveit**
KA heimilið: **Páll Óskar** 16 ára dansleikur frá 23:00-03:00
Strætó eftir ball.
Kaffi Akureyri: **DJ Geir Flóvent**
101 Akureyri: **A.Ramirez**
Café Amour: **Double trouble**
Marína: **Eyfirskar nætur**
Dátinn: **DJ Hreggo**
Strikið: **´80s tónlist á svölunum**

SUNNUDAGUR:

12.00 Hádegistónleikar í Iðnaðarsafninu í boði Norðlenska. Guðrún Gunnarsdóttir og Inga Eydal og fleiri. Pylsur með **rauðkáli og Vallash.**

14.00 Feluleikur í boði Ölgerðarinnar á Hamarkotstúni. Þar verður búið að fela hitt og þetta sem kátir krakkar geta spreytt sig á að finna.

14.00-17.00 Skautaball í Skautahöllinni.

14.00 Lifandi leiðsögn um Innbæinn. Lagt af stað frá kirkjutröppunum.

15.00-17.00 Garðveisla í **Laxdalshúsi** að hætti heldri borgara. Ljóðalestur og tónlist, kaffisala og hugguleheit. Í húsinu er sýning Leikminjasafns Íslands þar sem leiklist á Akureyri er í aðalhlutverki og einnig sýning á listaverkum Þráins Karlssonar, eins ástsælasta leikara bæjarins.

Sunnudagsbíltúrinn: Eyjafjarðarhringurinn (sjá nánar á www.einmedollu.is)
Markaðsstemmning og **Matur úr héraði** í miðbænum.

21.00 Bæjarbúar og gestir leggja af stað á Akureyrarvöll. Heilsa sumum með handabandi, öðrum með kossi og koma sér vel fyrir.

21.30 Sparitónleikar á Akureyrarvelli í boði KEA.
Eurobandið ásamt danska Evróvisjónfaranum Simon Mathew, Pálmi Gunnarsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Karlakór Akureyrar Geysir, Sigga Beinteins og Bryndís Ásmundsdóttir. Dagskráin endar á lögum Vilhjálms heitins Vilhjálmssonar.

23.00 Flugeldasýning í boði Saga Capital
Sjallinn: **Eurobandið og Simon Mathew**
Vélsmiðjan: **Tina Turner tribute–Sigga Beinteins og Bryndís Ásmunds**
Kaffi Akureyri: **A.Ramirez og Haffi Haff**
101 Akureyri: **Klúbbadúettinn ZurgBassi**
Café Amour: **Double trouble**
Marína: **Eyfirskar nætur**
KA-heimilið: **N3 ásamt BIGBEN** 16 ára dansleikur frá 23:00-03:00
Strætó heim.
Dátinn: **Dj Leibbi**
Strikið: **Kristján Edelstein og Pétur Hallgrímsson**

ALLA HELGINA:

GLERÁRTORG: Tívolí UK frá 1.-10. ágúst í boði Landflutninga.
Opið alla daga kl. 13.00-23.00

SIGLINGAKLÚBBURINN NÖKKVI: Bátasport
Laugardag og sunnudag frá 11.00 – 17.00

HÚNI II: Föstudagur: Sögusigling
Laugardagur: Kl. 14.00, 16.00 og 18.00 (Hjalteyrarferð)
Sunnudag kvöldsigling kl. 20.00

ALLINN: Kántrýstemmning um helgina. Sérstök dagskrá fyrir börnin sunnudag kl. 14.

HAFFARI: Sjóstangveiði
Þrjár ferðir á dag kl. 10.00, 15.30 og 20.00

HRÍSEY: Vagnferðir, handverkshús, merktar gönguleiðir, söfnin opin, sundlaug, veitingastaður, verslun og tjaldsvæði, (www.hrisey.net).

ÆVINTÝRALAND á fjölskyldutjaldsvæðinu að Hömrum: Ratleikir, hoppkastalar og bátar. Barnaefni á morgnana í Grænu hlöðunni, golfmót, risafótboltaspil og kvöldvaka á hátíðarsvæði.
Allir velkomnir.

www.einmedollu.is
www.visitakureyri.is
Voice fm 98.7

Saga Capital · GOÐI · KEA · Landflutningar Samskip · netto · Ölgerðin Egill Skallagrímsson

Nánari upplýsingar um dagskrána er að finna á: www.einmedollu.is, bensínstöðvum N1 og verslunum Nettó og Samkaupa um land allt.

KATE BECKINSALE LEIKKONA FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1973.

„Eftir að ég varð móðir varð ég öll viðkvæmari og varð betri leikkona fyrir vikið.“

Kate Beckinsale er dóttir leikkonunnar Judy Loe og breska leikarans Richard Beckinsale. Hún hefur átt mikilli velgengni að fagna í kvikmyndum og hefur unnið til ýmissa verðlauna.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 26. JÚLÍ 1936

Grettissund frá Drangey til lands

Það var á þessum degi fyrir sjötíu og tveimur árum að Pétur Eiríksson synti Grettissund frá Drangey til lands. Þá var hann aðeins nítján ára gamall en tíu árum áður gekk hann við hækjur. Níu árum áður hafði Erlingur Pálsson, yfirlögregluþjónn og stofnandi Sundsambands Íslands, synt úr Drangey til lands á fjórum klukkustundum og tuttugu og fimm mínútum en talið er að Erlingur hafi verið fyrstur til að synda þessa leið síðan Grettir Ásmundarson gerði það árið 1030. Árið 1998 þreytti Kristinn Magnússon sundgarpur Grettissund og varð þar með fimmti maðurinn til að ljúka Grettissundi. Kristinn bætti eldra metið í Grettissundi en hann synti skriðsund alla leiðina og fór vegalengdina á 2,10 klukkustundum.

Grettissund er synt frá Uppgönguvík í Drangey.

Grettissund er 7,5 km.

MERKISATBURÐIR

1953 Brúin yfir Jökulsá á Lóni er vígð og var þá næstlengsta brú landsins.

1959 Eyjólfur Jónsson syndir úr Kjalarnestanga til Reykjavíkur. Vegalengdin er um tíu kílómetrar og tók sundið fjóra og hálfa klukkustund.

1965 Maldíveyjar öðlast sjálfstæði.

1983 Einar Vilhjálmsson setur Íslandsmet í spjótkasti, 90,66 metra, þegar hann sigrar á úrvalsmóti Norðurlanda og Bandaríkjanna.

1992 Teygjustökk er reynt í fyrsta sinn opinberlega á Íslandi í tilefni af fimm ára afmæli Hard Rock Café í Reykjavík.

90 ára afmæli

Kristján Reykdal,

leigubifreiðastjóri, ökukennari og sunnudagaskólakennari til margra ára, verður 90 ára þann 27. júlí. Hann mun taka á móti ættingjum og vinum á afmælisdaginn milli kl. 16 og 18 í félagsmiðstöðinni að Árskógum 4, Neðra-Breiðholti, 109 Reykjavík.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Jóhann Guðmundsson

Erluási 38, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 24. júlí 2008.

Guðrún J. Guðlaugsdóttir
Jóna Laufey Jóhannsdóttir **Ingvar Hreinsson**
Inga Jóhannsdóttir **Daði Bragason**
Jóna Guðrún Jóhannsdóttir **Þorgils E. Ámundason**
Guðmundur Jóhannsson **Guðrún Ágústa Unnsteinsdóttir**
og barnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, fósturmóðir, amma og langamma,

Lára Kristjana Hannesdóttir

lést að kvöldi miðvikudagsins 23. júlí.
Jarðarförin auglýst síðar.

Aðalheiður Halldórsdóttir **Valdimar Jónsson**
Hannes Einar Halldórsson **Kristín Valgerður Ólafsdóttir**
Gunnar Sigurður Halldórsson **Guðrún Ingvarsdóttir**
Garðar Friðfinnsson **Hulda Sigurðardóttir**
Rut Friðfinnsdóttir **Tómas Sigurðsson**
Björk Friðfinnsdóttir **Jón Óskar Hauksson**
Viðar Már Friðfinnsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gunnhildur Guðmundsdóttir

Hvassaleiti 20, 103 Reykjavík,

sem lést laugardaginn 19. júlí síðastliðinn, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 30. júlí kl. 15.00.

Guðmundur Sigurðsson **Valgerður Marínósdóttir**
María Sigurðardóttir **Einar Loftsson**
Áslaug Sigurðardóttir **Sveinn Hannesson**
Hrefna Sigurðardóttir **Haukur Valdimarsson**
Sigurður Sigurðarson
Ingibjörg Sigurðardóttir **Bjarni S. Einarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

HLAUPIÐ Í STÓRBROTINNI NÁTTÚRU Þorsteinn Hymer er einn af skipuleggjendum Jökulsárhlaupsins þetta árið. MYND/SNÆDÍS LAUFEY BJARNADÓTTIR

ÞORSTEINN HYMER ÞJÓÐGARÐSVÖRÐUR: JÖKULSÁRHLAUP Í FIMMTA SINN

Sameinar útivist og hreyfingu

Jökulsárhlaup verður haldið í fimmta sinn í dag en hlaupið er með vinsælustu víðavangshlaupum landsins. Hlaupið er um stórbrotið landslag Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og liggur leiðin um margar af helstu náttúruperlum landsins.

„Þetta eru þrjár vegalengdir en aðalhlaupið er frá Dettifossi og norður í Ásbyrgi en það er um 33 kílómetra vegalengd. Síðan er hægt að hlaupa frá Hólmatungu að Ásbyrgi sem er 21,2 kílómetrar og frá Vesturdal að Ásbyrgi sem er 13,2 kílómetrar,“ segir Þorsteinn Hymer, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar í Vatnajökulsþjóðgarði.

Sama leið hefur verið hlaupin frá upphafi. „Þetta fór rólega af stað og í upphafi stóð Kelduneshreppur á bak við þetta en nú er hópur fólks sem stendur á bak við hlaupið og hefur gert undanfarin ár. Sex manna nefnd sér um hlaupið og síðan hafa ýmsir styrktaraðilar komið til liðs við okkur,“ útskýrir Þorsteinn áhugasamur.

Má þar nefna Saga Capital Fjárfestingarbanka, 66°Norður og Bókaforlagið Opnu. Hlaupið hefur einnig undið upp á sig í gegnum árin er kemur að fjölda þátttakenda og nú er svo komið að biðlisti hefur myndast.

„Þetta verður stöðugt stærra og viðameira hjá okkur. Nú erum við komin með langa biðlista auk þess sem hlaupinn er hringur og við erum í vandræðum með að útvega rútur til þess að flytja hlauparana að rásmarki, enda háannatími núna,“ segir Þorsteinn og bætir við brosandi: „Við eigum nú erfitt með að segja nei en verðum því miður að draga mörkin þar sem flutningsmátinn takmarkar okkur.“

Metskráning er þetta árið en um hundrað og sextíu hafa skráð sig til leiks og fleiri eru á biðlista. „Þetta hlaup sameinar góða hreyfingu og stórkostlegt umhverfi sem hlaupið er í. Lagt er af stað við Dettifoss sem er einn aflmesti foss Evrópu og þaðan er hlaupið um sanda og auðnir uns komið er í fallega gróðurvin í Hólmatungum þar sem spretta fram tærar bergvatnsár undan klöppunum. Svo halda menn áfram og koma þá niður í Hljóðaklettasvæðið og enda með því að hlaupa niður í Ásbyrgi og fá á leiðinni stórkostlegt útsýni yfir Ásbyrgi,“ segir Þorsteinn heillaður.

Hlaupið endar svo yst við Ásbyrgi en markið er við gestastofu þjóðgarðsins.

Allir þátttakendur fá verðlaunapening fyrir þátttöku en sigurvegararnir fá stærri verðlaunagrip og nafn þeirra verður áletrað á átta tonna bjarg sem stendur fyrir utan gestastofu þjóðgarðsins. „Sigurvegararnir fá einnig bók um Jökulsárgljúfur sem Bókaforlagið Opna gefur út og 66°Norður gefur hlaupafatnað úr nýrri línu sem þeir eru að fara af stað með,“ segir Þorsteinn.

Sumir hlauparanna hafa verið með frá byrjun en að sögn Þorsteins eru alltaf nýir að bætast í hópinn. „Svo skemmir veðurspáin ekki fyrir og sumir hlauparanna eru nú þegar mættir á tjaldstæðið og ætla að vera hér í útilegu fram yfir hlaup.“

hrefna@frettabladid.is

Hippaball um helgina í Ketilási

Ketilás í Fljótunum er fornfrægur ballstaður. Áður fyrr skemmtu Sigl-, Ólafs- og Skagfirðingar, auk nærsveitunga, sér konunglega á böllum þar, einkum er Stormar spiluðu fyrir dansi.

Nú á að endurtaka leikinn laugardagskvöldið 26. júlí og endurupplifa hippastemninguna.

Húsið er opnað kl. 21.30 og Stormar stíga á svið fljótlega eftir það. Kvenfélagið verður með gos- og samlokusölu á staðnum en vilji gestir væta kverkarnar með söngglóu verða þeir að koma með hana sjálfir.

Aðgangseyrir er 2.500 krónur og rennur allur ágóði til hússjóðs Ketiláss til viðhalds. Ballgestir eru hvattir til að mæta klæddir í anda tímabilsins.

Aldurstakmark er 47 ár og verða allir sem yngri eru að koma í fylgd með fullorðnum. **- tg**

STORMAR Í KETILÁSI Á GULLALDARTÍMANUM Fyrir endurkomuna hafa meðlimir bandsins, sjö talsins, verið í stífum æfingabúðum á Siglufirði í viku. MYND/ÚR EINKASAFNI

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

RISA MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI

FRISSI FRÍSKI

FYRIR BÖRNIN
*meðan birgðir endast

VERÐ FRÁ KR. 99

Íslensk tónlist - erlend tónlist

TÓNLIST

klassík - jazz - DVD tónlist

Lokahelgin

allt á að seljast

Þúsundir titla í boði

TÖLVULEIKIR

Leikir á allar leikjarvélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo

DVD MYNDIR

VERÐ FRÁ KR. 199

ekki missa af þessu

Nóg af bílastæðum

OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR

STUÐ MILLI STRÍÐA Ísland, best í heimi en bara í skrifuðu máli

TRYGGVI GUNNARSSON VELTIR FYRIR SÉR AF HVERJU ÍSLENSKIR DÆGURLAGATEXTAR ERU SVONA SLÆMIR

„Á íslensku má alltaf finna svar," sagði í mjólkurauglýsingunni sem sýnd var fyrir hvern einasta fréttatíma. Vissulega er fullyrðingin rétt. Allir geta fundið svar, en það er fárra að finna gott svar.

Dagfarsprúði snillingurinn Dagur Kári sagði í viðtali á dögunum að það væri mun auðveldara að skrifa texta á ensku en íslensku. Hann vildi meina að íslenskt ritmál væri svo langt frá töluðu máli að það gerði íslenskum höfundum mjög erfitt fyrir. Hann hefur rétt fyrir sér. Reynið bara að lesa fyrstu málsgrein þessa texta upphátt fyrir einhvern annan og láta hana hljóma eðlilega og sannfærandi.

Á Íslandi eru allir rithöfundar og annar hver maður hefur gefið út bók. En þegar kemur að því að búa til góða texta sem flytja á á sviði, í sjónvarpi eða í útvarpi vandast málið.

Leikarar fá oft vonlausan texta að vinna með og verður útkoman vægast sagt vandræðaleg. Þó komast sú vandræðalegheit ekki í hálfkvisti við aulahrollinn sem heltekur mann þegar íslenskar sveitaballahljómsveitir gefa út ný lög. Oftast er verið að herma eftir því sem vinsælt er í útlandinu og stundum með ágætis árangri. Þegar kemur að því að gubba út úr sér textanum er hins vegar annað upp á teningnum.

Ég var alltaf þeirrar skoðunar að flestir íslenskir popptónlistarmenn hefðu málþroska á við malbik. Alveg þangað til ég fór að rýna betur í texta þeirra erlendu sveita og söngvara sem ég hlusta reglulega á og falla undir poppmennningu. Chris Martin í Coldplay syngur til dæmis um hvað honum líði illa og að hann sé allur gulur, Bono vill grafa í sál sinni eins og moldvarpa og Michael Jackson er sama hvort hlutirnir séu hvítir eða svartir. Humm …

Textarnir eru eins en einhvern veginn hljóma þeir betur á ensku. En hafa textar landa minna eitthvað batnað við þessa uppgötvun mína? Nei. Ég bíð heldur eftir næstu malbiksplötu en að hlusta á eitthvert af sólar-böndunum.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

> **PUSSYCAT KIM**

Kim Kardashian verður næsti gestur hjá Pussycat Dolls, en hún mun feta í fótspor Scarlett Johanson og Christinu Aguilera og koma fram með bandinu í haust. Kim er helst þekkt fyrir að vera mikið úti á lífinu og hafa þrýstinn bakhluta, en hún og fjölskylda hennar eru einnig í sviðsljósinu í veruleikaþáttunum Meet The Kardashians.

fólk

folk@frettabladid.is

Wood elskar báðar

RONNIE WOOD Kominn í meðferð og segist elska tvær konur.

Bassaleikari Rolling Stones, Ronnie Wood, er sem kunnugt er kominn í meðferð. Rokkarinn skráði sig í meðferð að ósk fjölskyldu sinnar eftir að hafa eytt tvemur vikum á sveitasetri sínu á Írlandi ásamt tvítugri kærustu sinni. Vinur Ronnies sagði í viðtali við The Sun að Ronnie fengi ekki að eiga í neinum samskiptum við umheiminn næstu daga á meðan hann ynni að bata sínum. „Ronnie sækir fundi og í einum þeirra sagðist hann elska tvær konur, eiginkonu sína og kærustu. Þetta hljómar undarlega en svona sér hann þetta. Sjálfum finnst honum að fjölmiðlar hafi gert úlfalda úr mýflugu þegar þeir fjölluðu um framhjáhald hans, en það er einmitt hluti vandans, honum finnst hann ekki hafa gert neitt rangt.“ Eiginkona Ronnies sagði í kjölfar framhjáhaldsins að hjónabandi þeirra til 23 ára væri lokið.

Eyfi braut á Sverri Stormsker

Fréttablaðið hefur fjallað um sérstætt mál, kæru Sverris Stormskers á hendur Eyjólfi Kristjánssyni þess efnis að brotið hafi verið á höfundarrétti með því að titla Sverri Ólafsson en ekki Stormsker. STEF hefur ályktað í málinu og Sverrir fagnar.

SVERRIR STORMSKER Hrósar nú sigri í máli sínu á hendur Eyfa sem hefur verið áminntur af lögmanni STEF fyrir að kalla Sverri Sverri Ólafsson en ekki Sverri Stormsker. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Eyfi sagði í viðtali í Fréttablaðinu fyrir stuttu að hann skildi ekkert í því hvernig mér dytti í hug að kæra sig fyrir að skrá mig ekki mínu rétta höfundarnafni á plötu sinni og fannst ég greinilega ekki vera með öllum mjalla. Núna liggur niðurstaða lögfræðings STEF fyrir, og hvor okkar skyldi nú vera með öllum mjalla?“ spyr Sverrir Stormsker tónlistarmaður.

Niðurstaða í máli hans á hendur Eyjólfi Kristjánssyni liggur nú fyrir en Sverrir sagði hann hafa brotið höfundarréttarlög með því að skrá hann fyrir laginu „Gott“ sem Sverri Ólafsson en ekki Sverri Stormsker sem er höfundarnafn Sverris auk þess að sem slíkur er hann þekktur. Í bréfi Eiríks Tómassynar, lögmanns STEF, til Eyfa segir meðal annars að vegna þess hversu langt er um liðið frá því diskurinn „Engan jass hér“, þar sem lagið er að finna, kom út verður ekki gripið til aðgerða af hálfu STEF en ætlast til þess að höfundarnafnið Sverrir Stormsker verði notað eftirleiðis þegar hans er getið sem textahöfundur lagsins Gott.

„Hann var að brjóta höfundarréttarlög. Einfalt. Ég hélt að allir starfandi tónlistarmenn vissu eitthvað um höfundarréttarlög og ég held reyndar að Eyfi hafi alveg vitað hvað hann var að gera með þessu feluleiksmakki sínu. Það eru 6 ár síðan þessi plata hans kom út með texta mínum „Gott“ og STEF sér því ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu og ég þar af leiðandi ekki heldur, nema hann geri eitthvað meira á minn hlut. STEF áminnti hann hinsvegar. Ég þykist vita að hann muni ekki einu sinni biðja mig afsökunar á þessum „mistökum“ sínum. Ef eitthvað er þá held ég að honum og Stebba góðvini hans þætti frekar fýsilegra að reyna að klekkja á mér með moldvörpustarfsemi. Sögurnar sem ég heyri eru allavega í þá átt. Sumir geta villst og endað úti í móa þó þeir séu með kompás í hendinni. Ef menn vilja hasar þá fá þeir hasar,“ segir Sverrir.

Eyfi segir Sverri verða sér til minnkunar í þessu máli sem ekkert er. „Það er ekki eins og hann hafi ekki fengið STEF-gjöldin! Hann hefði getað hringt í mig og beðið um leiðréttingu. Ég veit ekki einu sinni hvernig þessi skráning er til komin. Líklega frá honum sjálfum upphaflega. En hann vill fara þessa fáránlegu leið, líklega þakkirnar fyrir að hafa sungið frítt fyrir hann sjö lög inn á plötu - þeirra á meðal „Andskotans“ og „Hildi“ sem fóru hátt á vinsældalistum. En þó þessi framkoma eigi eftir að koma í hausinn á honum þá vorkenni ég honum fremur en að vera honum reiður,“ segir Eyfi.

jakob@frettabladid.is

EYFI Segir málið fáránlegt og þetta séu þá þakkirnar fyrir að hafa sungið frítt fyrir Sverri sjö lög inn á plötur.

Vill nýjan tannbursta daglega

Leikkonan Jennifer Aniston flaug til London fyrir stuttu til þess að vera með kærasta sínum, söngvaranum John Mayer, sem er nú á tónleikaferðalagi um Evrópu. Jennifer sást snæða kvöldverð með vinkonu sinni eitt kvöldið á litlum fjölskylduveitingastað í Chelsea-hverfinu í London á meðan John flaug til Danmerkur fyrir næstu tónleika sína. Söngvarinn er víst mjög duglegur í tannhirðu og á tónleikum vill hann hafa nóg af tannburstum, munnskoli og tannþráði baksviðs. „Ég vil nýjan tannbursta á hverjum degi. Sem rokkstjarna get ég leyft mér það,“ viðurkenndi John.

JENNIFER ANISTON Flaug til London til þess að geta verið með kærasta sínum.

CARNEGIE ART AWARD 2008

EIN STÆRSTU MYNDLISTARVERÐLAUN HEIMS KYNNA 26 NORRÆNA MYNDLISTARMENN

Í LISTASAFNI KÓPAVOGS – GERÐARSAFNI HAMRABORG 4 | KÓPAVOGI 19. JÚNÍ – 10. ÁGÚST OPIÐ ALLA DAGA NEMA MÁNUDAGA KL 11 – 17 LEIÐSÖGN MIÐVIKUD. KL. 12 OG SUNNUD. KL. 15

WWW.GERDARSAFN.IS | WWW.CARNEGIEARTAWARD.COM

20 milljónir

Nú er potturinn fjórfaldur og stefnir í 20 milljónir.

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is

ENNEMM / SÍA / NM34709

Lottó

INNLIFUN Meðlimir Buena Vista Social Club stóðu sig vel á tónleikum í Vodafonehöllinni á fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

RÍFANDI STEMNING

Buena Vista Social Club fyllti Vodafonehöllina á fimmtudagskvöld. Mikil stemning var í húsinu.

Tónleikagestir kunnu vel að meta tónlistarmennina frá Kúbu, jafnvel þótt þekktustu nöfn hljómsveitarinnar séu fallin frá. Tónleikar Buena Vista voru vel heppnaðir, eins og lesa má um í gagnrýni hér til hliðar.

ÁNÆGJA Larida, Shayla og Mariuska skemmtu sér vel.

UNGA KYNSLÓÐIN MÆTTI Sigrún, Sólrún og Karólína nutu tónlistarinnar.

GÓÐGLÖÐ Andreas, Sebastian og Edda voru hress.

NÝTT Í BÍÓ!

EIN BESTA MYND ALDARINNAR!
EF ÞÚ SÉRÐ EINA MYND Á ÁRINU ÞÁ ER ÞETTA MYNDIN!
"VÁÁÁÁÁÁÁÁÁÁÁÁ!" "THE DARK KNIGHT ER STÓRKOSTLEG." "THE DARK KNIGHT ER SVO GÓÐ AÐ ERFITT ER AÐ ÍMYNDA SÉR AÐ SÚ ÞRIÐJA GETI ORÐIÐ BETRI." T.S.K - 24 STUNDIR
"MYNDASÖGUBÍÓMYNDIR EÐA BARA FRAMHALDSMYNDIR YFIR HÖFUÐ GERAST VARLA BETRI EN ÞETTA, FULLT HÚS STIGA! FRÁBÆR MYND. TOMMI - KVIKMYNDIR.IS
THE DARK KNIGHT ER KOMINN Í EFSTA SÆTI Á VIRTASTA KVIKMYNDAVEF HEIMS, IMDB.COM, YFIR BESTU KVIKMYNDIR ALLRA TÍMA!
CHRISTIAN BALE, GARY OLDMAN, AARON ECKHART, MICHAEL CAINE, MORGAN FREEMAN OG HEATH LEDGER STÍGA EKKI FEILSPOR Í ÞESSARI MÖGNUÐU MYND!
12

STÆRSTA OPNUN ÁRSINS Á SPENNUTRYLLI Í USA!
STRANGLEGA BÖNNUÐ INNAN 16 ÁRA
16
"SVONA Á AÐ GERA HROLLVEKJUR!" - STEPHEN KING
TYLER SCOTT SPEEDMAN
the strangers
EINN MAGNAÐASTI SPENNUTRYLLIR FYRR OG SÍÐAR! BYGGÐUR Á SÖNNUM ATBURÐUM!

"Helvíti gott sumarbíó! Brilliant útlit ásamt góðum hasar og húmor." - Tommi - kvikmyndir.is
AÐ BJARGA HEIMINUM ER HELJARINNAR VINNA!
HELLBOY
- V.J.V./TOPP5.FBL
12

MERYL STREEP PIERCE BROSNAN
★★★ L.V, KVIKMYNDIR.IS
★★★ L.I.B, TOPP5.IS/FBL
★★★★ Ó.H.T, RÁS 2
MAMMA MIA!
LÚXUS
L

Það er heill heimur inni í honum sem heldur honum gangandi!
★★★ V.J.V. - TOPP5.IS/FBL
MEET DAVE
HAGKAUP
7

WILL SMITH
HANCOCK
12

★★★★ Vegas 24stundir
★★★★ L.I.B. Topp5.is/FBL
HULK
12

BIG STAN
12

SEX AND THE CITY
14

★★★★ TOMMI - KVIKMYNDIR.IS
★★★★ FRÁBÆR SKEMMTUN SEM HÖFÐAR TIL ALLRA ALDURSHÓPA - L.I.B., TOPP5.IS/FBL
BYR
KUNG FU PANDA
L

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ

THE STRANGERS	kl. 6 - 8 - 10	16
HELLBOY 2	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
MAMMA MIA	kl. 3 - 5.30D - 8D - 10.30D	L
MAMMA MIA LÚXUS	kl. 3 - 5.30D - 8D - 10.30D	L
MEET DAVE	kl. 1 - 3.45	7
HANCOCK	kl. 5.50 - 8 - 10.10	12
KUNG FU PANDA ÍSL. TAL	kl. 1 - 3.45D	L

5%

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ

THE DARK KNIGHT	kl. 3 - 6 - 9 - 12	12
HELLBOY 2	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
MAMMA MIA	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L
SEX AND THE CITY	kl. 3 - 6 - 9	14

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

THE STRANGERS	kl. 6 - 8 - 10	16
MAMMA MIA	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L
HANCOCK	kl. 4 - 10.20	12
MEET DAVE	kl. 3.30 - 5.50 - 8	7
BIG STAN	kl. 3.30 - 5.50 - 8	12
THE INCREDIBLE HULK	kl. 10.10	12

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ

THE STRANGERS	kl. 8 - 10	16
HELLBOY 2	kl. 3.50 - 6 - 10.10	12
MAMMA MIA	kl. 3.50 - 6 - 8	L

5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075 - bara lúxus
★★★★ Tommi - kvikmyndir.is
★★★★½ Ásgeir J - DV
THE DARK KNIGHT
HELLBOY
★★★★ V.J.V. - Topp5.is/FBL
★★★ Tommi - kvikmyndir.is
MAMMA MIA!
★★★ - T.V, Kvikmyndir.is
★★★ - Ó.H.T, Rás 2
★★★ - L.I.B, Topp5.is/FBL
500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
KUNG FU PANDA

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE DARK KNIGHT	kl. 1, 4, 7 og 10-POWER	12
HELLBOY 2	kl. 5.40, 8 og 10.15	12
MAMMA MIA	kl. 1.20, 3.30, 5.50, 8 og 10.15	L
KUNG FU PANDA - ÍSL. TAL	kl. 2 og 4	L

SAMbio.is SAMBÍÓIN
WHY SO SERIOUS?
CHRISTIAN BALE MICHAEL CAINE HEATH LEDGER GARY OLDMAN AARON ECKHART MORGAN FREEMAN
BESTA MYND ALDARINNAR!
"Þetta er besta Batman-myndin, besta myndasögumyndin og jafnframt ein best mynd ársins..."
★★★★★ L.I.B.Topp5.is
THE DARK KNIGHT
EF ÞÚ SÉRÐ EINA MYND Á ÁRINU ÞÁ ER ÞETTA MYNDIN!
deception
KUNG FU PANDA
MAMMA MIA!

ÁLFABAKKA		
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - 11:10	12
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - 11:10	VIP
MAMMA MÍA	kl. 1:30 - 3:40 - 6 - 8:20	L
DECEPTION	kl. 8 - 11:10	14
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
KUNG FU PANDA m/ensku tali	kl. 6 - 8 - 10:10	L
WANTED	kl. 11:10	16
NARNIA 2	kl. 2 - 5	7

KRINGLUNNI		
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - (11:10 Power)	12
DECEPTION	kl. 10:20	14
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 2D - 4D - 6D	L
WANTED	kl. 8	16
INDIANA JONES 4	kl. 5:30	12
NARNIA 2	kl. 2:30	7

SELFOSS		
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - 11	12
MEET DAVE	kl. 2 - 4 - 6	L
MAMMA MÍA	kl. 8	L
BIG STAN	kl. 10:20	12

AKUREYRI		
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - 11	12
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
KUNG FU PANDA m/ensku tali	kl. 8	L
DECEPTION	kl. 10	12
NARNIA 2	kl. 5:40	7

KEFLAVÍK		
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - 11	12
HELLBOY 2	kl. 10:20	12
MAMMA MÍA	kl. 8	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L

UPPSELT ÖRFÁ SÆTI

SparBíó 550kr
laugardag og sunnudag
SAMbio.is SAMBÍÓIN
KUNG FU PANDA
KUNG FU PANDA
kl. 1:30 í Álfabakka með íslensku og með ensku tali
kl. 2 í Kringlunni með íslensku tali
kl. 2 á Selfossi, Akureyri og í Keflavík með íslensku tali
MAMMA MIA
MAMMA MIA!
kl. 1:30 í Álfabakka
NARNIA 2
kl. 2 í Álfabakka - kl. 2:30 í Kringlunni
kl. 5:40 á Akureyri

Sími: 553 2075 - bara lúxus
Ódýrt í bíó
THE DARK KNIGHT
MAMMA MIA! THE MOVIE
KUNG FU PANDA
LAUGARÁS BÍÓ
500kr. á fyrstu sýningar dagsins

TILBOÐSVERÐ SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ
KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ KL.3.50 BORGARBÍÓ
KL.3.50 BORGARBÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ

Gamla gengið stóðst væntingar

TÓNLEIKAR
Buena Vista Social Club
Vodafonehöllin 24. júlí

★★★

Þrátt fyrir að stærstu stjörnur Buena Vista Social Club séu fallnar frá stóð þessi kúbverska stórsveit undir væntingum á vel sóttum tónleikum í Vodafonehöllinni á fimmtudagskvöldið.

Þó að það sé liðinn rúmur áratugur frá því að eina plata kúbversku hljómsveitarinnar Buena Vista Social Club kom út þá virðist áhugi fyrir henni ekkert vera að dvína. Það var boðað til tónleika hennar í Vodafonehöllinni á Hlíðarenda með litlum fyrirvara og þeir haldnir á tíma sem margir hafa þegar ráðstafað til sumarleyfa, en samt var Valshúsið vel stappað af fólki á fimmtudagskvöldið. Það vakti líka athygli að áheyrendur voru á öllum aldri og mjög mikið af ungu fólki.

Buena Vista Social Club kvikmyndin sló í gegn úti um allan heim og endurlífgaði kúbönsku tónlistarsenuna og platan er enn mest selda heimstónlistarplata sögunnar. Nú, tólf árum eftir að platan var tekin upp, eru fimm af meðlimum hljómsveitarinnar fallnir frá, þ.á.m. söngvarinn Ibrahim Ferrer, pínóleikarinn Ruben Gonzalez og gítarleikarinn Compay Segundo. Söngkonan Omara Portuondo hefur líka snúið sér að mestu að sólóferli sínum og var ekki með á tónleikunum á fimmtudagskvöldið.

Þrátt fyrir brotthvarf þessara máttarstólpa sveitarinnar þá virkaði þessi þrettán manna útgáfa bandsins sem við fengum að njóta mjög vel. Í stað Rubens var kominn ungur djasspíanósnillingur, Roland Luna, og yngri söngvarar höfðu tekið við af Ibrahim og Omöru, en allir hinir hljóðfæraleikararnir voru af gömlu Buena Vista senunni, þ. á.m. kontrabassaleikarinn frábæri Cachaito Lopez, trompetleikarinn Guajiro Mirabal, lútuleikarinn Barbarito Torrez og hljómsveitarstjórinn og básúnuleikarinn Aguave Ramos sem einnig stjórnaði sveitinni á tónleikunum í Laugardalshöllinni fyrir sjö árum.

Tónlist Buena Vista Social Club er djassskotin blanda af suður-ameríkskri tónlist. Það sem gerir hana ómótstæðilega er spilamennskan. Þessir gömlu jálkar leggja sig alla fram, en setja líka skemmtilegt „attitúd“ í þetta. Trommusóló sem við fengum að upplifa á fimmtudagskvöldið var t.d. kostulegt og oft var stemningin tekin fram yfir nákvæma og gallalausa spilamennsku. Sveitin spilaði í tæpa tvo tíma án hlés, en Cachaito Lopez og Roland Lupa héldu tveir uppi fjörinu á meðan aðrir meðlimir tóku stutta pásu.

Mér fannst tónleikarnir reyndar aðeins missa flugið undir lokin þegar bandið datt út í slagara eins og Quantanamera og ungi söngvarinn fékk áhorfendur til að svara sér úr salnum. Á heildina voru þetta samt fínir tónleikar og á köflum alveg frábærir. Margir hljóðfæraleikaranna sýndi stjörnutakta og þó ekki hefði verið annað þá hefði það verið þess virði að mæta bara til að fylgjast með tilþrifum Cachaito Lopez á kontrabassann.

Trausti Júlíusson

Chris Brown með eigin dansþátt

Chris Brown er sagður vera að undirbúa eigin dansþætti. Söngvarinn, sem sýnir fótafimi sína reglulega í tónlistarmyndböndum og á sviði, vill nú gefa ungum dönsurum tækifæri til að spreyta sig í raunveruleikaþætti.

Í þættinum verður aðaláherslan lög á hipphopp og götudans. Keppendur munu etja kappi hvor við annan og mun Brown velja sigurvegara eftir hverja lotu, en hann er þeirrar skoðunar að dans sé meira en bara viss tegund hreyfinga og sé í raun annað tjáningarform á tónlist.

Dansþátturinn hefur ekki hlotið nafn að svo stöddu, en undirbúningur fyrir sjónvarpsútsendingu mun vera á lokastigi.

NÝR DANSÞÁTTUR Fótafimi söngvarinn Chris Brown mun vera dómari í eigin dansþætti sem nú er í undirbúningi vestanhafs.

Sienna kærir

Leikkonan Sienna Miller hefur ákveðið að kæra tímaritið News of the World vegna blaðagreina og ljósmynda sem tímaritið birti. Myndirnar sýna Siennu í áköfum faðmlögum og kossaflensi við hinn gifta kærasta sinn Balthazar Getty. Sienna sagði að myndirnar væru brot á einkalífi hennar, en ritstjóri tímaritsins sagðist ekki vilja ræða málin að svo stöddu.

Myndirnar voru teknar á almenningströnd á Ítalíu þar sem Miller og Getty eyddu nokkrum dögum saman, fjarri konu hans og fjórum börnum.

Hagstæðustu verðin
á fellihýsum hjá
Mótormax

Þú sparar 306.000!

Starcraft 1707
8 feta vagn með geymslukassa að framan
Truma 2400 miðstöð og ísskápur.
Verð áður: 1.505.000-
Tilboðsverð: 1.199.000-

Starcraft R10
10 feta vagn á jeppaundirvagni og 15” dekkjum.
Truma 2400 miðstöð, ísskápur, rafmagnslyftibúnaður.
Verð áður: 1.849.000-
Tilboðsverð: 1.549.000-

Þú sparar 300.000!

Þú sparar 300.000!

Starcraft 2407
12 feta vagn með útdreginni hlið.
Truma 4000 miðstöð, ísskápur, rafmagnslyftibúnaður.
Verð áður: 1.929.000-
Tilboðsverð: 1.629.000-

STARCRAFT
15 ár á Íslandi
Góður útbúnaður, vandaðar innréttingar og gott fyrirkomulag eru þættir sem ánægðir Starcraft eigendur hafa tekið eftir og notið í þau 15 ár sem Starcraft hefur skapað sér gott orð á landinu.

Hagstæð uppítaka og góð fjármögnun*
Komdu með vagninn þinn og sölumenn í sumarskapi gefa þér gott uppítökutilboð.

*70% fjármögnun til 5 ára í boði

5 fyrstu fá fortjald að verðmæti allt að 200.000 kr. í kaupbæti!

MotorMax
- lífið er leikur

www.motormax.is
Mótormax Reykjavík - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400
Mótormax Akureyri - Sími 460-6060

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

> Sex marka tap fyrir Spánverjum

Íslenska landsliðið í handbolta tapaði í fyrsta leik sínum á æfingamóti í Frakklandi í gær fyrir Spánverjum. Leikar enduðu 38-32 fyrir Spáni sem var 17-14 yfir í hálfleik. Snorri Steinn Guðjónsson var markahæstur í íslenska liðinu með sjö mörk, Alexander Petersson skoraði sex og Logi Geirsson og Róbert Gunnarsson fimm. Næstir voru Ólafur Stefánsson (4), Guðjón Valur Sigurðsson (3), og Sigfús Sigurðsson (1). Birkir Ívar Guðmundsson skoraði eitt mark yfir allan völlinn úr markinu. Ísland mætir Frökkum í dag.

sport

sport@frettabladid.is

FRJÁLSÍÞRÓTTAKONAN SILJA ÚLFARSDÓTTIR: KEPPIR Á SÍNU SÍÐASTA MEISTARAMÓTI UM HELGINA

Ég er orðin gjörsamlega bensínlaus

Hlaupadrottningin Silja Úlfarsdóttir keppir á sínu síðasta móti á Meistaramóti Íslands í dag og á morgun.

„Ég er orðin gjörsamlega bensínlaus og tankurinn er bara tómur," segir Silja í dálítið döprum tón. „Ég var búin að ímynda mér það að fara á Ólympíuleikana og hætta eftir þá þannig að ég er að hætta aðeins fyrr en ég vildi," segir Silja sem að venju mun taka þátt í mörgum greinum á Meistaramótinu.

„Ég ætla að hlaupa 100, 200, 400 og bæði boðhlaupin," segir Silja og það má auðveldlega greina vonbrigðin að hafa ekki náð lágmarkinu í 400 metra grindahlaupinu fyrir Ólympíuleikana. „Ég er bara ekki búin að komast á strik síðan að ég lenti í ofþjálfuninni í fyrra. Ég þrjóskaðist við að ná þessu og átti bæði góða og slæma daga en svo small grindin aldrei hjá mér í sumar," segir Silja og hún var búin að fórna miklu. „Ég lagði svo rosalega mikið í þetta, bæði fjármagn og mikla vinnu," segir Silja.

Silja varð fjórfaldur Íslandsmeistari á síðasta ári og vann þá öll þrjú spretthlaupin auk þess að tryggja sér sigur í 400 metra grindahlaupi. Hún hefur ekki tölu á Íslandsmeistaratitlunum en hún er búin að taka þátt í meistaramótinu í um áratug.

„Ég var eitthvað að reyna að telja þetta saman á dögunum en fann það ekki út. Ég veit bara að ég hef orðið bikarmeistari fimmtíu sinnum þannig að ætli ég hafi ekki orðið yfir fimmtíu sinnum Íslandsmeistari," segir Silja og gerir grín að því að það sé nú ekkert auðvelt að koma öllum þessum verðlaunapeningum og bikurum fyrir. Hún ætlar sér að bæta einhverjum við um helgina. „Auðvitað væri gaman að ná að bæta við einhverjum titlum," segir Silja vongóð.

Hún býst þó ekki við neinni sérstakri kveðjuathöfn í lok móts á sunnudag en þó að hún hafi ekki tölu á sigrunum sjálf þá er hér á ferðinni einn sigursælasta frjálsíþróttakona Íslands frá upphafi.

„Ég reikna ekki með því en það væri ekkert leiðinlegt," segir Silja sem er ekki hætt afskiptum af frjálsum því hún ætlar að þjálfa hjá FH og hjálpa til við að búa til framtíðarstjörnur félagsins.

SAMA OG Í FYRRA? KR-konur fengu Blika einnig í undanúrslitum þegar þær unnu bikarinn í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Undanúrslit VISA-bikarsins:

Tvíhöfði hjá KR og Breiðabliki

FÓTBOLTI Dregið var í undanúrslitum karla og kvenna í VISA-bikarnum gær.

Blikar, sem hafa slegið út Íslandsmeistara Vals og topplið Keflavíkur, mæta KR-ingum en svo skemmtilega vill til að kvennalið félaganna mætast einnig í undanúrslitunum.

Karlalið KR er eina karlaliðið, sem er eftir í keppni, sem hefur orðið bikarmeistari. Blikar og KR-konur mætast annað árið í röð í undanúrslitunum en í fyrra vann KR 7-3 og tryggði sér síðan bikarmeistaratitilinn.

Hinn leikurinn hjá körlunum er endurtekning frá því í fyrra þegar Fjölnismenn, þá í 1. deild, slógu út Fylki og komust í bikarúrslitin í fyrsta skiptið. Nú fá Fylkismenn tækifæri til að hefnda.

Hinn leikurinn hjá konunum er á milli Stjörnunnar og Íslandsmeistara Vals. **- óój**

FRÓÐLEG FERÐ Þorkell Máni Pétursson er á leið til Finnlands eins og hinir níu þjálfararnir í Landsbankadeild kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þjálfarar í kvennadeildinni:

Öllum boðið til Finnlands

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Íslands hefur ákveðið að bjóða öllum þjálfurum liðanna í Landsbankadeild kvenna til að heimsækja Finnland og kynna sér knattspyrnu kvenna þar í landi.

Fyrr á þessu ári setti Knattspyrnusamband Evrópu (UEFA) á laggirnar svokallað UEFA Study Group Scheme, eða vettvangsverkefni, sem felur í sér að knattspyrnusambönd í Evrópu geta sótt um styrk frá UEFA til að heimsækja önnur knattspyrnusambönd í álfunni með það fyrir augum að kynna sér starfsemi þar í landi.

Haldið er út til Finnlands þriðjudaginn 25. nóvember og komið heim föstudaginn 28. nóvember. Þá hefur einnig verið ákveðið að fara með hóp til Sviss dagana 3.-6. nóvember til að kynna sér þjálfun barna og unglinga en skipulagning þeirrar ferðar er á byrjunarstigi. **- óój**

Hver kastar fyrst yfir 50 metrana?

Sandra Pétursdóttir, Aðalheiður María Vigfúsdóttir og Kristbjörg Helga Ingvarsdóttir hafa allar bætt sig í sleggjukastinu á þessu ári og berjast um sigurinn á meistaramótinu í frjálsum íþróttum um helgina.

FRJÁLSAR Allt besta frjálsíþróttafólk landsins mun keppa um 37 Íslandsmeistaratitla á 82. meistaramóti Íslands sem fram fer á Laugardalsvelli um helgina.

Ein mest spennandi keppni helgarinnar er sú fyrsta sem er sleggjukast kvenna. „Þetta verður bara ein aðalkeppni meistaramótsins. Það er líka það skemmtilega við þetta að þær koma allar hvort úr sínu félagi," segir Pétur Guðmundsson, Íslandsmethafi í kúluvarpi og þjálfari Söndru Pétursdóttur.

„Þessar þrjár eiga allar eftir að bæta sig mikið næstu árin og þá sérstaklega Sandra. Hún er búin að lyfta hjá mér í tvö ár og er að styrkjast og svo hefur hún leitað aðstoðar til Noregs þar sem er maður sem hjálpar henni með tæknina með mér," segir Pétur

Hann er ánægður með að stelpurnar komist aðeins í sviðsljósið því hann telur að þær geti breytt ímynd sleggjukastsins hér á landi.

„Það hefur loðað við sleggjukastara að þeir þurfi að vera ægilega stórir og miklir og feitir en þessar þrjár eru það ekki. Þetta eru bara nettar stelpur og þjálfunarfræðin í dag er orðin öðruvísi en hún var. Áður voru bara þessir stóru teknir inn í kastgreinarnar en nú er þetta öðruvísi hugsað," segir Pétur.

Það er ekki úr vegi að líta aðeins nánar á hverjar þessar þrjár stelpur eru sem eru að breyta sleggjukasti kvenna á Íslandi.

Kristbjörg Helga Ingvarsdóttir er 23 ára og keppir fyrir FH. Hún á best 49,82 metra sem hún náði á tólfta Coca-Cola móti FH 18. júlí síðastliðinn. „Það tekur svolítið á að undirbúa sig fyrir þessa keppni," játar Kristbjörg. Hún varð Íslandsmeistari í fyrra þegar hún kastaði 47,76 metra sem er mótsmet.

„Ég var lengi ein fyrst en svo komu þær á eftir og það er mikil breyting á sleggjukastinu núna. Ég fór út í sleggjukastið 2005, er búin að vera í frjálsum síðan ég var krakki og var líka í kúluvarpi lengi," segir Kristbjörg.

GLÆSILEGAR Sandra Pétursdóttir, Aðalheiður María Vigfúsdóttir og Kristbjörg Helga Ingvarsdóttir munda hér sleggjurnar sínar. FRÉTTABLBÐAID/ANTON

Aðalheiður María Vigfúsdóttir er 26 ára og keppir fyrir Breiðablik. Aðalheiður átti Íslandsmetið þar til í sumar en bætti sinn besta árangur og var aðeins tólf sentimetrum frá Íslandsmetinu á móti í vikunni.

„Það er mikið kappsmál að komast yfir 50 metrana og við erum komnar alveg ótrúlega nálægt því. Það dregur mann áfram hvað þær eru að standa sig vel. Vonandi förum við bara allar yfir 50 metrana," segir Aðalheiður.

Sandra Pétursdóttir er aðeins 19 ára en hún keppir fyrir ÍR og hefur slegið í gegn í sumar. Sandra tvíbætti Íslandsmetið 3. júlí síðastliðinn og var þá aðeins þremur sentimetrum frá því að fara yfir 50 metrana.

„Ég ætla að vera fyrst yfir 50 metrana," segir Sandra sem segist hafa verið örlítið svekkt þegar metkastið hennar var svona nálægt því að fara yfir 50 metrana.

„Ég var orðin svo þreytt á að vera allaf á eftir þeim og enda alltaf í þriðja sætinu. Nú ætlaði ég bara að taka þetta. Þær fengu allt í einu smá spark í rassinn á síðustu mótum," segir Sandra hress.

Meistaramót Íslands er fyrst og fremst einstaklingskeppni og verður keppt um Íslandsmeistaratitla í 19 keppnisgreinum karla og 18 keppnisgreinum kvenna á mótinu. Þá er einnig keppt um Íslandsmeistaratitil félagsliða á mótinu, bæði í karla- og kvennaflokki, sem og í heildarstigakeppni beggja kynja. Sleggjukast kvenna hefst klukkan 12.00 í dag en mótið fer fram milli tólf og fjögur bæði í dag og á morgun. **ooj@frettabladid.is**

Dagblaðið Aftonbladet gefur leikmönnum í sænsku úrvalsdeildinni einkunnir:

Garðar efstur Íslendinga í Svíþjóð

FÓTBOLTI Sænska úrvalsdeildin í knattspyrnu er hálfnuð. Það er Kalmar sem vermir toppsætið, fjórum stigum á undan Elfsborg. Ellefu Íslendingar spila í deildinni. Sá sem þykir spila best er í félaginu sem er í neðsta sætinu, Garðar Gunnlaugsson.

Það er sænska dagblaðið Aftonbladet sem gefur leikmönnum einkunnir. Garðar er með einkunnina 2,6 fyrir leikina en Gunnar Þór Gunnarsson, liðsfélagi hans, er neðstur Íslendinganna með 1,7. Hannes Þ. Sigurðsson hefur þó skorað flest mörk okkar manna, fjögur talsins í fimmtán leikjum fyrir Sundsvall. Hann er með einkunnina 1,9.

BESTUR Garðar þykir standa sig best Íslendinganna í Svíþjóð. Hann leikur samt með botnliði Norrköping. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Jóhann B. Guðmundsson sem gekk í raðir Keflvíkinga í vikunni er þriðji neðstur en næstneðstur er Ragnar Sigurðsson. Hann þykir greinilega ekki hafa náð að fylgja eftir frábæru tímabili sínu í fyrra með Gautaborg. **- hþh**

EINKUNNIR ÍSLENDINGA

1. Garðar Gunnlaugsson (Norrköping)	2,6
2-3. Ari Freyr Skúlason (Sundsvall)	2,5
2-3. Ólafur Ingi Skúlason (Helsingborg)	2,5
4. Helgi Valur Daníelsson (Elfsborg)	2,4
5. Sverrir Garðarsson (Sundsvall)	2,2
6-9. Eyjólfur Héðinsson (GAIS)	1,9
6-9. Hannes Þ. Sigurðsson (Sundsvall)	1,9
6-9. Hjálmar Jónsson (IFK Gautaborg)	1,9
6-9. Jóhann B. Guðmundsson (GAIS)	1,8
10. Ragnar Sigurðsson (IFK Gautaborg)	1,8
11. Gunnar Þór Gunnarsson (Norrköping)	1,7

FÖGNUÐUR Stelpurnar í Þór/KA gátu leyft sér að fagna í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Þór/KA vann Stjörnuna:

„Stelpurnar voru frábærar“

FÓTBOLTI Þór/KA vann Stjörnuna 2-0 í Landsbankadeild kvenna í gær. Ivana Ivanovic skoraði með fallegu skoti í fjærhornið áður en Rakel Hönnudóttir kláraði leikinn skömmu fyrir leikslok.

„Leikurinn var jafn í upphafi en mér fannst við betri eftir það,“ sagði Dragan Stojanovic, þjálfari Þórs/KA eftir leikinn í gær. „Ég er mjög ánægður með sigurinn. Við erum að nálgast toppsætin og við spiluðum vel. Við komum frá Reykjavík klukkan 5 á þriðjudagsnóttina og það var ákveðin þreyta í stelpunum en þær stóðu sig frábærlega.“ **- hþh**

Valur hætt við Bjarna:

Bjarni færist nær KR-ingum

FÓTBOLTI Valur hefur hætt við að fá Bjarna Guðjónsson til sín frá ÍA. „Málið tók óvænta og öfgafulla stefnu í morgun. Við sáum ástæðu til að draga okkur úr viðræðunum og við drógum tilboð okkar til baka. Bjarni verður ekki leikmaður Vals,“ sagði Edvard Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, við Fréttablaðið í gær.

Allt stefnir nú í að Bjarni gangi í raðir KR eftir leik ÍA og FH á sunnudagskvöld. Gísli Gíslason, formaður knattspyrnudeildar ÍA, vildi sem minnst tjá sig um málið en sagði að ekki hefði náðst samkomulag um kaupverð við neitt félag. „Hvað gerist á sunnudagskvöld eða mánudag kemur bara í ljós,“ sagði Gísli. **- hþh**

Indriði Sigurðsson:

Áfram hjá Lyn

FÓTBOLTI Landsliðsmaðurinn Indriði Sigurðsson hefur framlengt samning sinn við Lyn. Hann er nú samningsbundinn út árið 2011 en félög í Danmörku höfðu sýnt honum áhuga. Indriði kom til Lyn árið 2005 og segist ekki hafa haft nokkurn áhuga á því að færa sig um set. **- hþh**

2007 Hér sjást tilþrif frá Íslandsmótinu í fyrrasumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Strandhandboltamótið 2008:

Landsliðssæti í boði í dag

HANDBOLTI Strandhandboltamótið 2008 verður haldið í Nauthólsvík í dag en þar munu sextán lið keppa um Íslandsmeistaratitilinn í greininni.

Mótið hefst klukkan 9.00 í dag og því lýkur með úrslitaleik klukkan 16.45. Það er ekki bara gullið sem er í boði því stefnan hefur verið sett á að senda landslið til keppni erlendis næsta sumar en mörg alþjóðleg mót eru haldin víða um Evrópu. Fimm bestu leikmönnum mótsins verður boðið í fyrsta íslenska landsliðið í strandhandbolta. **- óój**

Heiðar Davíð Bragason hefur tekið forystuna af Björgvini Sigurbergssyni í karlaflokki:

Ætlar að geyma kampavínið til sunnudags

GOLF Heiðar Davíð Bragason hefur fjögurra högga forystu á Íslandsmótinu í Vestmannaeyjum eftir að hafa leikið á þremur undir pari í gær. Heiðar tekur forystuna af Íslandsmeistaranum Björgvini Sigurbergssyni sem náði ekki að fylgja góðum fyrsta degi eftir. Hann lék á fjórum yfir pari í gær og er samtals á pari.

„Ég hef verið í ágætis formi og það er mikilvægt að halda jafnaðargerðinu í þessu veðri. Það þýðir ekkert að vera a´pirra sig á hlutunum. Svo hef ég verið að redda mér ágætlega sem er nauðsynlegt ef maður ætlar að spila vel í þessu veðri,“ sagði Heiðar við Fréttablaðið í gær.

„Ég hef verið að spila nokkuð stöðugt golf og það hefur verið lítið um mistök. Það er ekki auðvelt en völlurinn er það góður að það hefst ágætlega,“ sagði Heiðar sem var mjög ánægður með seinni níu holurnar sem hann spilaði á fjórum undir.

Hann var sáttur með púttin í gær og þokkalega sáttur með vippin. „Ég hef verið að slá þokkalega en það er reyndar erfitt að segja hvort maður sé að slá vel eða ekki í þessum vindi. Maður getur slegið gott högg en vindurinn feykt boltanum í burtu,“ sagði Heiðar sem heldur sér vel á jörðinni þrátt fyrir að vera í forystu.

„Mótið er bara hálfnað og það getur heilmikið gerst. Ég er ekkert að fara að opna kamðpavínið. Það verður geymt til sunnudagsins.“

STAÐAN Í KARLAFLOKKI:

1. Heiðar D. Bragason, GR 136	(-4)
2. Ottó Sigurðsson, GR 140	(0)
3. Björgvin Sigurbergsson,GK 140	(0)
4. Sigmundur E. Máss., GKG 141	(+1)
5. Örn Ævar Hjartarson, GS 141	(+1)
6. Kristján Þ. Einarsson, GKJ 142	(+2)
7. Ólafur Björn Loftsson, NK 42	(+2)
8. Sigurpáll G. Sveinss., GKJ 142	(+2)
9. Guðjón H. Hilmars.,GKG 144	(+4)
10. Auðunn Einarsson, GK 144	(+4)

HEIÐAR Slær hér í Eyjum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Keppendur hefur nú verið fækkað í 72 en 100 karlar hófu leik. Þeir sem voru í 73. sæti voru á 21 höggi yfir pari.

Í dag verður ein viðamesta útsending frá íþróttaviðburði á Íslandi á Stöð 2 Sport. Um 60 manns koma að henni en Páll Ketilsson og atvinnukylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson munu lýsa mótinu. Útsendingin hefst klukkan 15.00. **- hþh**

Sýnileg þreytumerki á stelpunum

Það ræðst ekki fyrr en í kvöld hvort Ísland komist áfram í milliriðil á HM U-20 ára liða. Ef það gerist er liðið í frábærum málum í milliriðli. Ísland tapaði í gær og segir landsliðsþjálfarinn að þreyta hafi hrjáð liðið.

HANDBOLTI Það er stutt á milli hláturs og gráts segir málshátturinn. Hann á við íslenska landsliðið í handbolta sem treystir á að Ungverjar vinni Þýskaland í kvöld á heimsmeistaramóti U-20 ára liða í Makedóníu. Gerist það kemst liðið áfram í milliriðil, ef ekki fer liðið í annan riðil þar sem spilað verður um sæti neðarlega á mótinu.

Ísland tapaði fyrir Rúmeníu í gær með fjórum mörkum, 32-28. Það vann frækinn sigur á Þýskalandi á fimmtudag og segir landsliðsþjálfarinn að þreyta hafi gert vart við sig.

„Aðalmunurinn fannst mér vera þreytan á liðunum. Við spiluðum mjög erfiðan leik í gær á meðan þær hvíldu. Þetta er gríðarlegt álag á leikmenn og þeir eru þreyttir,“ sagði Stefán Arnarson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið í gærkvöldi.

„Það er erfitt í svona sterkum riðli að sýna alltaf 100% frammistöðu en þær eiga hrós skilið fyrir að reyna allan tímann.“

Rúmenar leiddu nánast allan leikinn. Staðan var 10-10 áður en Rúmenar tóku forystuna og leiddu með fjórum til fimm mörkum allan síðari hálfleikinn.

„Við spiluðum ekki nógu góða vörnin. Heilt yfir er eina skýringin samt sú að leikmenn voru þreyttir,“ sagði Stefán sem segir liðsheildina hafa verið mjög sterka.

STOLTUR Landsliðsþjálfarinn er stoltur af stelpunum sínum sem syngja hér þjóðsönginn í Makedóníu.
FRÉTTABLAÐIÐ

Ísland er nú í þeirri stöðu að þurfa að treysta á aðra upp á framhaldið en með sigri í gær væri það komið áfram. „Ef Ungverjaland vinnur Þýskaland komumst við áfram á betri markatölu en Rúmenar, sem ég býst við að vinna Slóvena. Ef ekki þá þurfum við að bíta í það súra epli að komast ekki áfram,“ sagði Stefán.

Ef liðið kemst áfram fer það upp í milliriðil með þrjú stig og mætir þar Danmörku, Japan og Svartfjallalandi. „Þá ættum við góðan möguleika á að spila til verðlauna,“ segir Stefán.

„Gengið hefur verið mjög gott. Ef liðið hefði verið í öðrum riðli væri það löngu komið áfram. Liðið er búið að standa sig frábærlega og það eiga allir hrós skilið. Liðið er klárlega að stimpla sig inn sem vel samkeppnishæft á heimsvísu. Við höfum tapað tveimur leikjum af síðustu ellefu og það segir meira en margt.“ **hjalti@frettabladid.is**

Helena Árnadóttir lék best allra kvenkylfinga í Vestmannaeyjum í gær en Eygló Myrra er enn í forystu:

Setti niður af 80 metra færi fyrir erni

GOLF Eygló Myrra Óskarsdóttir er enn í forystu í kvennaflokki á Íslandsmótinu í Vestmannaeyjum. Eygló lék á 79 höggum í gær, fimm fleiri en í gær. Hún er samtals þrettán höggum yfir pari.

Einu höggi á eftir henni koma Tinna Jóhannsdóttir, Nína Björk Geirsdóttir og Helena Árnadóttir sem lék best kvennanna í gær. Helena spilaði hringinn á 72 höggum, tveimur yfir pari.

„Ég held að betri einbeiting hafi skilað þessu,“ sagði Helena sem bætti sig um tíu högg frá fyrsta keppnisdegi. „Ég var að slá betur og pútta betur og það gekk eiginlega bara allt betur í dag en í gær. Stutta spilið var mjög gott og ég hitti brautina vel. Ég var í litlum vandræðum.“

Helena segir að vindurinn hafi verið mjög sterkur og hann hafi sett sitt strik á skorkortin. „Þegar vindurinn er svona þá má lítið klikka til að allt fari í vitleysu. Vindurinn var mjög sterkur,“ sagði Helena sem sagði að það væri sjaldnast sem það kæmi fyrir að það blési ekki á vellinum í Vestmannaeyjum.

GÓÐAR SAMAN Forystusauðurinn Eygló Myrra og Helena Árnadóttir sem lék best allra í gær fylgjast hér með keppninni. Þær spiluðu saman fyrstu tvo dagana.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

„Það er auðveldara að missa einbeitinguna þegar veðrið er svona. Ef ég finn að ég er ekki með fulla einbeitingu hætti ég að slá og reyni að einbeita mér að fullu að höggunum og halda púlsinum réttum. Anda djúpt,“ sagði Helena sem ætlar að bæta vippin í dag.

Helena átti högg gærdagsins og líklega mótsins á sextándu holu í gær, sem er par fimm. Hún var um 80 metra frá holu, tók upp „wedge“ og gerði sér lítið fyrir og hitti fyrir erni. „Það var geðveikt. Boltinn lenti í brekku á flötinni og rann fallega ofan í holuna. Þetta var voða gaman.“

STAÐAN Í KVENNAFLOKKI:

1. Eygló M. Óskarsdóttir, GO 153	(+13)
2. Tinna Jóhannsdóttir, GK 154	(+14)
3. Nína B. Geirsdóttir, GKJ 154	(+14)
4. Helena Árnadóttir, GR 154	(+14)
5. Ásta B. Magnúsdóttir, GK 155	(+15)
6. Ragnhildur Sigurð., GR 158	(+18)
7. Ragna B. Ólafsdóttir, GK 159	(+19)
8. Þórdís Geirsdóttir, GK 160	(+20)
9. Valdís Þ. Jónsdóttir, GL 162	(+22)
10. Andrea Ásgrímsd., GA 162	(+22)
11. Guðrún Brá Björgv. GK 165	(+25)
12. Hanna L. Sigurðard., GR 166	(+26)
13. Guðrún Pétursdóttir, GR 167	(+27)
14. Heiða Guðnadóttir, GS 170	(+30)
15. Ingunn Gunnarsd., GKG 179	(+39)

Hún spilaði með Eygló Myrru fyrstu tvo dagana og segir hana mjög efnilega. „Eygló er búin að vera í feiknastuði. Hún var að pútta mjög vel og var mjög einbeitt,“ sagði Helena sem býst við mikilli spennu fram á síðustu holu.

„Það lítur út fyrir að þetta verði spennandi alveg fram undir lokin. Þannig á þetta líka að vera, við erum allar í einum hnapp,“ sagði Helena. **- hþh**

dagskrá

> Diane Keaton

„Ég upplifi sjálfa mig sem venjulega konu sem hefur fengið tækifæri til að gera óvenjulega hluti og lifa spennandi lífi.“ Keaton leikur í myndinni Father of the Bride II sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI HLUSTAR Á BERGMÁL ÚR VISKUBRUNNI ÚTVARPSINS.

Músasmellir í beinni

„Næst skulum við heyra „Return to Sender“, lag sem Elvis Presley samdi árið 1962,“ kynnti útvarpsmaðurinn og um mig fór hrollur því ég vissi betur. Elvis samdi engin lög þótt hann sé reyndar skrifaður að hluta fyrir „Love me Tender“. Útvarpsmaðurinn hefði auðveldlega getað flett þessu upp á netinu eins og ég.

Vafasamir útvarpsmenn geta svo sem verið ágætis skemmtun ef maður er í stuði fyrir svoleiðis. Stundum getur ruglið í þeim verið hrein list sem fyllir mann andagift eins og þegar einn þeirra talaði fjálglega um „setninguna ást“. „Hvað ætli séu mörg dægurlög sem innihalda setninguna love, eða íslensk lög sem innihalda setninguna ást eða elska,“ spurði einn djúpur útvarpsmaður einu sinni í tilefni af væmnu lagi sem hann hafði verið að spila. Hann hélt áfram hugsi: „Ég er viss um að ef dægurlagasagan yrði kryfjuð (já kryfjuð – hann sagði það) þá myndi koma í ljós að alla vega einn þriðji af lögunum innihalda setninguna ást.“

HUEY LEWIS OG FÉLAGAR HANS Í THE NEWS Í dag eru 22 ár síðan Huey fékk sekt fyrir að keyra yfir á rauðu.

Svona snilldar orðræða er ekki á allra færi og alls ekki þeirra sem blaðra á milli laga á vegum ríkisins. Hinar frjálsu stöðvar virðast sitja uppi með snillingana.

Sú útvarpsmennska sem felst í því að blaðra um ekki neitt hefur orðið enn tilkomumeiri með hjálp netsins. Heilu þættirnir byggjast á því að dagskrárgerðarmennirnir vafra þreytulega á netinu í leit að einhverju til að tala um á milli laga og auglýsinga. Maður heyrir músasmellina í bakgrunni. „Maðurinn sem fann upp örbylgjuofninn hefði orðið hundrað ára í dag og í Bumfuk, Missouri, er bannað með lögum að kyssa ketti. Já, það er ekki öll vitleysan eins. Heyrum Huey Lewis and the News og „I want a new drug“.“

EKKI MISSA AF

17.30 Handbolti Ísland-Frakkland beint SJÓNVARPIÐ

19.10 Mrs. Doubtfire STÖÐ 2

19.35 Entourage STÖÐ 2 EXTRA

21.25 The Evidence SKJÁR EINN

01.00 Box Miguel Cotto - Antonio Margarito STÖÐ 2 SPORT

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Gurra grís, Lítil prinsessa, Herramenn, Snillingarnir, Bitte nú!, Pip og Panik, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn, Leyniþátturinn og Tobbi tvísvar.
10.30 Kastljós (e)
10.55 Út og suður (e)
11.25 Eyjarnar á Eystrasalti (e)
12.10 Aþena (Athens) (1:2) (e)
13.00 Hlé
16.30 Leyndarmálið í kjallaranum (e)
17.20 Táknmálsfréttir
▶17.30 Landsleikur í handbolta Bein útsending frá leik Íslands og Frakklands í handbolta karla. Leikurinn er liður í undirbúningi fyrir þátttöku Íslands á Ólympíuleikunum í Peking.
19.00 Fréttir
19.35 Veður
19.40 Lottó
19.45 Sápugerðin Moving Wallpaper (8:12)
20.10 Bergmálsströnd Echo Beach (8:12)
20.35 Lygalaupur (Big Fat Liar) Bandarísk bíómynd frá 2002. Eftir að ritgerð skólastráks lendir í höndum Hollywood-manns sem gerir úr henni bíómynd fer stráksi til Los Angeles að heimta það sem honum ber.
22.05 Bandarískt brúðkaup (American Wedding) Bandarísk bíómynd frá 2003. Hér hittast ærslabelgirnir úr American Pie-myndunum í brúðkaupi tveggja þeirra.
23.40 Stigi 49 (Ladder 49) (e)
01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Hackers
10.00 Jersey Girl
12.00 Father of the Bride II
14.00 The Ringer
16.00 Hackers
18.00 Jersey Girl
20.00 Father of the Bride II Gamanmynd um George Banks sem er að verða afi. Aðalhlutverk: Steve Martin, Diane Keaton og Martin Short.
22.00 My Name is Modesty
00.00 The Interpreter
02.05 Children of the Corn 6
04.00 My Name is Modesty
06.00 Lady in the Water

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Krakkarnir í næsta húsi, Gordon Garðálfur, Funky Walley, Refurinn Pablo og Þorlákur.
08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum skemmtilegar teiknimyndir með íslensku tali.
09.40 Ben 10
10.05 Íkornastrákurinn
10.30 Honey, I Shrunk the Kids Ævintýramynd frá Disney um uppfinningamann sem finnur upp vél sem getur minnkað hluti og fólk.
12.00 Hádegisfréttir
12.30 Bold and the Beautiful
12.50 Bold and the Beautiful
13.10 Bold and the Beautiful
13.30 Bold and the Beautiful
13.50 Bold and the Beautiful
14.15 So you Think you Can Dance
15.45 Tekinn 2 (4:14)
16.15 The Moment of Truth (4:25)
17.05 Curb Your Enthusiasm (9:10)
17.35 Two and a Half Men (12:24)
18.00 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.55 Lottó
19.01 Veður
▶19.10 Mrs. Doubtfire Leikarinn Daniel Hilliard er ekki auðveldur í sambúð og svo fer að konan hans óskar eftir skilnaði. Daniel er ósáttur við hlutskipti sitt enda hefur eiginkonan fyrrverandi nú forræði yfir börnunum þremur. Daniel neitar samt að láta í minni pokann og tekur til sinna ráða með eftirminnilegum hætti.
21.15 Knights of the South Bronw Einkar grípandi og vel leikin mynd með Ted Danson í aðalhlutverki.
22.40 Hostage Spennumynd með Bruce Willis. Hann leikur fyrrverandi samningamann hjá lögreglunni sem lækkaður hefur verið í tign og sendur til starfa í rólegum smábæ. En þar reynir rækilega á samningshæfileika hans þegar saklaus fjölskylda lendir skyndilega í klóm hættulegra glæpamanna.
00.30 Spartan
02.15 Pieces of April
03.35 Glory Road
05.30 Two and a Half Men (12:24)
05.50 Fréttir

SPORT *besta sætið*

09.35 Formula 3 Sýnt frá Formúlu 3 kappakstrinum í Thruxton.
10.05 PGA Tour 2008 - Hápunktar
11.00 Inside the PGA
11.25 Íslandsmótið í golfi 2005 Samantektarþáttur frá Íslandsmótinu í höggleik árið 2005 sem fram fór í Leirunni í Keflavík.
12.40 Íslandsmótið í golfi 2006 Samantektarþáttur frá Íslandsmótinu í höggleik árið 2006.
13.45 Íslandsmótið í golfi 2007 Samantektarþáttur frá Íslandsmótinu í höggleik árið 2007 sem fram fór á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði.
15.00 Íslandsmótið í golfi 2008 Bein útsending frá Íslandsmótinu í golfi sem haldið er í Vestmannaeyjum.
18.00 Arnold Schwarzenegger mótið 2008
18.30 Meistaradeild Evrópu Man. Utd - Chelsea.
21.10 Íslandsmótið í golfi 2008
00.10 Box Miguel Cotto - Shane Mosl. Útsending frá bardaga sem fór fram laugardaginn 10. nóvember.
▶01.00 Box Miguel Cotto - Antonio Margarito. Bein útsending.

SPORT 2

13.25 Vodacom Challange í Suður Afríku Bein útsending frá úrslitaleiknum í Vodacom Challange þar sem Man. Utd undirbýr sig fyrir átökin í ensku úrvalsdeildinni sem hefjast í ágúst.
15.25 Bestu leikirnir Liverpool - Man. Utd.
17.05 10 Bestu - Atli Eðvaldsson
17.55 Goals of the season Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
18.50 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
19.20 Vodacom Challange í Suður Afríku
21.00 PL Classic Matches Liverpool - Chelsea, 97/98. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.30 PL Classic Matches Liverpool - Arsenal, 97/98.
22.00 Bestu leikirnir Liverpool - Man. Utd.
23.40 Vodacom Challange í Suður Afríku

SKJÁREINN

09.50 Vörutorg
10.50 Rachael Ray (e)
14.35 Kimora. Life in the Fab Lane (e)
15.25 Top Chef (e)
16.15 Are You Smarter than a 5th Grader? (e)
17.05 Frasier (e)
17.30 Style Her Famous (e)
17.55 Top Gear Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðar umfjallanir. (e)
18.55 Life is Wild Bandarísk unglingasería um stúlku sem flyst með fjölskyldu sinni frá New York til Suður-Afríku. (e)
19.45 Family Guy Teikinmyndasería um Griffin-fjölskyldan sem er engri lík. (e)
20.10 The King of Queens Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. (e)
20.35 Eureka Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. (e)
▶21.25 The Evidence Bandarísk sakamálasería þar sem Anita Briem leikur eitt aðalhlutverkanna. (e)
22.15 The Real World Movie Hér er ferðinni leikin mynd um eldheitan aðdáanda þáttanna „The Real World„ sem er ávallt hafnað í áheyrnarprufunum. Hann grípur til þess ráðs að ræna unglingunum og koma þeim fyrir í sínu eigin húsnæði þar sem myndavélar fylgjast með hverri hreyfingu.
23.50 Children of fortune (e)
01.20 Criss Angel Mindfreak (e)
01.45 The Eleventh Hour (e)
02.35 Jay Leno (e)
03.25 Jay Leno (e)
04.15 Jay Leno (e)
05.05 Vörutorg
06.05 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku. Endurtekið á klst. fresti.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.15

Knights of the South Bronx

Mjög grípandi og vel leikin mynd. Ted Danson leikur auðkýfing sem ákveður að breyta um lífsstíl með því að gerast kennari í afar erfiðum ríkisskóla í helsta fátækrahverfi New York-borgar. En þrátt fyrir góðan vilja og miklar gáfur þá reynist nýja verkefnið þrautin þyngri. En hinn nýbakaði kennari hefur aldrei gefist upp á nokkru sem hann hefur tekið sér fyrir hendur og ætlar sér ekki að byrja á því nú.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Íslandsmótið í golfi

Stöð 2 sport kl. 15.00

Íslandsmótið í golfi fer nú fram á Vestmannaeyjavelli en þar er að finna margar af elstu golfholum landsins. Í ár hafa 119 kylfingar skráð sig til leiks, þar af eru 103 karlar og 16 konur sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Beinar sjónvarpsútsendingar verða frá mótinu, laugardag og sunnudag eins og undanfarin ár á Stöð 2 Sport.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Út um víðan völl
09.03 Sólarglingur
10.05 Veðurfregnir
10.15 Mánafjöll
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Á sporbraut
14.00 Umhverfis jörðina
15.00 Tímakorn
15.40 Með laugardagskaffinu
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Frá Orkneyjum og Hjaltlandi
17.05 Brjóstdropar
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Betri stofan
19.00 Bravó, bravó!
20.00 Sögur af sjó og landi
21.00 Látún
21.45 Náttúrupistill
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Í lestarferð um japanskar bókmenntir
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks
16.25 Hollyoaks
16.50 Hollyoaks
17.15 Hollyoaks
17.40 Hollyoaks
18.05 Talk Show With Spike Feresten (20:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood sem meðal annars taka þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.
▶**19.35 Entourage** (16:20) Verðlaunaþættir lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlbergs í bíóborginni. Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram en leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött. Á slíkri þrautagöngu kemur sér vel að eiga góða vini en stundum getur það líka bara skemmt fyrir.
20.00 So you Think you Can Dance (5:23) Frá framleiðendum American Idol kemur fjórða þáttaröðin af So You Think You Can Dance. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
21.25 The Class (16:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.
21.50 Talk Show With Spike Feresten
22.15 Entourage (16:20)
22.40 So you Think you Can Dance
00.05 The Class (16:19)
00.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** Great Romances of the 20th Century **13.30** Great Romances of the 20th Century **14.00** Great Romances of the 20th Century **14.30** Great Romances of the 20th Century **15.00** Great Romances of the 20th Century **15.30** Great Romances of the 20th Century **16.00** Great Romances of the 20th Century **16.30** Great Romances of the 20th Century **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** Doctor Who **18.45** Doctor Who Confidential **19.00** Perfect Day: The Funeral **20.40** Manchild **21.10** Manchild 21.40 Manchild **22.10** Doctor Who **22.55** Doctor Who Confidential **23.10** Doctor Who **23.55** Doctor Who Confidential

DR 1

10.00 Kær på tur **10.30** Han og hun **12.00** Det lille hus på prærien **12.45** Nationen - Frk. falckredder og hr. sygeplejeske. **13.10** Hun så et mord **14.40** Sommerminder **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Ellas to steder **15.50** Laban det lille spøgelse **16.00** Blandt vilde dyr og bleskift **16.30** TV Avisen med vejret **17.15** Hold masken **17.45** Aftentour 2008 **18.10** Robin Hood **18.55** Goldfinger **20.40** Columbo **22.10** Conviction **22.50** Mørkets gerninger

NRK 1

9.55 Dansefot jukeboks **10.55** Du skal høre mye jukeboks **11.55** Norsk på norsk jukeboks **13.10** Country jukeboks **14.00** Freske fraspark **15.30** Skishow med smell **16.00** Barnas supershow **16.30** Underbuksepiratene **16.35** Eventyr på hesteryggen **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Skishow med smell **19.30** Sjukehuset i Aidensfield **20.20** Fakta på lørdag **21.10** Kveldsnytt **21.25** Kopps **22.50** Friidrett: London Grand Prix **23.50** Dansefot jukeboks med chat

SVT 1

9.00 Karamelli **9.30** Fieteri **10.35** Musik är livet **11.05** Uppdrag granskning - sommarspecial **12.05** Allsång på Skansen **13.05** Europakonsert från Moskva **15.05** Tre kärlekar **16.00** Lenny och Knirp **16.05** Disneydags **17.00** Barnen på Luna **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Minnenas television **19.00** Kriminaljouren **19.45** De stora krigarna **20.35** Rapport **20.40** The I Inside **22.10** Rose och Maloney **23.00** Sändningar från SVT24

PERSÓNAN

Ylfa Lind Gylfadóttir

Aldur: Á 24. aldursári.
Starf: Heimavinnandi húsmóðir.
Fjölskylda: Hún og sonur hennar.
Foreldrar: Gylfi Símonarson og Linda Guðmundsdóttir.
Stjörnumerki: Vog.

Ylfa Lind Gylfadóttir kaus að verða einstæð móðir, án tæknifrjóvgunar. Ylfa er draggkóngur Íslands.

Listmálarinn Óli G. slær í gegn í Mónakó

„Ég hef aldrei upplifað annað eins. Þetta er stærsta og flottasta gallerí sem ég hef séð," segir listmálarinn Óli G. Jóhannsson.

Hann er staddur í Mónakó en þar var hið alþjóðlega Opera Gallerí að opna enn eitt galleríið. Þar eru verk Óla til sýnis ásamt verkum eftir Monet, Manet, Picasso, Miro, Chagall, Warhol, Lichtenstein, Erró og fleiri snillinga myndlistarsögunnar. „Ég er hér innan um verk sem ég lét mig ekki svo mikið sem dreyma um að sjá nokkru sinni. Þetta er ævintýri. Hér vaða menn í seðlum og snobbið mikið. Þegar hefur eitt verk selst og búið að taka þrjú frá," segir Óli. Óhætt er að fullyrða að fáir myndlistarmenn íslenskir njóta eins mikillar velgengni og hann á erlendri grundu og er þá aðeins saman að jafna mönnum á borð við Ólaf Elíasson og Erró. Verkið sem Óli seldi var á 2,6 milljónir, 1,45 x 1,45 metrar sem er stöðluð stærð. Myndefnið er mótív sem Óli þróaði á Jamaíka þegar hann var að vinna þar. Viðtökurnar eru framar vonum að sögn listmálarans. Hið glæsilega nýja gallerí, sem er 500 fermetra lókal og á þremur hæðum, er við hliðina á miklu spilavíti. Óli segir enga hættu á því að hann muni tapa fénu í vítinu. „Nei, ég er þannig maður að ég hef aldrei átt happdrættismiða nema bara í lífinu sjálfu," segir Óli.

Hópur Íslendinga eru á leiðinni út til að taka þátt í þessu ævintýri með Óla en á staðnum eru þeir Guðmundur á Núpi og Ingvar Karlsson hjá K. Karlsson en þeir hafa staðið þétt við bakið á Óla meðan hann hefur verið að hasla sér völl og sjá líklega ekki eftir þeirri fjárfestingu sinni.

- jbg

ÓLI G. Hefur þegar selt eitt verk á 2,6 milljónir í nýju galleríi í Mónakó.



LÁRÉTT
2. bauti, **6.** tveir eins, **8.** duft, **9.** pili, **11.** leita að, **12.** fjárhirðir, **14.** hrygga, **16.** tveir eins, **17.** utan, **18.** farfa, **20.** tveir eins, **21.** útgáfunr. tónverks.

LÓÐRÉTT
1. erindi, **3.** kringum, **4.** gróðrahyggja, **5.** hamfletta, **7.** gufuskip, **10.** fæðu, **13.** þreyta, **15.** sál, **16.** nögl, **19.** í röð.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. buff, **6.** ee, **8.** mél, **9.** rim, **11.** gá, **12.** smali, **14.** stúra, **16.** kk, **17.** inn, **18.** lít, **20.** dd, **21.** óps.
LÓÐRÉTT: 1. vers, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** flá, **7.** eimskip, **10.** mat, **13.** lúi, **15.** anda, **16.** kló, **19.** tu.

VEISTU SVARIÐ

svör við spurningum á síðu 8

1. Í Berlín í Þýskalandi.
2. Hljómsveitin heitir Kári?.
3. Eiður skoraði tvö mörk.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

GRÍMUR ATLASON: ELLEN HITAR UPP FYRIR ERIC CLAPTON

Clapton heimtar konu

„Eftir mánaðar yfirlegu hefur Clapton valið Ellen Kristjánsdóttur til að hita upp fyrir sig," segir Grímur Atlason, bæjarstjóri, bassaleikari og tónleikahaldari með meiru.

Nú styttist í tónleika gítargoðsins Erics Clapton en þeir verða í Egilshöll 8. ágúst. Grímur segir mikilvægt að hafa upphitunaratriði og kvennaljóminn Clapton vildi að það yrði söngkona sem hitaði upp. „Hann gaf engar skýringar. En þetta er sniðugt hjá honum. Skapar skemmtilegan kontrast," segir Grímur sem sendi Clapton nokkur tóndæmi með íslenskum söngkonum. Og Ellen var sú sem féll goðinu best í geð.

Gríðarleg aðsókn varð strax þegar miðasala á tónleikana opnaði í mars. Þegar hafa selst vel yfir tíu þúsund miðar, uppselt er á A-svæði en um þúsund miðar lausir á B-svæðið. Grímur bendir fólki á að mæta tímanlega og segir fáránlegt að ætla sér á tónleika og að íslenskum sið að leggja af stað klukkan níu en þá byrjar Clapton að þenja gítarinn. „Ferlegt að fara þá af stað til þess eins að lenda í umferðarteppu. Fólk á auðvitað að gefa sér tíma í þetta, helst að sleppa bílnum og nota almenningssamgöngur. Njóta tónleikanna. Og þá er ekki ónýtt að hlusta á Ellen sem byrjar klukkan átta," segir Grímur.

Það stefnir í mikla Clapton-tíð. Fjölvi ætlar að gefa út ævisögu gítarhetjunnar og er hún væntanleg innan tíðar. Að sögn Gríms mun Clapton dvelja hér á landi í nokkra daga en hefur svo sem ekkert hugsað sér að vera með skipulagða dagskrá. Clapton sér um sig sjálfur. „Það er alveg búið að Ísland sé eitthvað alveg einstakt og þurfi að leiða gesti um svæðið. Ef menn koma til að halda tónleika í New York er enginn til þess að keyra þig til að sjá Niagara-fossana," segir Grímur. Og nennir varla að svara spurningu um hinn svokallaða „Rider" sem menn vilja rýna sig rauðeyga í þegar poppstjörnur eru annars vegar en þar er oft að finna sérviskulegar kröfur þeirra sem fram koma um aðbúnað og veitingar baksviðs.

„Það er ekkert sérstakt. Náttúrlega ekki drykkjan á honum sem hefur ekki bragðað dropa í áratugi. Og engar kókaínlínur. Ég hef oft verið spurður um eiturlyf í þessu enda rosalegur bransi. Marky Smith setti til dæmis amfetamín og kókaín á góminn, fölsku tennurnar, áður en hann tróð þeim upp í sig. Ég sá það og þetta var ógeðslegt. En, nei, við ætlum bara að slá upp hálfgerðu veitingahúsi þarna uppi í Egilshöll þar sem verður kokkur sem eldar ofan í alla. Kósí stemning," segir Grímur.

jakob@frettabladid.is

ERIC CLAPTON Kvennaljóminn gamli var algjörlega á því að rétt væri að upphitunarnúmerið væri kvenkyns.

ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR Clapton fékk send nokkur tóndæmi með íslenskum söngkonum og af þeim féll honum Ellen best í geð.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Vefmiðlarnir fóru á stúfana í gær þegar spurðist að stórleikarinn ástralski **Mel Gibson** væri staddur hér á landi. **Heiðar Austmann**, útvarpsmaður á FM 957, sagði að sést hefði til kyntáknsins í henni Reykjavík. Vísir tók við boltanum og komst meðal annars að því að Mel hefði sést við Hallgrímskirkju en því miður gat **Jón Dalbú Hróbjartsson** sóknarprestur ekki staðfest það því hann var í fríi í Borgarfirði. Það hljóp svo á snærið hjá Vísismönnum þegar spurðist að Gibson hefði fengið sér þrefaldan latté á Te og kaffi og höfðu það eftir **Sunnu Ingólfsdóttur** sem þar starfar að hann hefði verið gríðarlega vinsamlegur við gesti og gangandi.

Og meira af Mel Gibson. Bloggarinn og pólitíkusinn **Magnús Þór Hafsteinsson** var fljótur að bregðast við á sinni síðu og virðist ekkert hafa á móti því að hann sé hér á landi, jafnvel þótt hann fengi landvistarleyfi, því Mel er einn af uppáhaldsleikurum Magnúsar. Magnús lýsir yfir þeirri einlægu ósk sinni að leikarinn fái frið fyrir fjölmiðlum því ekkert sé eins hallærislegt og „papparassar" sem abbist upp á almennilegt fólk.

Morgunblaðið greindi frá því í gær að **Einar Bárðarson**, sem kallaður hefur verið umboðsmaður Íslands hvorki meira né minna, hefði látið af störfum sem umboðsmaður stórstjörnunnar **Garðars Thors Cortes**. Mega þetta teljast nokkur tíðindi því Einar hefur lagt mikla vinnu í að koma tenórnum á framfæri. Moggginn gengur reyndar einu hænufeti of langt þegar hann segir að Einar sé að draga sig í hlé. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er það ekki svo, enda Einar í fullu fjöri og ýmissa frétta er að vænta af athafnamanninum knáa sem **Pétur Kristjánsson** heitinn kallaði alltaf **Tinna** – vegna toppsins. **- jbg**

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Glænýr villtur lax
Úrval fiskrétta á grillið
Óbreytt fiskverð frá áramótum
opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

Ólafur Ragnar ekki allra

Ætla mætti að engum væri sérstaklega í nöp við forseta Íslands, en annað hefur komið á daginn. Á tenglasíðunni B2 má rekja slóð til forlátra bola sem skarta Ólafi Ragnari Grímssyni og við myndina stendur: Not my president eða Ekki minn forseti. Bolirnir eru seldir á cafepress.com og sverja sig í ætt við fjölda bola sem hafa verið prentaðir með mynd af George W. Bush. Hver sem er getur selt hönnun sína á síðunni. En hver stendur fyrir þessum bolum? Dogma selur bolina ekki og afgreiðslumenn Inmate, sem selja boli sem eru gerðir af föngum, sver þá af sér. „Inmate meiðir ekki og enginn okkar myndi gera svona bol." Þórdís Claessen, hönnuður fyrir Ósóma, hefur ekki einu sinni séð bolina, en gerir ráð fyrir því að þeir sem hafi gert þá vilji fara huldu höfði, fyrst bolirnir séu ekki merktir á síðunni. Hér er því líklega um einhverja hrekkjalóma eða laumupólitíkusa að ræða. Bolirnir kosta 25 dollara, eða rúmar 2000 krónur á núverandi gengi, og fást í mörgum litum, útgáfum og stærðum. **- kbs**

EKKI ALLIR SÁTTIR VIÐ KAUÐA Einhverjum er í nöp við forsetann.

ÓAFUR RAGNAR Prýðir boli líkt og Bush.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gerum hús að heimili

AFSLÁTTUR 40% AFSLÁTTUR

Stóll	Verð	75.000
	Nú	**45.000**
Hliðarborð	Verð	75.000
	Nú	**45.000**
Spegill	Verð	35.000
	Nú	**21.000**

AFSLÁTTUR 40% AFSLÁTTUR

Borð 180x90	Verð	75.000
	Nú	**45.000**
Stóll	Verð	17.500
	Nú	**10.500**
Glerskápur	Verð	145.000
	Nú	**87.000**



AFSLÁTTUR 40% AFSLÁTTUR

Sófi 3ja sæta	Verð	145.000
	Nú	**87.000**
Stóll	Verð	45.000
	Nú	**27.000**
Kommóða	Verð	115.000
	Nú	**69.000**

AFSLÁTTUR 40% AFSLÁTTUR

Borð + 6 stólar	Verð	133.000
	Nú	**79.800**
Skenkur	Verð	89.000
	Nú	**53.400**
Glerskápur	Verð	115.000
	Nú	**69.000**

ÚTSALAN ER HAFIN!

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAGA 10-18 OG SUNNUDAGA 13-18

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FABRIKAN

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

MEST LESIÐ:

- Búið að finna föt nakta mannsins á Esjunni
- Íslendingi hótað með hnífi á Sunny Beach
- Gallabuxur varna ekki nauðgun
- Doktor Green kominn til landsins

BAKÞANKAR
Guðmundar Steingrímssonar

Aðgerð Hrefna

Nú í vikunni urðu nokkrir ferðamenn á hvalaskoðunarbát við Húsavík vitni að þeim fáheyrða viðburði, en þó ekki alveg einstökum, að nokkrir drápshvalir, sem við köllum upp á íslenskuna háhyrninga, veittust að hrefnu einni með skætingi, drápu hana á korteri og átu eins og þeir kynnu enga mannasiði.

VIÐBURÐURINN rataði að sjálfsögðu á baksíður enda um mikið sjónarspil að ræða og ferðamönnum mun víst hafa orðið nokkuð brugðið. Heyrst hefur reyndar úr hvalaskoðunarbransanum að með þessu sé búið að hækka nokkuð væntingar fólks um það hvað kunni að sjást í slíkum ferðum. Nú vonar fólk að sjálfsögðu innst inni að það fái að sjá háhyrninga drepa hrefnu.

EINNIG vekur atburður sem þessi þó nokkrar spurningar um dýravernd. Nú er viðbúið að hvalaverndunarsinnum verði um og ó. Það að menn hætti að drepa dýr tryggir nefnilega ekki að dýr séu þar með ekki drepin. Vitnisburði um það má sjá víða í dýraríkinu. Fálkar drepa mýs, blettatígrar alla skapaða hluti, flóðhestar menn, birnir menn, hýenur gnýi, kettir fugla og nú sem sagt, eins og komið hefur fram, háhyrningar hrefnur. Þetta allt saman hefur kannski gleymst að taka með í reikninginn í dýraverndunarhreyfingunni. Hvað segir Paul Watson? Eru háhyrningar komnir á svartan lista? Er yfirlýsingar að vænta?

KEMUR í ljós. Frásögnin af þessu vakti í öllu falli nokkra athygli. Á baksíðu blaðs var atburðinum lýst þannig að háhyrningarnir hefðu verið mjög „skipulagðir“ og að greinilega hefði verið um „alvana drápshvali“ að ræða. Hér voru semsagt engir aukvisar á ferð. Sumir vilja jafnvel meina að hvalirnir hafi verið með tattú. Orðræðan um skipulagða glæpastarfsemi í mannheimum gegnsýrði þannig frásögnina af hrefnudrápinu. Hér var klíka á ferð. Komin til Íslands til þess að skapa usla, drepa og éta. Maður sér fyrir sér forystuháhyrning, kannski launson Keikó, gefa bendingar með uggum og sporði, þegar klíkan nálgaðist hina óviðbúnu hrefnu: „Þið þrír farið til hægri, þið fjórir til vinstri og þið fimm farið beint áfram,“ hvíslaði Keikóson. „Svo gerum við árás þegar ég segi búúúúú.“

ÞETTA er umhugsunarefni. Ef skipulögð glæpastarfsemi er farin að gera vart við sig í heimi dýranna er álitamál hvort ekki eigi að stofna greiningardeild sem aflar gagna og grípur til fyrirbyggjandi ráðstafana. Ég er nokkuð viss um að einhvers staðar í kerfinu iðar embættismaður í skinninu við tilhugsunina um að fá að setja forsprakkann á skrá.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 26. júlí, 209. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	4.16	13.34	22.49
Akureyri	3.40	13.19	22.54

Heimild: Almanak Háskólans

© Inter IKEA Systems B.V. 2008

ÚTSALA

TIVOLI kaffiaukahlutir
6 stk. 895,- ~~1.290,-~~
ath. glas fylgir ekki

PROMPT kökuform m/smellu
Ø22 cm **650,-** ~~795,-~~

DELIKAT lítill gaffall 6 stk.,
H13 cm **250,-** ~~395,-~~

195,-
CHARMÖR skálar
2 stk. 8x8x2 cm. Hvítt ~~295,-~~

HULDA DANS sængurverasett
150x200/50x60 cm **1.290,-** ~~1.990,-~~

595,-
PYRA wokpanna Ø35 cm ~~795,-~~

RÖRA mortel m/staut
Ø15 H8 cm. Svart **695,-** ~~995,-~~

CHARMÖR bolli m/undirskál
hvítt **295,-** ~~395,-~~

RONDO borðbúnaður 18 stk. svart
Ø27/Ø19/Ø19 cm **2.990,-** ~~3.990,-~~

IKEA STOCKHOLM skál
Ø42 cm **2.290,-** ~~2.990,-~~

LEGITIM skurðarbretti 34x24 cm.
Ýmsir litir **195,-/stk.** ~~250,-~~

1.190,-
HULDA motta 90x150 cm.
Marglitað ~~1.490,-~~

795,-
CEREMONI kertastjaki
H30 cm. Ál ~~1.490,-~~

VICKNING ofn/framreiðslufat
32x22 cm. Hvítt/rautt **495,-** ~~795,-~~

TALL púðaver
50x50 cm **450,-** ~~650,-~~

RAJTAN kryddstaukar
4 stk. 15 cl **195,-** ~~395,-~~

HAVTORN AVENY skrautvasi
H90 cm **1.990,-/stk.** ~~3.990,-~~

IKEA STOCKHOLM skápur
m/glerhurð 75x37x174 cm
29.950,- ~~39.950,-~~

Opið virka daga 10-20 | laugardaga 10-18 | Sunnudaga 12-18 | www.IKEA.is/utsala

IKEA®